FRÉTTABLAÐIÐ
264. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. NÓVEMBER 2015

# Skýrsla kæranda lýsir notkun tóla

**Í skýrslu brotaþola hjá lögreglu í kynferðisbrotamáli kemur fram að annar meintra gerenda hafi bundið hendur hennar með keðju. Þá hafi hún verið slegin með svipu. Tvær kærur hafa verið lagðar fram. Rannsókn málsins er í forgangi hjá lögreglunni.**

**LÖGREGLUMÁL** Í skýrslu annars brotaþola hjá lögreglu í kynferðisbrotamáli frá því í október kemur fram að annar meintra gerenda hafi bundið hendur hennar saman með keðju. Þá hafi hann slegið hana með svipu. Þetta staðfesta heimildir Fréttablaðsins. Lögreglan lagði hald á svipu og keðju við húsleit í íbúð í Hlíðunum.

Tvær kærur hafa verið lagðar fram í tveimur aðskildum kynferðisbrotamálum sem lögreglan hefur til rannsóknar og munu hafa átt sér stað í október.

Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að íbúðin væri búin tækjum og tólum til ofbeldisiðkunar. Tveir karlmenn eru grunaðir um árásirnar. Annar er á fertugsaldri og stundar nám við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík, þar sem fórnarlömb árásanna stunda bæðar nám. Hinn er á einnig á fertugsaldri og starfsmaður á hótelinu Reykjavík Marina. Hann hefur verið sendur í leyfi á meðan á rannsókn stendur.

„Þetta er ekki í samræmi við lýsingar míns manns,“ segir Bjarni Hauksson verjandi annars meints gerenda. Vilhjálmur Vilhjálmsson, verjandi hins, segir skjólstæðing sinn hvorki kannast við að hafa bundið stúlkuna og hvað þá slegið hana með svipu.

Fyrri árásin er sögð hafa átt sér stað eftir bekkjarskemmtun háskólanemanna á skemmtistaðnum Austur, í umræddri íbúð í Hlíðunum. Nokkru síðar mun árásin á hina konuna hafa verið gerð, í sömu íbúð, af báðum mönnunum eftir bekkjarskemmtun á Slippbarnum.

**»Vilhjálmur Vilhjálmsson segir skjólstæðing sinn hvorki kannast við að hafa bundið stúlkuna og hvað þá slegið hana með svipu.**

Umráðamaður íbúðarinnar er maðurinn sem starfaði hjá Reykjavík Marina, sem rekur Slippbarinn. Samkvæmt upplýsingum frá samnemendum kvennanna leikur grunur á að mennirnir hafi í það minnsta í öðru tilvikinu byrlað konunni ólyfjan áður en ráðist var á hana.

Lögreglan staðfestir að húsleit hafi verið gerð en vill ekki segja nákvæmlega hvaða muni var lagt hald á. Mennirnir tveir voru handteknir en þeim var sleppt að lokinni frumrannsókn lögreglu. Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir þeim. Hefur það vakið hörð viðbrögð í samfélaginu og hafa hundruð manna krafist þess að mennirnir verði úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Lögreglan segir rannsókn málsins langt komna og í algjörum forgangi.

Vilhjálmur segir að mennirnir neiti báðir alfarið sök og segir gögn málsins og vitnisburði styðja frásögn þeirra. Þá hefur hann lagt fram kæru á hendur stúlkunum fyrir rangar sakargiftir. – **ngy**



**Horft yfir sjóinn** Það var fallegt að horfa yfir á Keili þegar Gunnar V. Andrésson ljósmyndari Fréttablaðsins var staddur í mildu vetrarveðri á Álftanesi fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gagnrýnir aðdraganda stjórnarkjörs

**VIÐSKIPTI** Ranglega var staðið að málum í aðdraganda stjórnarkjörs í VÍS, sem fram fór í gær, að mati Helgu Hlínar Hákonardóttur héraðsdómslögmanns.

Tveir nýir stjórnarmenn voru kjörnir. Þeir Guðmundur Þórðarson, fyrrverandi hluthafi í Skeljungi, og Norðmaðurinn Jostein Sørvoll. Sá síðarnefndi er fulltrúi Óskabeins. Helga Hlín segir að breyting á umboði stjórnar geti farið fram með tvennum hætti. Hluthafi geti óskað eftir hluthafafundi og þurfi þá að leggja fram tillögu um afturköllun umboðs sitjandi stjórnar – sem síðan þarf að hljóta samþykki meirihluta hluthafa á komandi hluthafafundi.

„Hins vegar getur einn eða fleiri stjórnarmenn skilað umboði sínu þannig að stjórn missir ályktunarhæfi sitt,“ segir Helga Hlín.

Hún segir að fyrra skilyrðið hafi ekki verið til staðar og ekki seinna skilyrðið fyrr en síðastliðinn föstudag, þegar í ljós kom að tveir stjórnarmenn yrðu ekki í kjöri.

„Ályktunarhæfi sitt missti stjórn fyrst, opinberlega í það minnsta, þegar framboð til stjórnar voru birt sl. föstudag, rúmum þremur vikum eftir boðun fundarins.“
– **jhh / sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Gagnrýnir skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ. 13

**SPORT** Alltaf fundist endurnýjun Rússa í frjálsum grunsamleg. 16

**MENNING** Arnaldur fær fjórar stjörnur fyrir Þýska húsið. 22

**LÍFIÐ** Kött Grá Pje safnaði nöglum í heilan mánuð. 30

**MARKAÐURINN**
**Náttúran njóti vafans** Bráðnauðsynlegt er að líta á náttúruna sem auðlind, segir Björgólfur Jóhannsson.



**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● **FÓLK** ● **MARKAÐURINN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




BÖKUM OG BYGGJUM
Taktu þátt í PIPAR • KÖKU • HÚSA • LEIK
Glæsilegir vinningar



Skiladagur er **3. des.** á milli kl. 17.00 og 20.00 í Smáralind.
Allt um piparkökuleikinn á **katla.is**

66° NORÐUR · HAGKAUP Skemmtilegast að versla · Lit&List SMÁRALIND · DEBENHAMS SMÁRALIND

## Veður




**Suðlæg átt** 5-13 m/s og áframhaldandi skúrir sunnan og vestan til, jafnvel slydduél, en hægari vindur og nokkuð bjart norðaustanlands. Hiti um eða undir frostmarki fyrir norðan, en upp í 5 stig sunnan heiða. SJÁ SÍÐU 20

# Greindarskertur fangi áfram í einangrun

**LÖGREGLUMÁL** Greindarskertur hollenskur maður var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald og einangrun í Héraðsdómi Reykjaness í þrjár vikur til viðbótar í gær. Maðurinn hefur verið í einangrun á Litla-Hrauni síðan 29. september.

Hann ásamt tveimur Íslendingum og öðrum Hollendingi er í einangrun í tengslum við rannsókn á smygli á 23 kílóum af sterkum fíkniefnum til landsins með Norrænu. Allir voru þeir úrskurðaðir í þriggja vikna áframhaldandi gæsluvarðhald.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að fjölskylda mannsins hafi haft miklar áhyggjur af honum í um mánuð og hafi ekki fengið neinar upplýsingar um ferðir hans.

Gæsluvarðhaldsúrskurðirnir voru fengnir á grundvelli rannsóknarhagsmuna svo sakborningar geti ekki haft áhrif á framgang rannsóknar lögreglunnar að sögn Aldísar Hilmarsdóttur aðstoðaryfirlögregluþjóns.

Verjendur sakborninganna hafa allir kært þennan úrskurð Héraðsdóms Reykjaness til Hæstaréttar sem mun kveða upp sinn úrskurð á fimmtudag. **– ngy**

# Mæli ekki mengun sjálf

**UMHVERFISMÁL** Hreppsnefnd Kjósarhrepps hefur lýst stuðningi við bókun sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem vill herða verulega mengunarvarnakröfur og eftirlit með álverinu á Grundartanga. Þar á að auka framleiðslugetu verksmiðjunnar um 50 þúsund tonn. „Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar gerir einnig fjölmargar athugasemdir við tillögu Umhverfisstofnunar að nýju starfsleyfi, og vill ekki að Norðurál beri sjálft ábyrgð á mengunarmælingum,“ vitna Kjósverjar til bókunar nágranna sinna handan Hvalfjarðar. **– gar**




# Hávaðamengun sagt stríð á hendur




Umferðin um Hafnarfjarðarveg getur skapað mikinn hávaða og ónæði fyrir þá sem þar eru dagsdaglega. Í aðgerðaáætlun Garðabæjar gegn hljóðmengun var gert ráð fyrir að hljóðmönum yrði komið upp. Það er nú orðið að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segja víst svikist um

**KJARAMÁL** Alþýðusamband Íslands (ASÍ) segir mikilvægt að Ríkisskattstjóri (RSK) taki alvarlega ábendingar þeirra sem næst standa vinnumarkaði um möguleg skattabrot með útvistun verkefna til erlendra fyrirtækja sem hér veiti tímabundið þjónustu.

Í greinargerð á vef ASÍ segist sambandið ósammála því sem haft hafi verið eftir sviðsstjóra fyrirtækjaskrár RSK í fréttum RÚV um að ekkert bendi til slíkra undanskota.

„Á síðustu vikum og mánuðum hefur Alþýðusambandinu og aðildarsamtökum þess borist upplýsingar um vaxandi fjölda erlendra fyrirtækja sem eru með tímabundna starfsemi hér á landi einkum í tengslum við mannvirkjagerð.“ Oft sé um að ræða undirverktaka hjá íslenskum aðilum. **– óká**

# Fylgist með uppgangi öfgahópa á Íslandi

**Eyrún Eyþórsdóttir mun aðstoða við að bera kennsl á hatursglæpi og kortleggja áhættuhópa hér á landi. Hún segir nauðsynlegt að taka glæpina föstum tökum.**

**SAKAMÁL** „Ég mun þróa þessa nýju stöðu og vera tengiliður til þeirra hópa í samfélaginu sem hatursglæpir beinast gegn,“ segir Eyrún Eyþórsdóttir sem tekur við nýrri stöðu innan lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eftir áramót og rannsakar hatursglæpi.

„Þróunin í Evrópu er skýr, þar hafa þessir glæpir verið teknir föstum tökum og við fylgjum þeirri þróun hér á landi. Við tökum mið af nágrannalöndum okkar,“ segir Eyrún og nefnir sérstaklega starf lögreglunnar í Ósló sem hún hefur kynnt sér vel auk þess sem lögreglan í Stokkhólmi sé vel að sér í málaflokknum.

„Bara á þessu ári hafa yfir hundrað hatursglæpir verið skráðir í Ósló. Það er engin ástæða til að halda að ástandið sé öðruvísi hér.

Það er búið að vera töluvert um ummæli gagnvart samkynhneigðum hér á landi í tengslum við Gay Pride í fyrra og hinsegin fræðslu í Hafnarfirði og þá er þekkt dæmið þegar moskulóðin var smánuð. Það þarf að rannsaka þess konar athæfi með tilliti til hvort um hatursglæp er að ræða.

Eyrún segir fólk eiga almennt að gera sér grein fyrir því þegar það brýtur lög og sumir telji tjáningarfrelsi algilt. „Málið er bara það að það er hægt að takmarka tjáningarfrelsið, það er til dæmis rökstuðningur ríkissaksóknara þegar hann ákveður að fella úr gildi ákvörðun lögreglustjóra um að rannsaka ekki ummæli sem Samtökin '78 telja hatursummæli. Fólk þarf betur



Eyrún segir hatursglæpi í miklum mæli hafa beinst gegnt samkynhneigðum og transfólki í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

að gera sér grein fyrir að það má ekki segja allt og gera allt gagnvart fólki.“

Hluti af starfinu verður einnig að fylgjast með uppgangi öfgahópa. „Það hafa sprottið upp hópar sem hafa talað sterkt gegn múslimum og öðrum hópum. Það þarf ef til vill að skoða nánar hvort þarna sé eitthvað sem varðar við lög.“

Þeir sem fremja hatursglæpi segir Eyrún vera fólk sem fær útrás fyrir ofbeldishneigð sína með þessum hætti. „Almennt er talað um að gerendur í hatursbrotum sé fólk sem er fullt af hatri og telur fólk, sem er að einhverju leyti ólíkt því sjálfu, ógna sér.“

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

> **Bara á þessu ári hafa yfir hundrað hatursglæpir verið skráðir. Það er engin ástæða til að halda að ástandið sé öðruvísi hér.**
>
> Eyrún Eyþórsdóttir lögreglufulltrúi



50 FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# SUMIR MÆLA HAMINGJUNA Í EKNUM KÍLÓMETRUM*

***Flestir njóta samt betur ómældrar gleði undir stýri.**



## NÝR AURIS HYBRID TOURING SPORTS

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Auris Touring Sports er með ríkulegum staðalútbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Láttu hjartað ráða för.**

**Verð frá 3.590.000 kr.****

Fáðu að vita meira á Toyota.is/auris

TOYOTA HYBRID

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM*****

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur**
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í nóvember****

**Verð fyrir Auris Touring Sports Live með 1.33 bensínvél eða 1.4 dísilvél.
***Gildir ekki með öðrum tilboðum.
****Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Telja formann bæjarráðs tefla fram villandi tölum

**HAFNARFJÖRÐUR** Forsvarsmenn minnihluta bæjarstjórnar í Hafnarfirði telja Rósu Guðbjartsdóttur, formann bæjarráðs, hafa farið með rangt mál þegar hún fullyrðir að tæpar 45 milljónir króna sparist með því að loka leikskólanum Brekkuhvammi í Hafnarfirði. Rósa stendur hins vegar við fyrri fullyrðingar sínar en telur aðdróttanir í sinn garð alvarlegar.

Minnihluti bæjarstjórnar sendi frá sér tilkynningu þar sem útreikningarnir eru dregnir í efa. Í stað 45 milljóna króna sparnaðar sé hann ekki nema um fimm til sex milljónir. „Inni í þeirri fjárhæð sem formaður bæjarráðs nefndi í umræddu viðtali er launakostnaður sem ekki er áætlað að sparist þó svo að umræddri starfsstöð verði lokað. Sá kostnaður nemur um 70 prósentum af þeirri fjárhæð sem fullyrt var í umræddu viðtali að kæmi til lækkunar útgjalda bæjarsjóðs,“ segir í fréttatilkynningunni.

Rósa stendur við fullyrðingar sínar. „Ég stend fullkomlega við yfirlýsingar mínar og orð um heildaráhrif þess að starfsstöð leikskólans Brekkuhvamms verði lögð niður og komið hafa fram, til dæmis í fréttum Stöðvar 2,“ segir Rósa og bendir á að tölurnar séu fengnar frá rekstrarstjóra á fjármálasviði Hafnarfjarðarbæjar. „Því get ég ekki svarað svo alvarlegum ásökunum og dylgjum fulltrúa minnihlutans, sem sendar hafa verið á fjölmiðla í dag, með öðrum hætti.“

Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingar, segir þessa framsetningu formanns bæjarráðs villandi. „Hefur hún látið hafa eftir sér að ef ekki verði af þessari lokun þurfi að hækka leikskólagjöld um 11 prósent. Maður getur leyft sér að túlka það sem svo að hún sé þarna að stilla foreldrum upp við vegg. – **sa**

**Sparnaður á heilu ári:**

| | |
|---|---|
| Laun á deild | 29,8 |
| Launakostnaður | 4,8 |
| Húsaleiga | 6,4 |
| Rafmagn og hiti | 0,4 |
| Ræsting | 1,6 |
| **Samtals** | **43 milljónir** |



**Rósa Guðbjartsdóttir**
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Yfirheyra vinnuveitendur um árekstra

**Fjögur stærstu tryggingafélög landsins láta þriðja aðila, Aðstoð og öryggi, rannsaka fyrir sig árekstra og mögulegt tryggingasvindl. Vafaatriði ríkir um lagaheimild fyrir rannsókninni. Lögfræðingur segir málin lögreglumál og ekki eiga heima hjá einkaaðila.**

**NEYTENDUR** Fyrirtækið Aðstoð og öryggi telur sig hafa ríkar rannsóknarheimildir þegar kemur að því að upplýsa um varanlegt líkamstjón eftir umferðaróhöpp. Dæmi eru um að fyrirtækið sæki upplýsingar um fjarvistir fólks til vinnuveitenda.

Fréttablaðið greindi frá því á mánudag að fjögur stærstu tryggingafélög landsins, Sjóvá, TM, VÍS og Vörður, noti öll svokallaðar PC crash-skýrslur frá fyrirtækinu Aðstoð og öryggi til að rökstyðja höfnun um bætur. Sönnunargildi skýrslnanna hefur ítrekað verið hafnað fyrir dómi vegna þess að þeirra er aflað einhliða.

Fréttablaðið hefur undir höndum nokkrar rannsóknarskýrslur fyrirtækisins. Samkvæmt einni skýrslunni óskaði tryggingafélag eftir því að fyrirtækið tæki áreksturinn til rannsóknar þar sem ábending hefði borist um hugsanleg tryggingasvik. Þá segir: „Kannað var hjá núverandi og fyrrverandi vinnuveitendum aðila máls um vinnutilhögun s.s. eðli starfs og síðan fjarvistir fyrir og eftir umferðaróhappið.“

Í skýrslunni kemur fram að ökumaður bifreiðarinnar hafi framvísað læknisvottorði hjá vinnuveitanda og farið fram á að vinna áfram en svart. Með framburði vinnuveitandans fylgir upptaka, bæði hljóð og mynd, þar sem tjónþoli á að hafa óskað eftir þessu. Í skýrslunni kemur fram að það sé erfitt að greina þetta þar sem málskilningi starfsmannsins sé ábótavant.

Jafnframt liggja fyrir upplýsingar frá vinnuveitendum þriggja farþega bifreiðarinnar. Upplýsingarnar segja til um hversu marga daga viðkomandi voru frá vinnu í kjölfar slyssins. Fjórði farþeginn er samkvæmt skýrslunni nemi og lögmaður viðkomandi neitaði að mæta til skýrslutöku og upplýsa um málsatvik.

Framkvæmdastjóri Aðstoðar og öryggis og höfundur skýrslunnar sem hér er vísað til, Ómar Þorgils Pálmason, segir að þetta sé eina skýrsla fyrirtækisins þar sem upplýsingar frá vinnuveitendum séu tilgreindar. Upplýsingarnar hafi komið að frumkvæði vinnuveitanda til tryggingafélagsins sem svo hafi óskað aðstoðar Aðstoðar og öryggis.

Niðurlag skýrslunnar er: „Er það niðurstaða rannsóknarinnar að viðbrögð og eftirköst farþega og ökumanns eftir óhappið séu verulega ýkt og ekkert sem bendir til þess að líkamlegur skaði sé með þeim hætti sem meintir brotaþolar lýsa, miðað við það sem fram kemur síðan hjá vinnuveitendum og meintum brotaþolum sjálfum m.t.t. vinnu.“

„Þeir [tryggingafélögin] óska eftir þessu og ég er ekki að gera neitt meira. Ég get ekki svarað fyrir það hvernig þeir eru að nota þetta í höfnun eða slíku,“ segir Ómar. Hann vísar til 120. gr. laga um vátryggingasamninga og segir það ákvæði heimild fyrirtækisins til rannsóknar. Ákvæðið segir að sá sem hafi uppi kröfu skuli veita upplýsingar og afhenda gögn sem félagið þarf til að geta metið ábyrgð sína. Bannað sé að veita rangar upplýsingar.

„Við pössum okkur á því að við erum ekki að mynda inn um glugga hjá fólki. Ég get nefnt þér dæmi um svona kannski svikamál. Það var maður sem var búinn að vera á atvinnutryggingabótum í 10 ár og ári eftir að hann tekur trygginguna verður hann fyrir í slysi, innan gæsalappa,“ hann segir að lögfræðingur hafi farið fram á auknar bætur fyrir manninn vegna þess að hann væri orðinn rúmliggjandi. „Ég náði bara í fleiri gögn sem sýndu það gagnstæða. Ef þú tekur myndir af fólki úti þá máttu það. Það er ekkert að því,“ segir Ómar.



**Lögregla og Neyðarlínan vísa nú til fyrirtækisins Aðstoðar og öryggis, eða árekstur.is, þegar minniháttar árekstrar verða.**
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Ef vátryggingafélag grunar að tjónþoli viðhafi ólögmæta og refsiverða háttsemi þá ber viðkomandi félagi skylda til að leita til lögreglunnar.**
> Sveinbjörn Claessen lögmaður



Sveinbjörn Claessen, lögmaður hjá Landslögum, segir að lögin um vátryggingasamninga heimili ekki svona ríkar rannsóknarheimildir til handa þriðja aðila. „Ef vátryggingafélag grunar að tjónþoli viðhafi ólögmæta og refsiverða háttsemi þá ber viðkomandi félagi skylda til að leita til lögreglunnar og tilkynna henni um ætlaðan refsiverðan verknað í stað þess að úthýsa málinu til einkarekins félags sem ekki hefur lagalega heimild til að rannsaka slíkt mál. Samkvæmt lögum um meðferð sakamála er það hlutverk lögreglunnar að rannsaka mál af þessu tagi og eru henni veittar ýmsar rannsóknarheimildir til að stunda slíkar rannsóknir. Aðrir hafa ekki slíkar heimildir.“

**snaeros@frettabladid.is**




# Sveitarfélög vilja meiri peninga frá ríki

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Landshlutasamtök sveitarfélaga á landinu öllu skora á ráðherra og alþingismenn að tryggja við fjárlagagerð næsta árs aukin framlög til málaflokka sem mikilvægir séu fyrir byggðaþróun til framtíðar. Undir er þjónusta við fatlað fólk, samningar um sóknaráætlun, samgöngumál, almenningssamgöngur og ljósleiðaravæðing.

Áréttað er á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga að landshlutasamtökin séu sem fyrr „reiðubúin til að leggjast á árar með sínum kjörnu fulltrúum og ríkisvaldinu“ við að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. „Það verður þó ekki gert nema vilji til þess sjáist í fjárlagafrumvarpinu gagnvart þessum lykilmálum.“

Í greinargerð með áskorun landshlutasamtakanna er meðal annars vísað til þess að rekstrarhalli sveitarfélaga á þeim þáttum í þjónustu við fatlað fólk sem fluttir hafi verið frá ríki til sveitarfélaga nemi ríflega 1,7 milljörðum króna á árunum 2011 til 2014. Samkvæmt sumum sveitarfélögum kunni hallinn jafnvel að vera enn meiri.

„Landshlutasamtökin skora á alþingismenn og ráðherra að tryggja fjármagn til að greiða uppsafnaðan halla málflokksins og tryggja síðan fjármögnun hans frá og með árinu 2016, þannig að sveitarfélögin geti veitt þjónustu í takti við lög og reglugerðir um málaflokkinn,“ segir í greinargerðinni. – **óká**




**Þjónusta við fatlaða er meðal þess sem sveitarfélög kalla eftir stuðningi ríkisins við.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




| | | | |
|---|---|---|---|
| Nýr Up! frá: **1.790.000 kr.** Verð á mánuði frá: **22.750 kr.*** | Nýr Polo frá: **2.390.000 kr.** Verð á mánuði frá: **30.290 kr.*** | Nýr Golf frá: **3.090.000 kr.** Verð á mánuði frá: **38.837 kr.*** | Nýr Passat frá: **3.990.000 kr.** Verð á mánuði frá: **50.567 kr.*** |

# VWeldu þann sem hentar þér.




Nú er góður tími til að skipta yfir í nýjan **Volkswagen Up!**, **Polo**, **Golf** eða **Passat** því honum fylgir **Samsung sjónvarp** sem erfitt er að taka augun af. Komdu í kaffi til okkar og við hjálpum þér að finna út hvaða Volkswagen hentar þér best. Hlökkum til að sjá þig!

**Das Auto.**

*Mv. 25% innborgun og 75% lán í allt að 84 mánuði (nánari upplýsingar hjá sölumönnum). **Gildir til áramóta eða á meðan birgðir endast.

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## Ferðamönnum fjölgaði um helming

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um 99 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í október síðastliðnum samkvæmt talningum Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Það er 32 þúsund fleiri en í október á síðasta ári. Fjölgunin nemur 48,5 prósentum milli ára og hefur hún ekki mælst svo mikil milli ára í október frá því Ferðamálastofa hóf talningar. Fjöldinn frá áramótum er nú kominn vel yfir eina milljón.

Fjölgun hefur verið alla mánuði ársins á milli ára, þó aldrei jafn mikil og nú í október. Um 75 prósent ferðamanna í október síðastliðnum voru af tíu þjóðernum. Bretar voru fjölmennastir eða 24,4 prósent af heildarfjölda og næstfjölmennastir voru Bandaríkjamenn. **– jhh**

## Segja varasalva varasaman

**NEYTENDUR** Rúmur fjórðungur af 89 tegundum varasalva sem dönsku neytendasamtökin Tænk létu rannsaka reyndist innihalda hormónaraskandi efni, að því er fram kemur á vef Neytendasamtakanna. „Slík efni geta haft slæm áhrif á líkamann," segir þar.

Neytendasamtökin mæla með því að fólk noti varasalva sem merktur er með Svansmerkinu, en það þýði að hann sé laus við hættuleg og hormónaraskandi efni. „En þó geta slíkar vörur innihaldið ilmefni sem gætu valdið ofnæmisviðbrögðum. Það er því alltaf gott að hafa varann á." **– óká**

## Kaþólskir koma saman



Frans páfi heimsótti Prato og Flórens í gær þar sem fram fara hátíðarhöld í tengslum við landsráðstefnu kaþólsku kirkjunnar. Eins og sjá má kunni páfinn vel við að fulltrúar yngstu kynslóðarinnar tóku þátt í dagskránni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Eitt af þremur félögum hefur samþykkt

**Sjúkraliðafélagið, sem er eitt þriggja stærstu félaganna innan BSRB, hefur samþykkt nýjan kjarasamning við ríkið. Verkfall sjúkraliða og SFR stóð yfir í hálfan mánuð. Kosningu hjá SFR og LL lýkur í næstu viku. Starfsmenn sveitarfélaganna eru enn með lausa samninga.**

**KJARAMÁL** Sjúkraliðar hafa samþykkt kjarasamning ríkisins sem skrifað var undir í lok síðasta mánaðar við þrjú stærstu aðildarfélög BSRB, Sjúkraliðafélag Íslands (SLFÍ), Landssamband lögreglumanna (LL) og SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu. Þegar skrifað var undir samninginn höfðu verkfallsaðgerðir SFR og SLFÍ staðið frá miðjum október.

Í atkvæðagreiðslunni, sem lauk í gær eftir að hafa staðið frá 5. nóvember, samþykktu 96,3 prósent sjúkraliða samninginn. Nei sögðu 3,3 prósent. Þátttaka var 59,9 prósent, en 666 af 1.111 á kjörskrá greiddu atkvæði.

Atkvæðagreiðsla um samninginn stendur yfir hjá bæði SFR og LL. Niðurstöðu er að vænta hjá SFR næstkomandi mánudag og á miðvikudag hjá lögreglumönnum.

Í samantekt á vef BSRB í gær kemur fram að enn eigi fjölmörg aðildarfélög bandalagsins eftir að klára nýja kjarasamninga. „Bæjarstarfsmannafélögin innan BSRB hafa undanfarnar vikur setið á fundum með samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga en ekki hefur verið lokið við gerð samninga. Þá hafa samninganefndir Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar átt reglulega fundi undanfarið með fulltrúum borgarinnar," segir þar og tekið fram að áfram verði fundað í þessari viku.

„Stærstur hluti félagsmanna umræddra félaga fær laun sín frá sveitarfélögunum þannig að bæjarstarfsmennirnir eru stærsti hópurinn innan BSRB sem enn er með lausa samninga."

> **Bæjarstarfsmannafélögin innan BSRB hafa undanfarnar vikur setið á fundum með samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga en ekki hefur verið lokið við gerð samninga.** Úr samantekt á vef BSRB

Þá hafa nokkur félög lokið og samþykkt nýja kjarasamninga, svo sem Starfsmannafélag Ríkisútvarpsins, Póstmannafélag Íslands og Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum fyrir starfsmenn hjá Orkubúi Vestfjarða. Þá kemur fram að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafi skrifað undir samning við Orkuveituna. „Kjarasamningurinn verður kynntur á næstu dögum og greidd um hann atkvæði."

Þá eiga að liggja fyrir eftir rúma viku niðurstöður atkvæðagreiðslu um kjarasamning Félags starfsmanna Stjórnarráðsins, en frá honum var gengið síðasta föstudag. Í næstu viku á líka að liggja fyrir niðurstaða kjarasamnings samninganefndar samflots bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB við ríkið vegna starfsmanna hjá heilbrigðisstofnunum. **olikr@frettabladid.is**



**Leiðtogar stéttarfélaganna á tröppum stjórnarráðsins í október.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggðu upp þinn sjóð með reglubundnum sparnaði

Verðbréfa- og fjárfestingasjóðir í áskrift er góð leið til að byggja upp eignasafn.

Lágmarksupphæð aðeins 5.000 kr. á mánuði.

100% afsláttur af upphafsgjaldi í áskrift í sjóðum.

Enginn fjármagnstekjuskattur greiddur fyrr en við innlausn.*

*Skattameðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíð.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# Sláandi fjöldi vinnuslysa

**Ein birtingarmynd manneklu hjá lögreglu virðist mikill fjöldi skráðra vinnuslysa. Á 4 árum voru 398 vinnuslys tilkynnt. Lögreglan undirmönnuð um 240 manns.**

**LÖGGÆSLA** Vinnueftirlit ríkisins hefur á skrá rétt tæplega 400 vinnuslys hjá lögreglumönnum á fjögurra ára tímabili, 2011 til 2014. Flest bendir til að opinberar tölur um vinnuslys lögreglunnar séu allt of lágar en tugir mála eru hjá lögmönnum til úrlausnar er varða lögreglumenn sem hafa slasast við störf.

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað ítarlega um starfsaðstæður lögreglunnar, en Vinnueftirlitið lét þess getið í síðustu ársskýrslu sinni að strax við hrun og árin á eftir hafi því verið beint til stjórnvalda að huga að vinnuvernd – enda þegar allt er skoðað ættu stjórnvöld að ganga á undan með góðu fordæmi. Það sé hins vegar fjarri því að vera raunin og var sérstaklega tekið til þess að stærsti hópurinn sem um ræðir sé lögreglan. Vandi lögreglunnar er varðar vinnuvernd sé mikill og viðvarandi undirmönnun rót þess vanda.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri hefur staðfest við Fréttablaðið að lögreglumenn við störf á Íslandi þurfi að vera 860 að lágmarki – á sama tíma er lögregluliðið 640 manns og hefur þeim farið sífellt fækkandi á undanförnum árum en þeir voru 712 árið 2007.

Samkvæmt slysatölfræði Vinnueftirlitsins voru tilkynnt 554 slys á lögreglumönnum á níu ára tímabili – árin 2006 til ársloka 2014. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirlitinu var skráningu þessara slysa þó ábótavant til ársins 2010 þegar skráning batnaði verulega. Frá 2011 til 2014 voru 398 slys tilkynnt – tæplega 100 árlega hjá hópi manna sem voru 610 til 647 við störf á tímabilinu.

> **Þetta er alvörumál að stór hópur lögreglumanna slasast á hverju ári.**
>
> Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins



Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna (LL), telur það mat lögmanna félagsins að vinnuverndarmálum sé ekki gefinn nægilegur gaumur. Þá sé skráningum vinnuslysa lögreglumanna, sem er á ábyrgð stjórnenda stofnana, mjög ábótavant þó einstök embætti hafi sitt á hreinu.

Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins, sem hélt á penna í hvassri gagnrýni á Stjórnarráðið, og ekki síst innanríkisráðherra, í nýjustu ársskýrslu stofnunarinnar segir málið alvarlegt. „Þetta er alvörumál að stór hópur lögreglumanna slasast á hverju ári. Þetta kallar á betri mönnun og þjálfun til að tryggja öryggi og heilsu lögreglumanna og þar með betri löggæslu fyrir okkur borgarana,“ segir Kristinn.

Fréttablaðið hefur fengið það staðfest, þar á meðal frá embætti ríkislögreglustjóra, að engin miðlæg skráning er á landsvísu um þau slys sem lögreglumenn verða fyrir í vinnu sinni.

Snorri segir að eðli málsins samkvæmt séu vinnuslys stéttarinnar oft öðruvísi en gengur og gerist með önnur vinnuslys. „Það eru vinnuslys hjá lögreglumönnum ef þeir lenda í árekstri sem veldur meiðslum, lenda í átökum við misindismenn eða kasta sér á eftir fólki sem hefur fleygt sér í sjóinn.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa lögmenn LL til meðferðar um sextíu mál er varða bætur til handa lögreglumönnum sem hafa slasast með einum eða öðrum hætti – en þrettán öðrum málum var þó lokað á þessu ári.

Strax árið 2010 kom fram í skýrslu ríkislögreglustjóra um ofbeldi gegn lögreglunni það mat embættisins að lögreglan sé komin að þolmörkum hvað varðar starfsmannafjölda. Frekari fækkun lögreglumanna sé líkleg til að draga úr öryggi lögreglumanna þar sem lögreglustjórar munu þurfa að fækka á vöktum og láta lögreglumenn starfa eina fremur en með félaga. Hvetur ríkislögreglustjóri til þess að lögreglustjórar leggi faglegt mat á öryggi lögreglumanna og geri viðeigandi ráðstafanir, og sjái þeir að öryggi lögreglumanna sé stefnt í hættu vegna manneklu eða skorts á búnaði bregðist þeir við og upplýsi ríkislögreglustjóra um stöðu mála. **svavar@frettabladid.is**

## Lögreglan stórlega undirmönnuð




SIMPLY CLEVER
ŠKODA




**Þér á eftir að líka vel við ŠKODA Fabia.** Glæsileg hönnunin nær niður í minnstu smáatriði og gerir aksturinn skemmtilegri hvert sem þú ferð. Það er engin tilviljun að ŠKODA Fabia skyldi vera valinn bíll ársins af WhatCar? og hljóta Red Dot hönnunarverðlaunin 2015. Komdu og prófaðu nýjan ŠKODA Fabia. Hlökkum til að sjá þig.

WHATCAR? Car of the Year 2015

reddot award 2015
best of the best car design

Verð frá aðeins
**2.290.000** kr.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

www.skoda.is




# Lægsta verðið á Íslandi

## > Ford Ka frá 1.695.000 kr.

Kynntu þér þennan ferska, flinka, flotta og ferlega skynsama smábíl. Þú færð ekki nýjan bíl á lægra verði. Veldu sparneytinn borgarbíl og lækkaðu rekstrarkostnaðinn. Ford Ka er líka þekktur fyrir afburða aksturseiginleika, gott notagildi og litríkan persónuleika.

**Upplifðu frábæra aksturseiginleika Ford - komdu og prófaðu**



**20** *ára afmæli* **Ford** *hjá Brimborg*

Í tilefni 20 ára afmælis Ford hjá Brimborg fylgja ný **Nokian vetrardekk að verðmæti 97.000 kr.** öllum nýjum Ford Ka í nóvember. Þú færð bílinn á vetrardekkjum og sumardekkin í skottið. Nýttu tækifærið.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Ka Trend Plus 3 dyra 1,2i bensín, 69 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. Losun koltvísýrings $CO_2$ 115 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.


Héraðsdómur Reykjaness

# Talinn hafa smyglað 2 kílóum af kóki til Íslands

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur brasilískur ríkisborgari hefur verið ákærður af ríkissaksóknara fyrir að hafa staðið að innflutningi á tæplega tveimur kílóum af kókaíni ætluðu til sölu hér á landi. Maðurinn var handtekinn við komu til landsins frá Amsterdam í ágúst, þá með kókaínið falið í farangri sínum.

Að því er segir í ákæru gegn manninum er unnt að framleiða um 3,4 kíló af efni úr þeim 1,8 kílóum af kókaíni sem fundust í farangri mannsins, miðað við 29 prósenta styrkleika. Líkt og Fréttablaðið greindi frá fyrir stuttu, kostar gramm af kókaíni nú um átján þúsund krónur hér á landi sem gerir „götuverð“ efnisins sem maðurinn var með um 61 og hálfa milljón króna.

Mál verður höfðað gegn manninum fyrir Héraðsdómi Reykjaness. – bá

**3,4**
kíló af kókaíni hefði mátt vinna úr því efni sem maðurinn var með.


Slit sjóða í rekstri Stefnis

Stefni – Skuldabréfum stuttum og Stefni - Ríkisverðbréfasjóði stuttum hefur verið slitið. Miðast slit þeirra við 10. nóvember 2015.

Við slitin fengu hlutdeildarskírteinishafar lokagreiðslu úr sjóðunum sem tekur mið af eignarhlut þeirra.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Stefnis hf. – www.stefnir.is

11. nóvember 2015
Stefnir hf.

STEFNIR



David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, kynnir samningskröfur sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vill ekki aðild Breta að bandaríkjum Evrópu

**David Cameron kynnti í gær kröfur sínar um breytingar á Evrópusambandinu. Hann segir samninga við ESB ekki óviðráðanlegt verkefni, en Bretar eigi svo að taka afstöðu til útkomunnar. Fari Bretar úr ESB verði þeir ekki áfram í EES.**

**BRETLAND** „Ég er að biðja leiðtoga Evrópusambandsríkjanna um skýrt, lagalega bindandi og óafturkræft samkomulag um að létta þeirri skyldu af Bretlandi að þurfa að vinna að æ nánara bandalagi,“ sagði David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, í ræðu sinni í gær.

„Það mun þýða að aldrei verði hægt að flækja Bretland inn í pólitískt bandalag gegn vilja okkar, né draga okkur inn í einhvers konar bandaríki Evrópu.“

Cameron kynnti í ræðunni kröfur sínar um breytingar á Evrópusambandinu og ætlar að bera væntanlegan samning um slíkar breytingar undir bresku þjóðina í kosningum árið 2017.

Hann sendi einnig í gær bréf til Donalds Tusk, forseta leiðtogaráðs Evrópusambandsins, þar sem hann útlistaði þessar sömu kröfur sínar um breytingar á Evrópusambandinu.

Í kosningabaráttunni síðastliðið vor boðaði Cameron þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, en að fyrst myndi hann reyna að ná fram samningi um breytingar sem Bretar gætu sætt sig við.

Hann sagðist vonast til þess að Bretar gætu samþykkt að vera áfram í ESB að þessum breyttu forsendum.

Í ræðu sinni í sagði hann að þeir, sem krefjast útgöngu Bretlands, ættu að hugsa sinn gang vandlega því þessi þjóðaratkvæðagreiðsla verði einungis haldin einu sinni: „Ef við kjósum að fara, þá förum við. Það verður hvorki samið upp á nýtt né haldin önnur þjóðaratkvæðagreiðsla.“

Þá sagði Cameron ljóst, að segi Bretar sig úr ESB muni þeir ekki óska eftir því að vera áfram á innri markaði þess, Evrópska efnahagssvæðinu.

Hann tók Noreg sem dæmi um ríki, sem rétt eins og Ísland stendur utan Evrópusambandsins en er þó með aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, innri markaðnum sem sagt.

Hann segir Noreg engu ráða um þær reglur, sem settar eru um Evrópska efnahagssvæðið, heldur verði einfaldlega að taka við þeim og fara eftir þeim: „Þetta eru tíu þúsund reglur og reglugerðir á síðustu 20 árum, eða fimm fyrir hvern dag sem norska þingið hefur komið saman,“ sagði Cameron í ræðu sinni. „Þannig að gráglettnin er sú, að ef við færum að dæmi Noregs myndu pólitísk afskipti Evrópusambandsins af landinu okkar aukast, en ekki minnka.“

gudsteinn@frettabladid.is

## 4 markmið Camerons

1 Verja hinn sameiginlega innri markað Evrópusambandsríkjanna, þ.e. koma í veg fyrir að evruríkin verði sérstakt markaðssvæði sem ríki utan evrusvæðisins hafi aðeins takmarkaðan aðgang að.

2 Leggja mikla áherslu á samkeppnishæfni í öllum ríkjum Evrópusambandsins, sem ekki síst á að felast í því að draga úr íþyngjandi reglum á fyrirtæki.

3 Bretland verði undanþegið ákvæði stofnsáttmála ESB um „æ nánara bandalag“ aðildarríkjanna. Þess í stað eigi að efla áhrif þjóðþinga ESB-ríkjanna.

4 Bresk stjórn hafi fulla stjórn á straumi innflytjenda til landsins, meðal annars með því að takmarka frelsi íbúa fátækari aðildarríkja ESB til að flytja til Bretlands. Einnig þurfi að takmarka réttindi aðfluttra ríkisborgara annarra ESB-ríkja til atvinnutengdra bóta og skattafrádráttar.



Nýjar íbúðir í Reykjavík

Sýning og málstofur um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Dagana 13. og 14. nóvember breytum við Ráðhúsinu í suðupott upplýsingamiðlunar og umræðu um húsnæðismál.

**Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík.**
Þúsundir íbúða eru á teikniborðinu. Hvar munu þær rísa?

**Breyttar áherslur í húsnæðismálum.**
Er verið að byggja í takt við breyttar áherslur almennings?

**Áskoranir og lausnir.**
Hvernig kemst ungt fólk í sitt fyrsta húsnæði?
Hvort er betra að eiga eða leigja?

Sýning og málstofur eru öllum opnar.

reykjavik.is/uppbygging

# VINSÆLASTA SMÁKAKAN?

Hvern hefði grunað að Nóa lakkrís og Síríus súkkulaði, blandað saman, yrði grunnurinn að einni af vinsælustu smákökuuppskriftum á Íslandi? Vinsældir lakkrístoppanna aukast ár frá ári og eru þeir orðnir að órjúfanlegri hefð í kringum hátíðarnar á fjölmörgum heimilum. Viðhaltu hefðunum – eða skapaðu nýjar – með bökunarvörunum frá Nóa Síríusi.






## Nóa lakkrístoppar

3 stk. eggjahvítur
200 g púðursykur
150 g Síríus rjómasúkkulaði
150 g Nóa lakkrískurl

Stífþeytið eggjahvítur og púðursykur. Saxið súkkulaðið smátt. Blandið lakkrískurli og súkkulaði varlega saman við stífþeyttu eggjahvíturnar. Látið á plötu með teskeið.

Bakið í miðjum ofni við 150°C í 15–20 mín.
Ath! Hiti og tími getur verið breytilegur eftir ofnum.

Quality Cocoa for a Better Life

**Sjálfbærni og samfélagsábyrgð**

Síríus súkkulaði er QPP framleitt. QPP (Quality Partner Program) gerir kakóræktendum kleift að rækta og framleiða kakóið á sjálfbæran og ábyrgan hátt. QPP ferlið tryggir fræðslu til kakóbænda varðandi ræktunaraðferðir sem og aðbúnað starfsfólks sem gerir þeim kleift að auka framleiðni sína á ábyrgan hátt. Auk þess kemur QPP að fræðslumálum, heilsugæslu og aðgengi að hreinu vatni í kakóræktarsamfélögum og stuðlar þannig að betri lífsskilyrðum þeirra sem þar búa.

NÓI SÍRÍUS

# Biluð fangelsi



**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is

Allt upp undir fimm til sex fangar á hverjum tíma eiga við einhver vandamál að stríða, til dæmis þroskaskerðingu. Þetta kom fram í máli Páls Winkel fangelsismálastjóra í föstudagsviðtalinu í síðustu viku.

Mál þroskahamlaðs hollensks manns sem situr í gæsluvarðhaldi, grunaður um stórfellt fíkniefnasmygl, hefur verið til umræðu undanfarið. Maðurinn hefur verið í einangrun og gæsluvarðhaldi frá 28. september. Að sögn móður mannsins skilur hann ekki aðstæður sökum fötlunar sinnar. Í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 í fyrradag sagði móðirin að þótt fjölskyldan vilji ekki firra hann ábyrgð sé honum ekki fullkomlega ljóst fyrir hvað hann sé ákærður.

Páll segir að menn sem glíma við andleg veikindi eða fötlun eigi ekki að vera í fangelsi. Dæmi séu um að menn fari í geðrof í fangavistinni en sjaldgæft sé að fangar fái inni á geðdeild. „Enda er geðdeild að taka við alls konar fólki – allt frá ungu fólki sem líður illa yfir í gamalt fólk sem er þunglynt og allt þar á milli.

Ég hef fullan skilning á því að kolbrjálaður fangi, svo maður tali íslensku, passi ekki alveg inn," segir Páll. Vöntun er á lokaðri deild þar sem öryggisskilyrði eru uppfyllt. Umboðsmaður Alþingis hefur vakið athygli á þessari aðstöðu, og segir hana mögulega brjóta bæði gegn stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu, sé geðveikum eða fötluðum mönnum ekki tryggð viðeigandi læknisþjónusta. Pyntinganefnd Evrópuráðsins hefur tekið í sama streng og bent á bága geðheilbrigðisþjónustu fyrir fanga hér á landi. Ekkert hefur þó breyst.

Páll segir málið snúast um pólitískan vilja. Svona úrræði kostar jú peninga. Nú er yfirstandandi bygging nýs fangelsis við Hólmsheiði – hins fyrsta sem hannað er frá grunni sem fangelsi síðan 1871 á Íslandi. Áætlað er að fangelsið verði tilbúið til notkunar um páskana. Þar með batnar til muna fangelsisaðstaða fyrir konur, gæsluvarðhalds- og einangrunarvistarfanga.

En byggingin leysir á engan hátt vanda þeirra fanga sem eiga við andleg vandamál að stríða. Það gengur ekki upp að fársjúkum eða fötluðum mönnum sé ekki veitt þjónusta við hæfi. Menn sem sitja af sér refsivist í fangelsi eiga alveg nógu erfitt meðan á dvöl þeirra stendur þótt mannréttindi þeirra séu ekki brotin samhliða.

Í mars sagði Ólöf Nordal innanríkisráðherra á Alþingi að til greina kæmi að vista þessa fanga á Hólmsheiði en einnig sé til umræðu að útbúa aðstöðu fyrir þá á Litla-Hrauni á sérstakri sjúkradeild. Þetta verði ákveðið þegar í ljós komi hvernig skipulagsmálum verður háttað eftir að fangelsið á Hólmsheiði verður tekið í gagnið.

Skýrsla umboðsmanns kom út árið 2013. Ábendingar Pyntinganefndar Evrópuráðsins komu einnig út árið 2013. Ekkert hefur gerst síðan, þrátt fyrir að þá hafi löngu legið fyrir að aðstaðan fyrir þessa fanga væri óviðunandi. Fyrir liggur, samkvæmt þessum svörum ráðherra, að engin lausn er í sjónmáli fyrr en í það minnsta eftir páska og líklegt að þegar skipulag fangelsismálanna skýrist með nýju fangelsi þurfi nokkurn tíma til að koma deildum og úrræðum á legg.

Á meðan situr hollenski fanginn inni og skilur ekki af hverju.

**Menn sem sitja af sér refsivist í fangelsum eiga alveg nógu erfitt meðan á dvöl þeirra stendur þótt mannréttindi þeirra séu ekki brotin samhliða.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Þingmenn í verkfall**

**Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu seinagang ríkisstjórnarinnar harðlega á þingi í gær. Nokkrir stjórnarliðar tóku undir gagnrýni stjórnarandstöðunnar. Unnur Brá Konráðsdóttir benti á að nefndin hefði ekkert haft að gera þetta haustið og aðeins eitt mál komið á borð nefndarinnar. Birgitta Jónsdóttir stakk upp á að þingmenn færu í verkfall vegna sinnuleysis ríkisstjórnarinnar. Yrði það til að kóróna stjórnartíð þessarar ríkisstjórnar, sem einkennst hefur af átökum á vinnumarkaði, að á endanum yrðu það þingmennirnir sjálfir sem legðu niður störf.**

**Enn af Vaðlaheiðargöngum**

**Stjórnarmaður Vaðlaheiðarganga segir líklegt að veggjöld standi ekki undir kostnaði við gerð ganganna líkt og lofað var. Þetta kemur fram í frétt RÚV. Farið var í framkvæmdina með því skilyrði að hún yrði að fullu greidd af notendum. Verði það raunin að allir skattgreiðendur borgi brúsann á endanum hlýtur einhver að bera ábyrgð á því. Mikilvægi og ávinningur samgöngubótarinnar fyrir íbúa skiptir engu í þessu samhengi. Það sem skiptir höfuðmáli er að skattgreiðendum var lofað að þeir þyrftu ekki að greiða krónu úr sameiginlegum sjóðum fyrir framkvæmdina. Svikið loforð er ekki léttvæg neðanmálsgrein.**

**sveinn@frettabladid.is**

# Endurskoða verður lífeyri



**Björgvin Guðmundsson**
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Miklar launahækkanir hafa átt sér stað á þessu ári, meiri en um langt skeið. Ríkið reið á vaðið með því að gera háa samninga við framhaldsskólakennara og lækna. Samið var við framhaldsskólakennara um 44% kauphækkun á þremur árum, að meðtalinni viðbótarhækkun, sem fékkst vegna úrskurðar gerðardóms í máli BHM. Og samið var við lækna um 25 til 40 prósenta launahækkun á þremur árum.

Með þessum samningum ríkisins var stefnan mörkuð og í kjölfarið fylgdu margir háir samningar. Verkafólk var orðið langþreytt á að bíða eftir kjarabótum og það var viðurkennt í þjóðfélaginu, að ekki væri unnt að lifa af lægstu launum verkamanna. Fyrsta maí síðastliðinn sömdu Flóabandalagið, Starfsgreinasambandið og VR um 14,5 prósenta hækkun á lágmarkslaunum (lágmarkstekjutryggingu) strax og að launin skyldu hækka í 300 þúsund krónur á þremur árum. Það er 40 prósent hækkun lágmarkslauna, úr 214 þúsund krónum á mánuði í 300 þúsund á mánuði. Á eftir fylgdu fjölmargir kjarasamningar og flestir í hærri kantinum. Nú síðast sömdu sjúkraliðar, lögreglumenn og SFR við ríkið og fengu 30 til 32 prósenta launahækkun á fjórum árum. Einnig var samið um að gera tilraun með styttingu vinnutíma, 36 stunda vinnuviku, án kjaraskerðingar. Athuga á hvort afköst aukast við styttingu vinnutíma.

**Launaþróun liggur ljós fyrir**

Samkvæmt lögum á að taka mið af launaþróun, þegar lífeyrir aldraðra og öryrkja er ákveðinn. Á þessu ári hefur launaþróun legið ljós fyrir og einnig hækkun lágmarkslauna. Ei að síður miðaði fjármálaráðuneytið við ÁÆTLUN um hækkun launavísitölu, þegar fjallað var um hækkun lífeyris aldraðra og öryrkja. Þessi áætlun var miklu lægri en raunhækkanir kjarasamninga 1. maí. Kjarasamningar lágu það snemma fyrir, að ekki þurfti að byggja á áætlunum. Með því að margir nýir kjarasamningar hafa bæst við síðan fjármálaráðuneytið gerði tillögu um hækkun lífeyris verður að treysta því, að tillögurnar verði endurskoðaðar og lífeyrir hækkaður til samræmis við raunverulega launaþróun ársins. Einnig tel ég koma til greina að miða við hækkun lágmarkslauna (lágmarkstekjutryggingar). Hækkun lífeyris á að mínu mati að gilda frá 1. maí sl. samanber t.d. síðustu kjarasamninga við SFR ,sjúkraliða og lögreglumenn, sem gilda frá 1. maí 2015.

**Samkvæmt lögum á að taka mið af launaþróun, þegar lífeyrir aldraðra og öryrkja er ákveðinn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Brandarakerling gærdagsins



Jón Ásgeir Kalmansson
nýdoktor og áhugamaður um almannaheill

**Ég get varla verið einn um að finnast þetta vera undarlega veiklulegur og vanhugsaður málflutningur til stuðnings áfengisfrumvarpinu.**

Fanney Birna Jónsdóttir blaðamaður skrifar pistil í Fréttablaðið þann 3. nóvember síðastliðinn undir fyrirsögninni „Brandarakallar morgundagsins“. Þar má á henni skilja að málflutningur þeirra sem setja sig upp á móti áfengisfrumvarpinu svokallaða verði þeim til ævarandi háðungar í framtíðinni.

Í framtíð Fanneyjar Birnu mun nefnilega enginn skilja í því hvernig við getum sætt okkur við núverandi „forræðishyggju“ í áfengismálum. Hún rennir stoðum undir þessa sýn með því meðal annars að tala um „Mýtuna um að aðgengi auki áganginn og þar með vandræðin“ sem fylgja áfengisneyslu. Þessi staðhæfing er ósönnuð, segir Fanney Birna, „og margir sem setja mikinn fyrirvara við þá staðhæfingu“.

Ég get varla verið einn um að finnast þetta vera undarlega veiklulegur og vanhugsaður málflutningur til stuðnings áfengisfrumvarpinu. Annars vegar er fólki sagt að það muni verða álitið hallærislegt ef það leggst gegn því og hins vegar eru vísindaleg gögn og niðurstöður sem að því lúta afgreidd með orðunum „mýta“, „ósannað“ og „margir setja mikinn fyrirvara“. Höfum í huga að orðið mýta þýðir ekki annað í þessu samhengi en uppspuni, hugarburður eða skröksaga. Slík framsetning minnir óþægilega á málflutning þeirra sem afneita loftslagsbreytingum, svo dæmi sé nefnt.

Í skýrslu WHO frá árinu 2014 kemur fram að takmarkanir á aðgengi að áfengi séu ásamt skattlagningu og banni við auglýsingum árangursríkustu og ódýrustu meðulin til að vinna gegn skaðlegum áhrifum áfengisneyslu. Hvort ætli ráðleggingar WHO byggist á „mýtu“ eða á heildstæðu mati á helstu rannsóknum sem gerðar hafa verið í heiminum á þessu sviði? Og hvað segir það um áfengisfrumvarpið og málflutning Fanneyjar Birnu því til stuðnings að rök hennar skuli hverfast um haldlausa frasa af þessu tagi, auk þess að höfða til frumstæðs og þaggandi ótta fólks við að verða sér að athlægi?

# Áhyggjur af heilbrigðisstarfsmönnum



Lýður Árnason
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

**Ég hef bent á nauðsyn þess að hver landsfjórðungur sem og Eyjamenn hafi góðan aðgang að alhliða sjúkrahúsi.**

Minn fyrrum, ágæti lærifaðir, Jóhannes M. Gunnarsson, átelur í nýlegri grein skoðanir mínar í heilbrigðismálum og spyrðir við fortíðarhyggju. Lítur Jóhannes til þess sem er að gerast annars staðar og minnir á þróunina í nágrannalöndunum. Þá ber þess að geta að Í Danmörku búa tæpar sex milljónir og þar eru fjögur háskólasjúkrahús sem dreifast á stærstu borgirnar. Síðan eru minni alhliða svæðissjúkrahús sem mynda þéttriðið net um allt landið og lúta sum hver sömu yfirstjórn. Upptalningin sést hér að neðan (einkasjúkrahús ekki meðtalin).

Rigshospitalet í Kaupmannahöfn, Amager Hospital, Bispebjerg Hospital, Frederiksberg Hospital, Gentofte Hospital, Glostrup Hospital, Herlev Hospital, Hvidovre Hospital, Nordsjællands Hospital í Esbønderup, Frederikssund, Hillerød, Hovedstadens Psykiatri –psychiatric hospital ásamt útibúum, Sct. Hans Hospital. Holbæk Sygehus, Køge Sygehus, Næstved Sygehus, Roskilde Sygehus, Slagelse Sygehus, Ringsted Sygehus, Kalundborg Sygehus, Odense Universitetshospital, Esbjerg Hospital, Fredericia Hospital, Grindsted Hospital, Kolding Hospital, Svendborg Hospital, Sønderborg Hospital, Tønder Hospital, Vejle Hospital, Aabenraa Hospital, Middelfart Hospital, Augustenborg Psykiatrisk Hospital, Bornholms Hospital, Aarhus Universitetshospital Skejby, Aarhus Universitetshospital Risskov, Aarhus University Hospital, Regionshospitalet Herning, Regionshospitalet Holstebro, Regionshospitalet Horsens, Regionshospitalet Randers, Regionshospitalet Viborg, Regionshospitalet Hammel, Regionshospitalet Silkeborg, Regionshospitalet Skanderborg, Regionshospitalet Skive, Regionshospitalet Tarm, Aalborg university hospital, Dronninglund og Brovst, Sygehus Vendsyssel, Hjørring, Frederikshavn og Brønderslev, Sygehus Himmerland, Sygehus Thy-Mors í Thisted og Nykøbing Jylland.

Engan þarf að undra að tuttugu sinnum fjölmennari þjóð þurfi fleiri sjúkrahús. Það sem vekur hins vegar athygli er hversu gott aðgengi ALLIR Danir hafa að sjúkrahúsþjónustu, hvar í landinu sem þeir búa. Samt er landið fimm sinnum minna en Klakinn okkar og miklu léttara að komast þar um. Þannig virðast Danir þess meðvitaðir að til þess að halda uppi háskólasjúkrahúsum og öflugu vísindasamfélagi er nauðsynlegt að dreifa álagi og þekkingu. Þar í landi sjá menn að slík tilhögun er ávinningur allra.

Ég hef bent á nauðsyn þess að hver landsfjórðungur sem og Eyjamenn hafi góðan aðgang að alhliða sjúkrahúsi. Þessari tillögu er ekki beint gegn vísindasamfélaginu heldur er hún byggð á þeirri staðreynd að alls staðar býr fólk. Í grein sinni lýsir Jóhannes yfir áhyggjum að þessi skoðun væri frá heilbrigðisstarfsmanni komin. Sjálfur hef ég áhyggjur af því hversu margir heilbrigðisstarfsmenn eru sammála Jóhannesi.

# Guðspjall í formi hagfræðilíkans



Gestur Guðmundsson
prófessor í félagsfræði menntunar Háskóla Íslands



**Það ætti að vera skylda Hagfræðistofnunar að benda íslenskum stjórnvöldum á að vilji þau færa námsframvindu íslenskra ungmenna nær því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, verða þau að veita talsverðum fjárhæðum í námsstyrki.**

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands birti nýlega skýrsluna Efnahagsleg áhrif af styttingu framhaldsnáms. Skýrslan var gerð að beiðni menntamálaráðherra og er helsta framlag hans til mótunar stefnu um framhaldsskóla frá því að Hvítbók ráðuneytis kom út snemmsumars 2014. Því er rík þörf á að ræða skýrsluna.

Skýrslan byggir á þeirri forsendu að þekking sem felst í sérfræðilegri háskólamenntun sé ein meginforsenda efnahagslegra framfara, en við lestur kemur í ljós sú þversögn að skýrslan byggir á mjög takmarkaðri þekkingu á menntun og samfélagslegu samhengi hennar. Sum helstu rök hennar eru byggð á samanburði við önnur norræn ríki þar sem einstök atriði eru tekin út úr samhengi sínu. Óspart er bent á að annars staðar á Norðurlöndum ljúki fleiri framhaldsskóla og talsvert fyrr en íslensk ungmenni. Þetta er m.a. rakið til mikillar vinnu íslenskra ungmenna með námi, sem er lýst með niðrandi orðum eins og „hálfkæringi“ og að vera „ginnkeyptur“ fyrir tekjumöguleikum, og afleiðingum mikillar vinnu er lýst þannig að ungmenni „hrasa á menntaveginum“.

**Þekkingar- og skilningsleysi**

Slíkt orðalag lýsir þekkingar- og skilningsleysi. Skýrsluhöfundar virðast ekki vita að annars staðar á Norðurlöndum er ungmennum veittur fjárhagslegur stuðningur, með háum barnabótum fram að 18 ára aldri og beinum framlögum til framhaldsskólanema sem orðnir eru 18 ára, en á Íslandi verða þau að vinna mikla vinnu með námi nema foreldrar þeirra geti og vilji sjá fyrir þeim að öllu leyti.

Það ætti að vera skylda Hagfræðistofnunar að benda íslenskum stjórnvöldum á að vilji þau færa námsframvindu íslenskra ungmenna nær því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, verða þau að veita talsverðum fjárhæðum í námsstyrki.

Annað atriði sem skýrsluhöfundar virðast ekki hafa áttað sig á er að framhaldsskólar á Íslandi sinna stærri hóp en gerist í öðrum norrænum ríkjum þar sem framhaldsskólar eru ekki opnir öllum á sama hátt og á Íslandi. Í fyrirmyndarlandinu Finnlandi fær talsverður hópur ekki aðgang að neinum framhaldsskóla að loknum grunnskóla, en er sendur út á þyrnum stráða braut atvinnuleysis, íhlaupavinnu og þátttöku í sérstökum úrræðum. Í Danmörku millilendir helmingur hvers árgangs milli grunn- og framhaldsskóla í „eftirskólum“, lýðháskólum og víðar, og kostnaður við þessi dýru úrræði kemur ekki inn á framhaldsskólalið ríkisreikninga. Á Íslandi hefur miklum fjármunum verið varið til almennra deilda framhaldsskóla sem leitast við að byggja brýr til frekari menntunar eða út í atvinnulíf fyrir þá sem ekki luku grunnskóla með tilskildum árangri.

Þriðja atriðið sem ekki fær eðlilega umfjöllun er sú staðreynd að íslenskur vinnumarkaður býður íslenskum ungmennum upp á fleiri og betri atvinnutækifæri en í flestum eða öllum öðrum OECD-löndum. Spyrja má hvort rétt sé að þvinga íslensk ungmenni til að velja á milli þeirra og skólagöngu?

**Meingölluð vinna**

Að baki meingallaðrar vinnu Hagfræðistofnunar býr hugmynd sem þarf að ræða, hugmyndin um að hagkvæmast sé að mennta alla sem fyrst og njóta síðan menntunar þeirra í störfum sem lengst. Þessi hugmynd er svo heilög starfsmönnum Hagfræðistofnunar að þeir sjá ekki ástæðu til að ígrunda hana með gagnrýnni umfjöllun. Margir Íslendingar telja það hins vegar mannréttindi að geta farið talsvert á milli atvinnuþátttöku og náms, og rannsóknir sýna að margs konar atvinnureynsla kveikir oft námshvöt og nýtist vel sem undirbúningur undir nám. Ef við beinum augum frá hagfræðilíkani að raunverulegu fólki má spyrja: er fólk sem lýkur námi á þrítugsaldri ekki oft orðið hundleitt á sínu sérfræðistarfi á miðjum aldri og notar fyrsta tækifæri til að fara á eftirlaun, en fólk sem hefur stundað ýmis störf og fer seint í sérnám fær nýja kveikju og vinnur við sína nýju sérgrein eins lengi og samfélagið leyfir?

Til menntamálaráðherra: byggjum menntastefnu ekki á einföldum líkönum heldur á reynslu og rannsóknum.

GILDI lífeyrissjóður

Aukaársfundur
19. nóvember 2015

Aukaársfundur verður haldinn fyrir sjóðfélaga Gildis-lífeyrissjóðs fimmtudaginn 19. nóvember nk. kl. 17.00 á Grand Hótel, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga til breytinga á samþykktum Gildis-lífeyrissjóðs.
2. Breyttar lífslíkur og áhrif þeirra á lífeyrissjóði.
   - Benedikt Jóhannesson framkvæmdastjóri Talnakönnunar
3. Starfsemi og staða Gildis.
   - Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri Gildis

Tillögu til breytinga á samþykktum má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á heimasíðunni www.gildi.is

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúm stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á fundinum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.

*Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.*

GILDI

# HJÁLPAÐU okkur að hjálpa ÖÐRUM



*„Hlaðgerðarkot bjargaði lífi mínu, vertu með!“*

SIGURÐUR SMÁRI FOSSDAL

DYNAMO REYKJAVÍK



*Hlaðgerðarkot eftir stækkun*

VIÐ ERUM STOLTIR BAKHJARLAR HLAÐGERÐARKOTS

A4 | BL | ICELANDAIR | EIMSKIP | KFC | BLUE LAGOON ICELAND | BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

# Landssöfnun Samhjálpar

## TIL UPPBYGGINGAR MEÐFERÐARHEIMILIS Í HLAÐGERÐARKOTI

Að jafnaði eru um 60-70 manns á biðlista eftir meðferð í Hlaðgerðarkoti. Yfir árið er ekki hægt að sinna um 400 einstaklingum. Þörfin er því mikil.

Árið 1974 keypti Samhjálp Hlaðgerðarkot af Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur og hefur rekið þar meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur allar götur síðan.

Elsti hluti húsakosts Hlaðgerðarkots er frá árinu 1955. Húsnæðið er nú í slæmu ástandi og starfsemin rekin á undanþágu yfirvalda. Því er löngu tímabært að ráðast í nauðsynlegar endurbætur og nýbyggingu til að hægt sé að uppfylla kröfur yfirvalda.

Ef engin hjálp fæst er fyrirséð að starfsemin muni leggjast af. Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga nýrrar byggingar er um 100 milljónir króna.

**Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson er verndari landssöfnunarinnar.**

# TAKTU ÞÁTT!

**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2002 TIL AÐ GEFA 2.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2004 TIL AÐ GEFA 4.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2006 TIL AÐ GEFA 6.000 KR.**
**HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2010 TIL AÐ GEFA 10.000 KR.**

**HRINGDU Í SÍMA 800 5000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.**

**ÞÚ GETUR MILLIFÆRT BEINT INN Á SÖFNUNARREIKNING**
**KENNITALA 551173-0389 BANKAREIKNINGUR 0322-26-58000**

**FRJÁLS FRAMLÖG Í SÍMA 800 5000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.**

Nánari upplýsingar á samhjálp.is

Samhjálp

samhjalp@samhjalp.is
Sími 561 1000 • www.samhjalp.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT




Mariya Savinova fagnar sigri sínum í 800 metra hlaupi á Ólympíuleikunum í London 2012 og Ekaterina Poistogova fagnar bronsi. Alþjóðalyfjaeftirlitið segir að Rússar hafi eyðilagt frjálsíþróttakeppnina í Lundúnum með lyfjamisnotkun sinni. Ekkert hefur verið sannað beint á þær tvær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Endurnýjunin grunsamleg

**Skýrsla um kerfisbundna lyfjamisnotkun Rússa í frjálsíþróttum kemur Jónasi Egilssyni, fyrrverandi formanni FRÍ, ekki á óvart. Hann hefur rætt þetta við fyrrverandi formann rússneska sambandsins.**

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is



**FRJÁLSAR** Frjálsíþróttaheimurinn leikur á reiðiskjálfi eftir að skýrsla sem unnin var af Alþjóðalyfjaeftirlitinu, WADA, opinberaði stórfellda lyfjamisnotkun rússneskra frjálsíþróttamanna sem var kerfisbundið unnin í samvinnu við rússneska frjálsíþróttasambandið.“

Það hjálpaði svo til við að hylma yfir allt og eyddi meðal annars 1.400 sýnum þegar WADA bað rússneska lyfjaeftirlitið að geyma ákveðin sýni.

Þriggja manna nefnd á vegum WADA, þar sem fyrrverandi forseti WADA, Dick Pound, var í forsvari, vill enn fremur að fimm rússneskir frjálsíþróttamenn og fimm þjálfarar fái lífstíðarbann.

Rússar fá til loka vikunnar til að svara skýrslunni en talsmaður Kremlar gaf út stutta yfirlýsingu í gær þar sem hann sagði engar sannanir á bak við það sem fram kemur í skýrslunni.

Allt hófst þetta í desember í fyrra þegar þýsk heimildarmynd leiddi í ljós samsæri rússneska frjálsíþróttasambandsins. Þar var því haldið fram að rússneskir frjálsíþróttamenn greiði fimm prósenta hlut launa sinna til rússneska lyfjaeftirlitsins, RUSADA, sem á móti skaffar þeim árangursbætandi efni og sópar lyfjaprófum þar sem eitthvað finnst undir teppið. Alþjóðalyfjaeftirlitið mælir sterklega með því að Rússum verði meinuð þátttaka á næstu Ólympíuleikum sem fram fara í Ríó á næsta ári sem yrði sögulegt.

### Fór undan í flæmingi

„Þetta kemur mér ekkert á óvart,“ segir Jónas Egilsson, fyrrverandi formaður og framkvæmdastjóri Frjálsíþróttasambands Íslands, við Fréttablaðið, en hann sat einnig um árabil í stjórn evrópska frjálsíþróttasambandsins. „Ég hef fylgst vel með frjálsíþróttum í Rússlandi og þar áður í Sovétríkjunum.“

Hann segir að eftir hrun Sovétríkjanna hafi frjálsíþróttir farið út af kortinu hjá Rússum en upp úr aldamótum hafi komið ný bylgja af toppíþróttafólki þaðan. Endurnýjunin síðan þá hafi honum alltaf fundist grunsamleg.

„Í flestum tilfellum staldrar þetta fólk stutt við þó það séu vitaskuld til undantekningar á því. Rússar koma fram með toppfólk en svo hverfur það. Ég var í stjórn Evrópusambandsins lengi og fylgdist þá vel með úrslitum á EM.“

Jónas er svo vel tengdur að hann er málkunnugur Valentin Balakhnisjev, fyrrverandi formanni frjálsíþróttasambands Rússlands, sem sagði af sér eftir ásakanir þýsku sjónvarpsmannanna í desember. Jónas reyndi margsinnis að ræða þessa endurnýjun við Balakhnisjev þegar þeir hittust.

„Hann fór alltaf undan í flæmingi. Ég vildi bara vita hvert væri leyndarmálið á bak við þessa miklu endurnýjun en aldrei vildi hann svara þessu nema með því að í Rússlandi væri gott kerfi og markvisst unnið að góðum árangri. Mín tilfinning var alltaf að hann vissi meira en hann sagði. Hann hefur alltaf haldið fram sakleysi sínu en það segir sitt að hann hafi sagt af sér eftir þessar uppljóstranir í fyrra,“ segir Jónas.

### Ræktaðir íþróttamenn

Á fjölmörgum árum í frjálsíþróttageiranum sem formaður FRÍ og stjórnarmaður hjá evrópska sambandinu segist Jónas hafa rætt þessa rússnesku uppsveiflu við margt fólk og flestir hafi verið sömu skoðunar og hann.

„Auðvitað heyrði maður orðróm um þetta í þessu samfélagi, hjá samböndunum öllum sem og mótshöldurum og fleirum. Tilfinning manna var sú, að þarna væru íþróttamenn „ræktaðir“ upp þar til þeir væru orðnir góðir og þá sendir „hreinir“ á alþjóðleg mót,“ segir Jónas, en Rússar hafa verið næststerkasta frjálsíþróttaþjóðin á eftir Bandaríkjamönnum síðan um aldamótin.

„Ástæðan fyrir því að margir entust svona stutt, held ég, er að þegar fram liðu stundir fóru áhrifin að renna af þeim. Þetta er allt ósannað en fellur að þessari mynd sem WADA dregur upp. Þetta er ekki bara mín tilfinning sem ég byggi þetta á heldur á samtölum mínum við mótshaldara stórmóta í Evrópu og fleiri sem þekkja enn betur til en ég,“ segir Jónas.

Svo virðist sem Rússar hafi fengið hjálp frá Senegalanum Lamine Diack, fyrrverandi forseta Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins. Hann var, ásamt fleiri yfirmönnum IAAF, handtekinn í Frakklandi í síðustu viku, grunaður um að taka við mútum frá Rússunum fyrir yfirhylmingu á svindlinu.

Diack tók við sem forseti IAAF árið 1999 en lét af störfum á þessu ári þegar Bretinn Sebastian Coe lávarður var kosinn forseti. Gabriel Dollé, fyrrverandi yfirmaður lyfjanefndar IAAF, var einnig handtekinn. Hann er sakaður um að hafa tekið við 200.000 evrum í mútugreiðslur fyrir að hylma yfir með Rússunum. „Það er augljóst að ákveðnir aðilar innan alþjóðasambandsins voru með í spilum,“ segir Jónas ákveðinn. „Dollé átti að hafa eftirlit með þessu og svo lætur Diack þetta viðgangast og fær fyrir það 20-40 milljónir að því að talið er. Það kemur mér ekkert á óvart að hann sé viðriðinn svona spillingu,“ segir Jónas Egilsson.

## Það helsta sem kemur fram í skýrslunni:

- Þar kemur í ljós að Rússar hafa verið með slakt lyfjaeftirlit og ekki fylgt nýjustu tækni þegar kemur að gæðum lyfjaprófa.
- Sagt er að hvorki geti rússneska frjálsíþróttasambandið né rússneska lyfjaeftirlitið talið sig stunda alvöru eftirlit.
- Mælt er með að Alþjóðalyfjaeftirlitið gæðavotti ekki lengur rannsóknarstofu rússneska lyfjaeftirlitsins og að yfirmaður þess, Grigory Rodchenko, verði rekinn úr starfi. Hann er sakaður um að taka við mútum og viljandi eyðileggja sýni sem honum var sagt að geyma.
- Staðfest er að sumir rússneskir læknar og/eða rannsóknarstofur hjálpi íþróttamönnum við að stunda lyfjamisnotkun sem og sumir þjálfarar.
- Talið er öruggt að rannsóknarstofa rússneska lyfjaeftirlitsins eyðilagði vísvitandi 1.400 sýni eftir að hafa fengið bréf frá WADA sem bað um að sýnin yrðu geymd.
- Það kom í ljós að rússneska lyfjaeftirlitið lét íþróttamenn sína vita í tæka tíð áður en þeir voru kallaðir í próf, faldi próf sem sönnuðu lyfjamisnotkun og tóku við mútum fyrir að hylma yfir allt saman.

## Ekki refsa framtíðinni fyrir fortíðina

„Persónulega myndi ég ekki vilja setja Rússana í bann,“ segir Jónas Egilsson, en eins og fram kemur hér vill Alþjóðalyfjaeftirlitið að Rússum verði meinuð þátttaka í Ólympíuleikunum í Ríó.

„Við værum að refsa framtíðinni fyrir það sem fortíðin gerði,“ segir hann. „Það sem þarf að gerast er að Rússar verði samvinnuþýðir og lagi kerfið hjá sér. Almenningur verður að trúa því að kerfið í Rússlandi virki eins og ég held að flestir trúi að kerfið hjá okkur, Norðurlöndunum og almennt á Vesturlöndum virki. Rússar þurfa nýja þjálfara og nýja forystu.“

Hann telur að bann muni ekki gera neitt nema ala á frekari ofsóknarkennd Rússa í garð Vesturlanda. „Það að setja bann á Rússana forherðir þá bara í þessari ofsóknarkennd sem auðvelt er að ala á, að Vesturlandabúar vilji Rússum allt illt.“



## Nýjast

**Olísdeild kvenna**

**Fylkir - Fram 24-33**

**Markahæstar:** Thea Imani Sturludóttir 7, Þuríður Guðjónsdóttir 6 – Elísabet Gunnarsdóttir 8, Hildur Þorgeirsdóttir 6.

### SPÁNVERJI Á KRÓKINN

Jose Maria Costa Gomez var í gær ráðinn þjálfari Tindastóls en liðið hefur leitað að nýjum þjálfara síðan að Pieti Poikola var rekinn fyrir tæpum tveimur vikum. Costa er 43 ára Spánverji sem hefur áður starfað með Israel Martin, sem þjálfaði Tindastól með góðum árangri í fyrra.

„Hann og Israel eru vinir og hafa þekkst lengi,“ sagði Stefán Jónsson, formaður körfuknattleiksdeildar Tindastóls, í samtali við Fréttablaðið í gær. „Israel gaf honum 100 prósent meðmæli.“

Stefán segir að það hafi verið hárrétt ákvörðun að reka Poikola og að hann sjái ekki eftir henni. „Það er engin spurning að Pieti er fær þjálfari en hugmyndafræði hans hentaði okkur engan veginn,“ sagði Stefán.

### GUÐBJÖRG ENN FRÁ

Guðbjörg Gunnarsdóttir getur ekki spilað með liði sínu, Lilleström í Noregi, þegar það tekur á móti þýska stórliðinu Frankfurt í fyrri viðureign liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í dag. Hún meiddist í leik með íslenska landsliðinu fyrir rúmum tveimur vikum. er hún brákaði rifbein.



Guðbjörg sagði í samtali við Akraborgina á X-inu í gær að hún hefði gert sitt besta til að ná leiknum. „En ég verð að taka með í reikninginn að útileikurinn við Frankfurt er eftir sem og bikarúrslitaleikurinn,“ sagði Guðbjörg sem gerir sér vonir um að ná þeim leikjum. Úrslitin í bikarnum fara fram 21. nóvember en þá mætir Lilleström öðru Íslendingaliði, Avaldsnes.

### GARY MARTIN ÁFRAM Í KR

Ef Gary Martin spilar á Íslandi næsta sumar þá verður það í búningi KR, en hann er samningsbundinn félaginu í tvö ár í viðbót. Martin staðfesti við Fótbolta.net að hann hefði fundað með Bjarna Guðjónssyni, þjálfara KR, og stjórn knattspyrnudeildar að loknu tímabili þar sem málin voru útkljáð.

„Þeir sögðu að enginn hjá KR vildi að ég færi,“ sagði Gary og bætti við að það hafi verið niðurstaðan að hætta að hugsa um síðasta tímabil og einbeita sér að því næsta.

Gary ítrekaði margsinnis óánægju sína með hlutverk sitt í liði KR síðasta sumar en hann fékk minna að spila en hann vildi og ekki í sinni uppáhaldsstöðu. Martin skoraði fimm mörk í fimmtán deildarleikjum með KR síðastliðið sumar.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.10 | Haukar - Stjarnan | Sport |
| 19.15 | Keflavík - Valur | TM-höllin |
| 19.15 | Snæfell - Hamar | Stykkish. |
| 19.30 | HK - ÍBV | Digranes |




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. nóvember 2015 | 44. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2 **13.500 bílar skráðir**
BL er stærsta bílaumboðið en Toyota hagnast mest.

»4 **Sviptingar í VÍS**
Ný stjórn var kjörin á hluthafafundi VÍS í gær.

»8 **Svipmynd: Þorgeir Baldursson**
Fráfarandi forstjóri Odda segir fyrirtækið hafa gerbreyst þann tíma sem hann starfaði.

»10 **Stjórnmál haturs og lýðskrums**
Lars Christensen vill boðskap vonar og bjartsýni í stað pólitíkur sem byggist á ótta og hatri.

»12 **Sala bankanna**
Stjórnarmaðurinn veltir fyrir sér eignarhaldi banka og væntanlegu söluferli.

## Krónan gæti sett strik í reikninginn

**Velta Icelandair Group hefur aukist um 70 prósent frá árinu 2008. Forstjórinn telur enn sóknarfæri. Kjarasamningar og króna gætu þó haft áhrif.** »6



SKJÓÐAN

## Stöðugleikasamkomulagið er spuni

**FÁTT VIRÐIST** nú geta komið í veg fyrir að ríkisstjórnin gangi frá samkomulagi við kröfuhafa gömlu bankanna um stöðugleikaframlag og hleypi þeim svo út úr hagkerfinu með aðrar eignir. Málið er á hendi ríkisstjórnarinnar og Alþingi hefur ekki frekari aðkomu. Samkvæmt kynningum Seðlabankans og fjármálaráðuneytisins skilar samkomulagið 857 milljörðum í þjóðarbúið.

**EN HVERNIG** eru þessir 857 milljarðar tilkomnir? Skoðum aðeins málið.

**RÍKIÐ ENDURHEIMTIR** 81 milljarð sem það lagði til bankanna eftir hrun. Þetta er endurgreiðsla en ekki framlag. Tíndir eru til bankaskattar upp á 31 milljarð sem eru lagðir á óháð stöðugleikasamkomulagi. Ekki geta þeir talist stöðugleikaframlag og því verður að draga 112 milljarða frá pakkanum.

**VARASJÓÐIR BANKANNA** í gjaldeyri upp á 57 milljarða eru taldir til stöðugleikapakkans en í þeim felst ekkert framlag þar sem sá gjaldeyrisjöfnuður er hluti af heildarverðmæti bankanna, sem metnir eru annars staðar inn. Þá eru lánalengingar kröfuhafa upp á 226 milljarða gagnvart nýju bönkunum taldar með sem stöðugleikaframlag. Ekki er verið að gefa eftir nein lán og þau þarf að borga eftir sem áður. Hér hverfa því 283 milljarðar.

**ÍSLANDSBANKI**, sem ríkið á að fá í hendur, er metinn á fullu bókfærðu verðmæti eigin fjár inn í pakkann, eða á 185 milljarða. Þetta er vel í lagt. Ekki virðist tekið tillit til þess að ríkið á þegar fimm prósent af bankanum. Deutsche Bank er t.d. verðlagður á rúmlega 60 prósent af bókfærðu verðmæti eigin fjár. Sé Íslandsbanki metinn á 50 prósent er verðmæti 95 prósenta hlutarins 88 milljarðar, eða 97 milljörðum lægra en stöðugleikapakkinn miðar við.

**MIÐAÐ ER** við að ríkið fái 104 milljarða út úr sölu á Arion banka. Af því eru 20 milljarðar byggðir á framtíðarvæntingum, sem ekki eru í hendi. Framsal eigna og lausafjár úr bönkunum skilar 75 milljörðum.

**Í KYNNINGU** er gert ráð fyrir að stöðugleikapakkinn hafi jákvæð áhrif á gjaldeyrisjöfnuð upp á 41 milljarð án þess að færð séu sérstök rök fyrir því hvernig þau áhrif verða til eða að þau verði jákvæð en ekki neikvæð. Þá er gert ráð fyrir hreinu fjárflæði upp á 28 milljarða auk þess sem fjársópsákvæði á að skila 16 milljörðum. Þarna eru því 85 milljarðar til viðbótar í mikilli óvissu.

**ÞANNIG VIRÐIST** stöðugleikapakkinn skila á bilinu 260-345 milljörðum til ríkisins en ekki 857 eins og kynnt hefur verið. Þeir peningar sem skila sér eru svo að mestu eignir, sem á eftir að koma í verð, en ekki reiðufé. Allt eru þetta krónueignir og skeikar 5-600 milljörðum frá því sem var kynnt.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** jonhakon@365.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** | Forsíðumynd **Pjetur Sigurðsson**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is



**Bílasala hefur aukist til muna á þessu ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Bílasala keyrir langt fram úr væntingum

**Í byrjun árs var spáð hátt í 12 þúsund nýskráningum bíla á árinu, þær eru nú orðnar yfir 13.500. Nýskráningar ársins gætu orðið tvöfalt fleiri en árið 2013.**

Í lok október voru nýskráningar bifreiða á árinu orðnar 13.508. Þetta er vel yfir spá Bílabúðar Benna í byrjun árs um að hátt í 12.000 nýir fólksbílar myndu seljast á árinu. Þetta er einnig mikil aukning frá því í fyrra en þá seldust 10.611 bílar allt árið.

Viðsnúningur varð hjá flestum bílasölum landsins árið 2014 meðal annars hjá Brimborg, Heklu, BL, Öskju, og Toyota og skiluðu þær bílasölur sem Markaðurinn skoðaði allar hagnaði á árinu. Mestur hagnaður varð hjá Toyota, en hann nam 510 milljónum króna. Mesta velta var hins vegar hjá BL en hún nam 13,7 milljörðum króna. Minnsta veltan var hjá Suzuki, en rekstrartekjur samstæðunnar námu 1,9 milljarði króna á árinu, hagnaður félagsins nam hins vegar 187,5 milljónum króna. Minnstur hagnaður var hjá Heklu en hann nam 3,9 milljónum króna. Hagnaður sem hlutfall af veltu var hæstur hjá Suzuki-samstæðunni, eða tólf prósent, en lægstur hjá Heklu, eða 0,04 prósent.

Á árinu störfuðu flestir hjá Brimborg, en þar voru 170 stöðugildi en fæstir hjá Suzuki, þar sem voru 22 stöðugildi. Margar bílasölur bættu við sig starfsmönnum á árinu og má þar nefna Öskju og Suzuki.

Ef bílasala helst svipuð það sem eftir er árs og á haustmánuðum má áætla að rúmlega 15 þúsund nýskráningar muni eiga sér stað á árinu. Það myndi jafngilda nærri tvöföldun í bílasölu á tveimur árum, en árið 2013 seldust aðeins 7.913 nýir bílar. **saeunn@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

**2,9 prósenta hagvöxtur**

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur lækkað alþjóðlega hagvaxtarspá sína fyrir árið 2015 niður í 2,9 prósent, vegna efnahagsástandsins í Kína og víðar. Upphaflega spáði OECD 3,7 prósenta hagvexti árið 2015.

**1,3 milljarða króna**

hagnaður varð af rekstri Sjóvá-Almennra trygginga á þriðja ársfjórðungi ársins og um 2,7 milljarða hagnaður varð á fyrstu níu mánuðum ársins. Á fjórðungnum jók félagið mest við eign sína í skráðum hlutabréfum og óverðtryggðum ríkisskuldabréfum.

## Á döfinni

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 11. nóvember**
**ARION BANKI** - Afkoma fyrstu níu mánuði ársins.

**Fimmtudagur 12. nóvember**
**LÁNAMÁL RÍKISINS** - Útboð Ríkisvíxla.
**ÍSLANDSBANKI** - Afkoma fyrstu níu mánuði ársins.

**Föstudagur 13. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Þjóðhagsspá á vetri 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Fiskafli í október 2015.

**Þriðjudagur 17. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Samræmd vísitala neysluverðs í október 2015.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu.

**Miðvikudagur 18. nóvember**
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

**Fimmtudagur 19. nóvember**
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - VSK velta júlí og ágúst 2014.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Birtingaráætlun 2016.
**EIMSKIP** - Uppgjör þriðja ársfjórðungs 2015.

Vísir Allar markaðsupplýsingar

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 75939 09/2015



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

Regluleg ferðalög á vegum fyrirtækisins eru oft nauðsynleg. Það getur því borgað sig að gera fyrirtækjasamning við Icelandair.

ICELANDAIR




## Kostir þess að leigja.

Þú greiðir fasta upphæð á mánuði í þrjú ár og því er ekki þörf að leggja út fyrir öllum kostnaði í einu. Kostnaður við hvern starfsmann verður þekktur og ábyrgð er á búnaðinum út samningstímann. Að samningstíma loknum er mögulegt að endurnýja búnaðinn.

**Settu saman pakka sem hentar þér.**
Nánar á www.ok.is/eigduleigdu – sala@ok.is

Opin Kerfi
*– allt er mögulegt*

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is

# Gengi bandaríkjadals er að nálgast gengi evrunnar

Gengi dollarans hefur styrkst mikið að undanförnu og er að nálgast gengi evrunnar. Það hefur ekki gerst í yfir þrettán ár. Dollarinn hefur á árinu styrkst um nærri 10 prósent gagnvart flestum öðrum stærstu gjaldmiðlum heimsins, þeirra á meðal eru japanska jenið, breska pundið og svissneski frankinn. Ástæða þess er að efnahagsástandið er mun betra í Bandaríkjunum en í mörgum Evrópulöndum og Japan.

Sérfræðingar óttast að dollarinn sé að verða of sterkur. Í dag fæst evran fyrir 1,07 dollara og því er ljóst að dollarinn þarf að styrkjast verulega til að ná jöfnu gengi og evran. Styrkingin hefur þó þróast hratt, í fyrra fékkst evran á 1,24 dollara.

Hátt gengi dollarans er gott fyrir innflutning til landsins, þar sem vörur verða ódýrari fyrir almenna neytendur, og fyrir Bandaríkjamenn á ferðalagi. Hins vegar hefur það neikvæð áhrif á afkomu stærri bandarískra fyrirtækja sem starfa á alþjóðamarkaði. Auk þess getur þetta dregið úr fjölda ferðamanna sem koma til Bandaríkjanna. Hlutabréf í ferðaskrifstofunni Priceline lækkuðu til að mynda um 10 prósent á mánudaginn eftir að tilkynnt var að afkoma yrði undir áætlun á árinu.



Janet Yellen er seðlabankastjóri Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Forstjóri fyrirtækisins sagði í samtali við CNN Money að dregið hefði úr ferðamannastraumi vegna styrkingar dollarans og það hefði haft áhrif á starfsemina. Styrking dollarans hefur einnig haft neikvæð áhrif á afkomu Coca-Cola, IBM, Caterpillar og Procter & Gamble á árinu.

Talið er líklegt að Janet Yellen, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, muni hækka stýrivexti á næsta vaxtaákvörðunarfundi í desember. Sérfræðingar telja þó að hún muni þurfa að íhuga stöðuna vandlega í ljósi styrkingar dollarans. – sg

# Vill efla félagið með núverandi stjórnendum

**Áætlanir tveggja hópa um að kaupa hluti í VÍS til að ná inn manni í stjórn gengu eftir. Hóparnir telja rými til að bæta afkomu félagsins sem hefur valdið vonbrigðum.**

Áætlanir tveggja hópa um að kaupa upp hluti í VÍS með það að markmiði að ná inn manni í stjórn gengu eftir á hluthafafundi félagsins í gær.

Annars vegar var um að ræða félagið Óskabein ehf. sem hefur keypt ríflega fimm prósenta hlut í VÍS síðastliðinn mánuð og hins vegar hjónin Guðmund Þórðarson og Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur, fyrrum eigendur Skeljungs.

Guðmundur og Svanhildur boðuðu til hluthafafundarins þann 17. október eftir að hafa eignast 5,05 prósenta hlut í VÍS. Að lágmarki þarf fimm prósenta eignarhlut í VÍS til að boða til hluthafafundar. Hjónin voru bæði í framboði en Svanhildur dró framboð sitt óvænt til baka í gærmorgun þar sem hjónin töldu sig ekki bæði eiga möguleika á að ná stjórnarkjöri.

Guðmundur og Norðmaðurinn Jostein Sørvoll, fulltrúi Óskabeins, náðu báðir kjöri í stjórn. Sørvoll hefur áratuga reynslu af tryggingarekstri í heimalandinu og víðar en hann er stjórnarformaður norska tryggingarfélagsins Protector Forsikring.

Með þeim í stjórninni verða Bjarni Brynjólfsson, Helga Jónsdóttir og Herdís Fjeldsted. Helga og Herdís voru sjálfkjörnar eftir að Svanhildur dró framboð sitt til baka.

Afkoma VÍS hefur verið undir væntingum markaðsaðila. Hlutabréf í tryggingafyrirtækinu hafa fallið um 6,5 prósent frá því uppgjör félagsins á þriðja ársfjórðungi var kynnt þann 29. október. Hagnaður VÍS nam tveimur milljörðum á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 900 milljóna króna hagnað á sama tímabili í fyrra. Framlegð af tryggingarekstri var hins vegar neikvæð um 468 milljónir samanborið við 20 milljóna króna jákvæða framlegð á síðasta ári.



Ljósmyndari Fréttablaðsins kom að lokuðum dyrum fyrir hluthafafund VÍS síðdegis í gær. Fulltrúar félagsins vildu ekki leyfa neinar myndatökur á fundinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Andri Gunnarsson, lögmaður, og einn eigenda Óskabeins og nýkjörinn varamaður í stjórn VÍS, segir bæði vátrygginga- og fjárfestingarhluta VÍS hafa valdið vonbrigðum á síðasta ársfjórðungi. Hann segir aðra hluthafa hafa tekið jákvætt í hugmyndir sem Óskabein hafi kynnt um umbætur í rekstri félagsins. „Rekstrarkostnaður er eitthvað sem þarf að horfa til. Nú er VÍS að innleiða nýtt tölvukerfi sem gefur mikil tækifæri í skilvirkni og rekstrarhagræðingu,“ segir hann. Þá þurfi að keppa að því að hagnaður verði af vátryggingastarfsemi félagsins.

Andri býst ekki við að stjórnarkjöri fylgi breytingar á æðstu stjórnendum VÍS. „Þetta endurspeglar sannarlega einhverjar áherslubreytingar en maður finnur það á hluthöfum að menn eru mjög spenntir að vinna með núverandi stjórnendum til þess að efla félagið enn frekar,“ segir Andri við Markaðinn.

Meðal annarra hluthafa í Óskabeini eru Gestur B. Gestsson, eigandi Sparnaðar, Fannar Ólafsson, eigandi Íshesta og hluthafi KEA-hótela, Sigurður Gísli Björnsson, eigandi Sæmark sjávarafurða.

**Þetta endurspeglar sannarlega einhverjar áherslubreytingar en maður finnur það á hluthöfum að menn eru mjög spenntir að vinna með núverandi stjórnendum til að efla félagið enn frekar.**

Andri Gunnarsson lögmaður,

ingvar@frettabladid.is



Porsche á yfir 30 prósent af hlutabréfum Volkswagen. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR GÍSLASON

# Hagnaður Porsche helmingast frá síðasta ári

Hagnaður Porsche fyrir skatt á fyrstu níu mánuðum ársins var helmingi lægri en á sama tímabili á síðasta ári. Hagnaðurinn nam 1,19 milljörðum evra, jafnvirði 167 milljarða íslenskra króna. Forsvarsmenn Porsche greindu frá því í síðasta mánuði að afkoman yrði undir væntingum vegna áhrifa af dísilsvindli Volkswagen, en Porsche er í eigu Volkswagen Group.

Fyrirtækið áætlar nú að hagnaður ársins muni nema milli 800 og 1.800 milljóna evra, eða milli 113 og 253 milljarða íslenskra króna. Það er veruleg lækkun milli ára, en hagnaður Porsche nam þremur milljörðum evra, eða 424 milljörðum íslenskra króna, árið 2014.

Porsche á 30,8 prósent af hlutafé Volkswagen. Hlutabréfaverð VW þess hefur lækkað um helming síðan greint var frá svindlinu í byrjun september sem hefur því haft veruleg áhrif á stöðu Porsche sem og VW. Í síðasta mánuði greindi Volkswagen frá fyrsta tapi á ársfjórðungi í yfir fimmtán ár. – sg

# Félag Árna og Hallbjörns á 3,6 milljarða króna

Hagnaður Vogabakka sem viðskiptafélagarnir Árni Hauksson og Hallbjörn Karlsson eiga nam rúmlega 2,7 milljónum evra á síðasta ári eða sem samsvarar um 387 milljónum íslenskra króna. Þetta er töluvert minni hagnaður en árið áður þegar hann nam tæplega 8,4 milljónum evra. Þetta má lesa út úr ársreikningi sem birtur hefur verið í ársreikningaskrá. Eignir Vogabakka nema tæplega 34 milljónum evra, eða rétt undir 4,8 milljörðum íslenskra króna. Eigið fé nemur 25,6 milljónum evra. Það samsvarar um 3,6 milljörðum króna.

Þeir Árni og Hallbjörn eru kunnir kaupsýslumenn. Þeir leiddu báðir fjárfestahóp sem keypti hlut í Högum árið 2011 og voru jafnframt í fjárfestahópi sem keypti samtals 5 prósenta hlut í Símanum í sumar. Mjög stór hluti eigna Árna og Hallbjörns er þó erlendis, að því er fram kemur í ársreikningnum. – jhh



Árni Hauksson



Hallbjörn Karlsson

# Seðlabankinn gefur þinginu skýrslu

Fulltrúar peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands mæta á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í dag. Fundurinn fer fram samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands. Þau gera ráð fyrir að peningastefnunefndin gefi Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári og efni hennar sé rætt í nefndinni. Seðlabanki Íslands hækkaði vexti um 0,25 prósentustig í síðustu viku og hefur samtals hækkað vexti um 1,25 prósentustig það sem af er ári. Hækkunin kom flestum á óvart. Til að mynda höfðu greiningardeildir bankanna búist við óbreyttum vöxtum. Viðbrögð markaðarins urðu þau að gengi hlutabréfa tók dýfu og vextir á skuldabréfamarkaði hækkuðu um 0,25 til 0,4 prósentustig.

Peningastefnunefnd rökstyður hækkunina þannig að sterkari króna og hagstæðari alþjóðleg verðlagsþróun hafi gefið svigrúm til að hækka vexti hægar en áður var talið nauðsynlegt. „Það breytir hins vegar ekki því að þörf er á auknu aðhaldi peningastefnunnar á næstu misserum í ljósi vaxandi innlends verðbólguþrýstings. Hve mikið og hve hratt það gerist ræðst af framvindunni og því hvernig greiðist úr þeirri óvissu sem nú er til staðar í efnahagsmálum,“ segir peningastefnunefnd.



Már Guðmundsson seðlabankastjóri mun mæta á fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur og Katrín Ólafsdóttir, lektor í hagfræði við Háskólann í Reykjavík, mæta á fundinn. Öll eiga þau sæti í peningastefnunefnd. – jhh

HB HÚSGAGNA BANKINN

# LAGERSALA

## FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK - 511 0030



Sófaborð - verð 84.000
Tilboð 67.000



Hliðarborð - verð 57.000
Tilboð 42.000



Borðstofuborð - verð 247.000
Tilboð 187.000



Borðstofustóll- verð 49.000
Tilboð 36.000



Chippendale skápur - verð 340.000
Tilboð 259.000



Serpentine skenkur - verð 219.000
Tilboð 169.000



Snyrtiborð - verð 129.000
Tilboð 105.000



Park Lane tungusófi - leður - verð 398.000
Tilboð 295.000



Lampaborð - verð 37.000
Tilboð 27.000



Classico sófasett - leður - verð 437.000
Tilboð 349.000



Glerskápur - verð 165.000
Tilboð 123.000



Glerskápur - verð 224.000
Tilboð 169.000



Glerskápur - verð 212.000
Tilboð 169.000



Hægindastóll leður - verð 139.000
Tilboð 109.000



Hægindastóll áklæði - verð 89.000
Tilboð 69.000



Teborð - verð 66.000
Tilboð 49.000



Skrifpúlt - verð 129.000
Tilboð 97.000

# WWW.HUSGAGNABANKINN.IS

# Starfsmenn Icelandair tvöfalt fleiri en á hrunárinu

Icelandair Group sagði upp 600 manns árið 2008. Strax árið eftir hófst viðspyrnan. Vélum Icelandair hefur fjölgað um tvær á hverju ári, fjöldi starfsmanna tvöfaldast og velta hefur aukist um 70 prósent í dollurum.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Vöxtur Icelandair Group hefur verið mikill síðustu sex árin. Áður en uppgjör fyrir þriðja fjórðung var birt í lok október var EBITDA-spáin hækkuð og er gert ráð fyrir að EBITDA fyrir árið 2015 nemi 210-215 milljónum dollara, eða 27 til 28 milljörðum króna. Hagnaður á þriðja fjórðungi nam um 103 milljónum dollara, eða rúmum 13 milljörðum króna sem er um tveimur milljörðum meira en á sama tíma í fyrra.

Það eru þó einungis örfá ár síðan fyrirtækið gekk í gegnum erfiða tíma. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri félagsins, segir að á fyrri hluta ársins 2008 hafi verið byrjað að skera niður í starfseminni, í takt við minnkandi umsvif á þeim tíma. Þá voru gerðar skipulagsbreytingar og Birkir Hólm Guðnason var ráðinn framkvæmdastjóri Icelandair. „Frá 2009 förum við að horfa til þess að vaxa að nýju og nýta þau tækifæri sem sköpuðust. Við höfum vaxið í takti við það sem við höfum talið skynsamlegt og lagt áherslu á arðbæran innri vöxt. Á sama tíma settum við skýra arðgreiðslustefnu, þegar félagið var endurskipulagt fjárhagslega, sem lauk 2011,“ segir Björgólfur. Icelandair Group sé því vaxtarfyrirtæki og arðgreiðslufyrirtæki í bland. Samkvæmt arðgreiðslustefnu eru greidd 20 til 40 prósent af hagnaði ársins í arð, en greiðslan hefur numið um þrjátíu prósentum undanfarið. „Þú vilt alltaf hafa fé til að byggja upp félagið. Vöxtur sem við höfum verið að horfa á undanfarin ár kostar peninga. Miklar fjárfestingar, bæði í tækjum og innviðum og ekki síst starfsfólki.“

**Tækifæri til frekari vaxtar**

„Ég sé veruleg tækifæri til vaxtar,“ segir Björgólfur. Ferðamannastraumurinn í heiminum sé heilt yfir vaxandi. Þann vöxt hafi Icelandair sótt mikið í með tengiflugi milli Evrópu og Ameríku. Og leiðakerfið er að vaxa. Áfangastaðirnir verða 42 á næsta ári og meðal annars verður flogið til Chicago og Montreal sem eru nýir áfangastaðir. Þar fyrir utan er vöxtur í ferðaþjónustu á Íslandi. Björgólfur segir að stefnumótun sem ráðherra ferðamála kynnti um daginn, á sama tíma og Stjórnstöð ferðamála var kynnt, bendi til að enn séu tækifæri til vaxtar. „Við þurfum hins vegar sem þjóð að skipuleggja okkur vel til þess að sú aukning verði sjálfbær.“

Í byrjun árs 2008 var Icelandair með 11 vélar í notkun og fóru þær niður í átta þann veturinn. Það ár var sex hundruð manns sagt upp hjá félaginu og segir Björgólfur það hafa verið mjög sársaukafullt. „Strax á árinu 2009 fjölgum við svo aftur. Síðan þá hefur vöxtur okkar verið um tvær til þrjár vélar á ári,“ segir Björgólfur og bætir við að starfsmenn séu núna tæplega 4.000 yfir háannatímann, eða um það bil tvöfalt fleiri en þeir voru eftir uppsagnirnar. Að sögn Björgólfs er veltuaukningin á þessum tíma um 70 prósent í dollurum. Hann leggur gríðarlega áherslu á að vöxtur fyrirtækisins sé starfsfólkinu að þakka, þekkingu þess og reynslu. „Sú vísa er aldrei of oft kveðin að það eru einstaklingarnir sem hér vinna sem skipta máli.“

Björgólfur telur að gengi krónunnar og kjarasamningar geti þó sett stór strik í reikninginn. Hækkun launa verði að vera í takti við framleiðniaukninguna í landinu. „Ef við förum umfram það þá mun það koma niður einhvers staðar,“ segir Björgólfur. Það muni hafa veruleg áhrif á samkeppnisgreinar ef krónan styrkist verulega eins og á árunum fyrir hrun. En það geti líka komið niður á útflutningsgreinunum ef fjárfestar komi inn með mikið fjármagn í vaxtamunarviðskiptum. Það eitt og sér styrki gengi krónunnar og dragi úr krafti útflutningsgreinanna, þar á meðal ferðaþjónustu.



Björgólfur Jóhannsson segir að veltuaukning Icelandair Group undanfarin ár nemi 70 prósentum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



## HAUSTIÐ VINSÆLT

**Um 99 þúsund erlendir ferðamenn fóru frá landinu í október síðastliðnum samkvæmt talningum Ferðamálastofu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða 32 þúsund fleiri en í október á síðasta ári. Fjölgunin nemur 48,5% milli ára.**



**ÆVINTÝRABORG** Ljubljana er hálfgerð ævintýraborg að sögn Snæbjörns Ragnarssonar rokkara sem hefur heimsótt hana tvisar. NORDICPHOTOS/GETTY

# GRÉT NÆSTUM ÞVÍ

**BORGIN MÍN** *Daglegt líf í bland við góðan mat og drykk er það sem Snæbirni Ragnarssyni rokkara finnst mest heillandi við Ljubljana, höfuðborg Slóveníu.*

Margir kalla Ljubljana, höfuðborg Slóveníu, eina af leyndu perlum Evrópu. Ferðamannastraumur til landsins hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og eru æ fleiri Íslendingar að uppgötva töfra borgarinnar. Einn þeirra er rokkarinn Snæbjörn Ragnarsson úr Skálmöld en hljómsveit hans hefur tvisvar sinnum spilað í borginni. „Skálmöld spilaði í Ljubljana árin 2011 og 2014. Við stoppuðum stutt í bæði skiptin en nýttum tímann mjög vel enda er borgin ótrúlegur staður.“

**HVAÐ ER MEST HEILLANDI?**

„Miðbærinn og kastalahæðin er auðvitað það sem maður tekur fyrst eftir. Þessi óskaplega krúttlegi kjarni, fallegu húsin, knæpur og brýr ásamt götum og kantsteinum. Þetta er hálfgerð ævintýraborg og ég hefði ekki verið undrandi hefði ég mætt dansandi prinsessu eða vondri galdranorn. Þegar rölt er um borgina finnur maður að þar býr frábært fólk sem er bæði vinalegt og víðsýnt. Það sem heillar mig mest er raun þetta daglega líf, maturinn, drykkirnir og fólkið sjálft.“

**ÁTTU UPPÁHALDS VEITINGASTAÐI?**

„Ég gæti ekki fyrir mitt litla líf munað hvað veitingastaðurinn hét sem við borðuðum á síðast en hann var svo frábær að ég fór næstum því að gráta. Alls konar villibráð, geltir, bjarnarkjöt, bjór og vín og allt saman frábært. Og innan sjálfsmorðsmarka þegar kom að því að borga.“

**VERSLAR ÞÚ MIKIÐ Í LJUBLJANA?**

Mér finnst leiðinlegt að versla og peningarnir mínir fara frekar í að næra mig og hafa gaman. Eina sem ég hef virkilega keypt á ferðum mínum erlendis er tónlist en á þessum túrum ekkert gaman að hafa kojuna sína fulla af vínylplötum. En samt, maður kíkir í plötubúðir þegar maður rekst á þær. Ég er ekki týpan sem fer í búðir og á söfn. Mín menning er fólkið. Og bjórinn.“



**FRÁBÆRT FÓLK** „Ég hefði ekki verið undrandi hefði ég mætt dansandi prinsessu eða vondri galdranorn,“ segir Sveinbjörn Ragnarsson, bassaleikari Skálmaldar. MYND/BALDUR RAGNARSSON

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
< Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Ennþá öflugra D-vítamín
Munnúði - tryggir hámarksupptöku
- Spreyjað undir tungu
- Engar töflur til að kyngja
- Einfalt og bragðgott
- Tryggir hámarksnýtingu
3ja mánaða skammtur
Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum

STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM
1.990 kr. til 31. desember*
FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í VETUR
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365
*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

natures aid
20% afsláttur
Sigrún Emma Björnsdóttir, íþróttakona og einkaþjálfari.
Sykurlöngunin hvarf og mittismálið minnkaði!
„Raspberry Ketones frá Natures Aid hefur gert frábæra hluti fyrir mig og ég mæli 100% með þeim.„
GMP vottað hráefni
Karen Hauksdóttir starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu.
Losnaði við sykurþörfina og 17 kíló farin!
„Mittismálið minnkaði og ég er orkumeiri. Einnig finnst mér ég ekki þurfa borða eins mikið og áður og sleppi sælgæti algjörlega.“
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

# EINN AF TÍU BESTU VATNSGÖRÐUNUM

**ÆVINTÝRI** *Siam Park, vatnsskemmtigarðurinn á Tenerife, þykir einn af tíu flottustu görðum í heimi samkvæmt CNN. Stærsta brautin er 27 metra há og þeir sem þora að renna sér þá leið fara í gegnum rör þar sem hákarlar synda umhverfis. Garðurinn er 185 þúsund fermetrar, byggður í taílenskum stíl.*

Vinsælt er að fjölskyldur ferðist saman til Tenerife um jól og áramót. Þeir sem ferðast með börn og unglinga til Tenerife verða að heimsækja Siam Park. Ótrúlega margt er þar í boði fyrir allan aldur svo best er að nota allan daginn. Garðurinn er ævintýri líkastur og auðveldlega hægt að auka adrenalínflæði líkamans þegar sumar brautirnar eru prófaðar. Síðan er hægt að fara í letilega siglingu á gúmmíhring í gegnum garðinn eða prófa „strönd“ með mikilfenglegum öldum sem láta sjá sig með hléum.

Litlar rennibrautir og stærri eru í boði sem henta fyrir litlu börnin og síðan þau eldri. Sumir kalla garðinn konungsríki slíkra garða en hann var opnaður árið 2008 og þykir sá flottasti í Evrópu. Hann er á vinsælum ferðamannastað þar sem mætast Ameríska ströndin og Adeje-ströndin. Boðið er upp á strætóferðir frá sumum hótelum í garðinn.

### ÆVINTÝRALAND

Í Siam Park er hægt að halda upp á afmæli með glæsibrag sé það pantað fyrirfram og stundum eru í gangi glæsilegir tónleikar þar. Þá er í boði námskeið á brimbretti bæði fyrir börn og fullorðna. Siam Park tilheyrir Loro Parque-hópnum sem er þekktur fyrir að gera miklar kröfur til öryggis og gæða. Garðurinn er vel búinn tækjum, hann er fallega hannaður með miklum gróðri og er þegar orðinn ein af perlum Tenerife fyrir ferðamenn. Forstjóri garðsins, Christoph Kiessling, segir að Siam Park sé meira en vatnsrennibrautagarður. „Við erum eins og ævintýri í Indiana Jones bíómynd. Hér getur fólk átt æðislegan dag, hlegið, öskrað og skemmt sér í fullkomlega öruggu umhverfi. Um 7.500 gestir koma dag hvern í garðinn. Þegar gengið er í gegnum garðinn fær maður hugljómun eins og í frumskógi. Það gerir umhverfið svo spennandi. Alltaf eitthvað nýtt og spennandi sem ber fyrir augu.“

### KREPPUBARN

Kiessling segir að garðurinn sé kreppubarn. Hann var opnaður um svipað leyti og efnahagshrunið varð. „Þegar byrjað var að byggja garðinn var kreppan þó ekki fyrirsjáanleg. Það hefur verið mikil og góð reynsla að ná að halda öllu gangandi þrátt fyrir erfiða tíma. Við fáum ferðamenn frá öllum heiminum og erum því ekki háð spænska hagkerfinu.“

Siam Park er í stöðugri þróun og í áframhaldandi uppbyggingu. Það er vel þess virði að eyða deginum þar. Við hlið garðsins er Siam Mall, nútímaleg verslunarmiðstöð með vinsælum verslunum, H&M, Zöru og Mango auk stærðarinnar matvöruverslunar og veitingastaða. Opið er langt fram á kvöld svo ekkert er því til fyrirstöðu að koma þar við eftir dag í Siam Park hafi fólk enn orku. ■ **elin@365.is**



**HÆSTA BRAUTIN** Þessi hvíta rennibraut er 27 metra há og einungis fyrir þá huguðustu. Þegar komið er niður fer fólk í gegnum rör þar sem hákarlar synda umhverfis.



**NOTALEGT** Hægt er að renna sér í alls kyns rennibrautum eða sigla á kútum um á sem liðast í gegnum garðinn.



**KASTALI** Spennandi kastali þar sem ýmsar rennibrautir eru í boði. Einn af fjölmörgum möguleikum í þessum skemmtilega garði.



**VEITINGAHÚS** Hægt er að setjast niður og fá sér að borða á milli spennandi ferða, enda tekur það daginn að leika sér í Siam Park.





JÓLAHLAÐBORÐ
1.990 kr.

Jólahlaðborð Minna manna hafa verið vinsæl síðustu ár, enda ódýr en einstaklega girnileg. Þau eru sérsniðin til að bjóða upp á í jólagleðinni á vinnustaðnum, heima eða í veislusal án nokkurrar fyrirhafnar.

**Verðið hefur verið það sama árum saman – aðeins 1.990 kr. á mann!**

**Pantanir hjá Magnúsi Inga Magnússyni í síma 696-5900 og á magnusingi@gmail.com.**



**HEITT OG KALT JÓLAHLAÐBORÐ**
- Síldarréttir
- Djúpsteiktar rækjur
- Kjúklingur
- Purusteik
- Hangikjöt
- Heit sósa
- Brúnaðar kartöflur
- Kartöflujafningur
- Fjölbreytt grænmeti
- Brauðkossar
- Súrsæt sósa

**1.990 kr. á mann**

MínirMenn VEISLUÞJÓNUSTA

**Nánari upplýsingar á minirmenn.is og á Facebook**






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# 8" SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN!



FRÁBÆR BARNAGJÖF

**16.990**

nextbook

## VINSÆLASTA SPJALDTÖLVAN OKKAR FYRIR BÖRNIN

Nextbook spjaldtölvan er skemmtileg jólagjöf fyrir börn. Í spjaldtölvunni geta þau leikið sér í þúsundum leikja og fræðsluforrita, horft á bíómyndir, tekið ljósmyndir, lesið barnabækur eða hlustað á tónlist. Eiguleg jólagjöf í traustri 2 ára ábyrgð.

- Fjögurra kjarna örgjörvi
- Android 4.4 Kit Kat
- Myndavél að framan og aftan

tl.is



TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

## BÍLAR & FARARTÆKI

STÓRA BÍLASALAN



Hyundai i30 Classic Árgerð 2015. Ekinn 27þ.km. Beinsk. Bensín. Gott eintak. Er á staðnum. Tilboð 2.550.000kr. Raðnr 157733. Sjá nánar á www.stora.is



Nissan Double Cab Árgerð 2007. Ekinn 105þ.km. Beinsk. Dísel. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 1.750.000kr. Raðnr 157881. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

Bílalíf



**LUXURY - EINN EIGANDI!**
SUZUKI Grand vitara luxury. Árgerð 2007, ekinn aðeins 85þ.km, sjálfskiptur. Verð 2.580.000. Glæsilegt eintak!Glæný dekk. Rnr.250271. Til sýnis og sölu á Bílalíf.



**SJÁLFSKIPTUR!!! TILBOÐ!!!**
VOLVO S40. Árgerð 2010, ekinn 83þ. km. sjálfskiptur. Tilboðsverð 2.390.000. Rnr.126969. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, s:562-1717.



**VERÐ AÐEINS 490Þ !!!!**
MERCEDES-BENZ SPRINTER 412D 17 MANNA. Árgerð 1998, DÍSEL, 5 gírar. VERÐ AÐEINS 490Þ.KR. 100% LÁN MÖGULEGT Rnr.127037. TIL SÝNIS OG SÖLU HJÁ BÍLALÍF BÍLASÖLU - SÍMI 562-1717

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI 4matic . Árgerð 2015, ekinn 5 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.161584.



Kia cee'd EX 1.6 world cup edition. Árgerð 2014, ekinn 25 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.890.000. Rnr.260085. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. Rnr.210580.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



CHEVROLET Tahoe ls 4x4. Árgerð 2004, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.200.000. Rnr.161408.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

100 bílar.is bílasala



Renault Megane Sport Tourer, 6/2014, ek 60 þús km, sjsk, disel, ásett verð 3190 þús, tilboðsverð 2890 þús.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota LC 120 GX árg 2007. Dísel, sjálfsk. Ekinn 158.000 km. Útlit og ástand mjög gott. Fæst á 3.650.000.- stgr. Uppl. Haukur s: 820-6802



Til sölu Nissan Leaf sl, árg 2014 ekinn 15.000 km. Verð 3,490,000.- Uppl í s. 893 6199

Útsala útsala!! H.Accord 01'.ssk. Ek130þ. V/135þ. Ford focus st 03'. 5g v/295þ góð dekk og fl Sími. 8446609

## 0-250 þús.



Toyota Corolla árg.1998, beinskiptur, ek.190þús. Parfnast lagfæringa. Tilboð óskast. Uppl. í s. 895 6820.

## EIGUM GOTT ÚRVAL AF NÝJUM OG NÝLEGUM BÍLUM Á STAÐNUM.

NÝR BÍLL



**SUBARU XV 4X4 ,**
Hátt og lágt drif, bensín, 5 gírar.
**Okkar verð 3.990.000.**
**Rnr.127267.**

NÝR BÍLL



**AUDI A5 S-LINE.,**
Dísel, Sjálfskiptur, Topplúga ofl ofl.
**Okkar verð 7.990.000.**
**Rnr.127230.**

NÝR BÍLL



**SUZUKI SX4 S-CROSS GL+ AWD,** bensín, sjálfskiptur.
**Okkar verð 4.390.000.**
**Rnr.127357.**

NÝR BÍLL



**SUZUKI SWIFT PLUS LED,** bensín, sjálfskiptur.
**Okkar verð 2.780.000.**
**Rnr.127231.**

NÝR BÍLL



**SUBARU XV 4x4,**
Hátt og lágt drif, Bensín, 5 gírar,
**Okkar verð 3.990.000.**
**Rnr.127300.**

NÝR BÍLL



**SKODA RAPID SPACE-BACK,** bensín, 5 gírar, álfelgur ofl.
**Okkar verð 2.590.000.**
**Rnr.127102.**

NÝR BÍLL



**NISSAN NV400 L2H2 3,3T,** 6 gíra, bakkmyndavél, klæddur að innan.
**Okkar verð 3.490.000 + VSK**
**Rnr.127106.**

NÝR BÍLL



**JEEP GRAND CHEROKEE OVERLAND** dísel, sjálfskiptur. Mjög vel útbúinn bíll.
**Okkar verð 8.900.000.**
**Rnr.127031.**

NÝR BÍLL



**HYUNDAI I10.**
Bensín, 5 gírar.
**Okkar verð 1.790.000.**
**Rnr.127239.**

NÝR BÍLL



**FIAT 500 SARDÍNUTOPPUR,** bensín, sjálfskiptur mjög vel útbúinn bíll.
**Okkar verð 2.980.000.**
**Rnr.127238.**



**BMW 320 D.** Árgerð 2014, ekinn aðeins 8 Þ.KM, Dísel, sjálfskiptur.
**Okkar verð 5.990.000.**
**Rnr.127295.**

Bílalíf

**Klettháls 2 • 110 Reykjavík**
**S. 562 1717 • www.bilalif.is**
**Opnunartími**
**Virka daga kl. 10:00 - 18:00**
**Laugardaga kl. 10:00 - 14:00**

Ferðaþjónustan hefur leikið lykilhlutverk í efnahagsuppbyggingunni eftir hrun. Líklegt sé að á næstu árum muni draga úr vextinum í ferðaþjónustunni en „Ísland er á kortinu," segir Björgólfur. Það megi meðal annars rekja til eldgossins í Eyjafjallajökli, Holuhrauns og einstaklinga og fyrirtækja sem séu að markaðssetja Ísland á hverjum degi.

Björgólfur segir að lykillinn að því að ná fram framleiðniaukningu í ferðaþjónustu sé að fjölga ferðamönnum á vetrarmánuðum. Þar er hægt að gera betur. „Reykjavík er í algjörri sérstöðu. Kvosin er fjölsóttasti ferðamannastaður á landinu. Þar eru hreinlega alltaf ferðamenn. En þú getur talað við fólk víðsvegar út um land sem segir þér að við höfum enn þá fleiri tækifæri til að auka veturinn. Okkar fyrirtæki sem starfa í þjónustu við erlenda ferðamenn, Icelandair Hotels og Iceland Travel, hafa gengið vel undanfarið og fram undan er mikil uppbygging í hótelrekstrinum hjá okkur, meðal annars úti á landi."

**Flugvélum fjölgað**

Icelandair notar einungis Boeing 757 í rekstrinum núna, en mun byrja að nota tvær 767 breiðþotur í rekstrinum á næsta ári. Árið 2012 var farið í vinnu við að skipuleggja framtíðarflota Icelandair. „Þá ertu ekki að horfa fimm til sex ár fram í tímann heldur áratugi. Þá eru skoðaðir kostirnir Airbus á móti Boeing og eftir verulega mikla vinnuyfirferð og endanleg tilboð þá var niðurstaðan sú að fara í 737 MAX vélar," segir Björgólfur. Fyrstu vélarnar koma á fyrri hluta árs 2018 og munu sextán vélar koma allt til ársins 2021. Nýju vélarnar verða svo notaðar með 757 og 767 vélunum. „Svo erum við að fara í endurnýjun hjá Flugfélagi Íslands. Þar erum við að fara að taka inn þrjár Bombardier Q400 vélar í stað fimm Fokkervéla, þannig að það eru töluverðar breytingar fram undan hjá Flugfélaginu." Með nýju vélunum verður aukið framboð á flugi til Grænlands (þar sem einum áfangastað verður bætt við á næsta ári) og svo bætist við flug í samvinnu við Icelandair til Aberdeen á næsta ári.

*Ertu sáttur við afkomuna hjá Flugfélagi Íslands?*

„Afkoman er dálítið snúin, það verður bara að segja það. Í innanlandsfluginu hefur þjónustustigið verið mjög hátt, mikil flugtíðni og ákveðin takmörk á eftirspurn," segir Björgólfur. Þá þvertekur hann fyrir að flugfargjöld Flugfélags Íslands séu há. Þetta megi sjá þegar verðskrár flugfélaga á Norðurlöndunum, þar sem verið er að fljúga svipaðar vegalengdir, eru skoðaðar.

Björgólfur segir að ýmislegt hafi orðið til þess að hamla starfsemi Flugfélags Íslands að undanförnu. „Ef þú horfir bara í opinber gjöld sem farþegar og flugfélagið þarf að borga, þá hafa þessi gjöld hækkað mikið á síðustu árum," segir Björgólfur. Þau hafi verið í kringum 200 milljónir en séu núna komin í um 400 milljónir, þrátt fyrir fækkun farþega. Þá bendir hann á að vaxtarmöguleikarnir fyrir Flugfélagið séu ekki síst í Grænlandsflugi og öðru flugi út fyrir landsteinana.

Eitt af stóru þrætueplunum sem tengjast ferðaþjónustu er fjármögnun á viðhaldi ferðamannastaða. Engin sátt virðist um að taka upp náttúrupassa. Björgólfur tekur fram að Icelandair Group hafi verið fylgjandi náttúrupassa. Í skýrslu sem Boston Consulting vann, meðal annars að beiðni Icelandair Group, var lagt til að náttúrupassaleiðin yrði farin. „Þar er hugsunin að þeir borga sem njóta, það er aðalatriðið og eitthvað sem ég hef talað fyrir frá árinu 2012," segir Björgólfur. Hann telur, að fyrst náttúrupassaleiðin verði ekki farin, sé eðlilegast að taka gjald fyrir þá þjónustu sem veitt er á ferðamannastöðunum, til dæmis bílastæðagjöld og þess háttar. „Það þekkja allir þessa gjaldtöku sem hingað koma. Alls staðar sem þú kemur þá sérðu P-merki. Þetta er vel þekkt leið, einföld í framkvæmd og tekjumöguleikar hennar eru ágætir."

Björgólfur segir bráðnauðsynlegt að farið verði að horfa á náttúruna sem verðmæti í sjálfri sér. Um 80 prósent af gestum Icelandair nefni náttúruna sem ástæðu fyrir komu sinni. „Við þurfum að velta því fyrir okkur hvernig við viljum nýta hana. Við viljum ekki ganga óhóflega á hana. Náttúran er auðlind, ekki síður en fiskimiðin og vatnsorkan. Taka þarf tillit til allra atvinnuvega, þar með talið ferðaþjónustunnar, og áður en ákvarðanir eru teknar um framkvæmdir þarf að velta fyrir sér hlutunum til langs tíma og spyrja hvers virði náttúra er. Mín skoðun er sú að náttúran eigi að njóta vafans."

Flest bendir til þess að flugvöllurinn í Vatnsmýrinni hverfi, hvort sem það verður árið 2022 eða síðar og stóra spurningin er hvað þá tekur við. Björgólfur segir ekki forsendur fyrir því að starfrækja innanlandsflug á Keflavíkurflugvelli. Mögulega væri hægt að halda úti flugi þaðan til Egilsstaða en vegna bættra samgangna á landi væru varla forsendur til að halda úti flugi til Akureyrar, sem er stærsti áfangastaður Flugfélags Íslands. Björgólfur segir Icelandair Group vera fylgjandi því að skoða Hvassahraun sem möguleika eins og Rögnunefndin lagði til.

*En ef ríkið og sveitarfélögin myndu draga lappirnar með fjárfestingu í Hvassahrauni, mynduð þið hafa frumkvæði að því að keyra það mál áfram?*

„Það eru svo mörg ef í þessari spurningu. Stærsta ef-ið er Reykjavíkurflugvöllur. Icelandair Group tók þátt í starfi Rögnunefndarinar svokölluðu og þær tillögur sem þar koma fram eru bakkaðar upp af okkur," segir Björgólfur. Hann ítrekar að framvinda mála snúist öll um það hvað verði um Reykjavíkurflugvöll. „Verði Reykjavíkurflugvöllur á sínum stað í lítt breyttri mynd er einsýnt að uppbygging í Keflavík er skynsamleg og nauðsynleg forsenda fyrir vexti og viðgangi ferðamannalandsins Íslands. Verði það niðurstaðan að Reykjavíkurflugvöllur víki þá hefur verið sýnt fram á þjóðhagslega hagkvæmni þess að byggja upp í Hvassahrauni." Hann bætir því við að óháð umræðu um staðsetningu innanlandsflugs verði, vegna gríðarlegs vaxtar í flug- og ferðaþjónustu, að fara í fjárfestingu í Keflavík.

Þótt vöxtur Icelandair hafi verið mikill að undanförnu og fyrirtækið sé það stærsta á Íslandi í dag segir Björgólfur að samkeppnin á markaðnum sé mjög virk enda er félagið í alþjóðlegri samkeppni. Þetta eigi ekki síst við um flugið yfir Atlantshafið. Icelandair sé með um eins prósents markaðshlutdeild af þeim markaði í heild sinni. Hann segir að þeim flugfélögum sem fljúgi til Íslands fjölgi mikið milli ára. Þetta sýni til dæmis tölur um fjölgun farþega hjá öðrum flugfélögum en Icelandair. „Þessi þróun hefur styrkt ferðaþjónustuna á Íslandi."

> **Strax á árinu 2009 fjölgum við svo aftur. Síðan þá hefur vöxtur okkar verið um tvær til þrjár vélar á ári,**

> **Afkoman er dálítið snúin, það verður bara að segja það. Í innanlandsfluginu hefur þjónustustigið verið mjög hátt, mikil flugtíðni og ákveðin takmörk á eftirspurn.**

> **Það þekkja allir þessa gjaldtöku sem hingað koma. Alls staðar sem þú kemur þá sérðu P-merki. Þetta er vel þekkt leið, einföld í framkvæmd og tekjumöguleikar hennar eru ágætir.**




Á meðan við prentum fyrir þig…

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI Prentgripur

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

LÝÐUR HEIÐAR GUNNARSSON



## Lýður tekur við af Kolbeini

Lýður Heiðar Gunnarsson hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eikar fasteignafélags hf. Hann mun taka við starfinu af Kolbeini Friðrikssyni á næstu mánuðum. Lýður er viðskiptafræðingur að mennt frá Háskólanum í Reykjavík og lauk meistaraprófi í fjárfestingarstjórnun frá sama skóla. Hann starfaði áður sem forstöðumaður eignastýringar hjá Lífsverki lífeyrissjóði. – sg

ÖRVAR SNÆR ÓSKARSSON



## Örvar nýr sérfræðingur hjá Júpíter

Örvar Snær Óskarsson hefur verið ráðinn sem sérfræðingur hjá Júpíter. Örvar hefur starfað hjá Landsbankanum frá árinu 2011 en starfaði áður hjá Fjármálaeftirlitinu. Örvar er með B.Sc.-gráðu í fjármálaverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík og M.Sc. í fjármálastærðfræði frá Queen Mary University í London. – sg

GUÐNÝ HALLA HAUKSDÓTTIR



## Nýr forstöðumaður þjónustuvers OR

Guðný Halla Hauksdóttir hefur verið ráðin nýr forstöðumaður þjónustuvers hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Undanfarin tvö ár vann hún sem sérfræðingur í þjónustumálum hjá VÍS. Guðný Halla er viðskiptafræðingur og útskrifaðist frá Háskólanum í Reykjavík árið 2011. Í kjölfarið útskrifaðist hún úr MBA-námi við Háskóla Íslands árið 2014. – sg

# Útilokar ekki að taka sæti í stjórn Prentsmiðjunnar Odda

**Þorgeir Baldursson lét af störfum sem forstjóri Prentsmiðjunnar Odda á dögunum eftir rúmlega þrjátíu ára starf. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu í 55 ár og segir reksturinn hafa gjörbreyst á þeim tíma.**

SVIPMYND
ÞORGEIR BALDURSSON

„Það er svolítið skrítið að yfirgefa Odda eftir öll þessi ár, ég neita því ekki, en það er alveg tímabært,“ segir Þorgeir Baldursson, fráfarandi forstjóri Prentsmiðjunnar Odda. Hann hefur starfað hjá fyrirtækinu í yfir fimmtíu ár, þar af sem forstjóri fyrirtækisins og tengdra félaga í rúmlega þrjátíu ár. „Ég er kominn á áttræðisaldur, og þá á yngra fólk að taka við og hefði átt að gera það fyrir löngu ,“ segir Þorgeir og bætir við að hann sé mjög ánægður með eftirmann sinn.

Aðspurður segist Þorgeir ekki vera með nein ákveðin plön að starfslokum, hann ætli bara að njóta frítímans. „Ég ætla að njóta einhverra ára í ellinni án þess að vera bundinn einhverjum skyldustörfum. Ég er heilmikill útivistarmaður og dunda í hestamennsku og sumarbústað og skógrækt. Ég hef ýmislegt fyrir stafni,“ segir Þorgeir.

Þorgeir er hluthafi í Odda. Hann segist ætla að halda hlut sínum eftir starfslok og jafnvel sitja í stjórn félagsins, hins vegar sé það ekki aláðið enn. „Ég verð viðloðandi til að byrja með. En mín ósk væri nú innan tíðar að ég myndi láta öðrum stjórnarstöður eftir,“ segir Þorgeir.

Oddi er stærsti pappírs- og plastframleiðandi landsins. Þorgeir segir að starfsemin sé mjög breytt frá því þegar hann fyrst hóf störf. Hann byrjaði á Grettisgötunni hjá litlu fyrirtæki sem sinnti helst bóka- og tímaritaprentun auk almennrar prentunar. Fyrirtækið stækkaði og byggði nýtt hús uppi á Höfðabakka árið 1981 og þá breyttist hlutverk þess. „Það þótti vera svolítið djarft þar sem við vorum að færa okkur út fyrir bæinn á þeim tíma, en það skapaði fyrst möguleika til að gera eitthvað í alvöru, bæði í prentun og vélvæðingu í bókaframleiðslunni,“ segir Þorgeir.

„Starfsemin er orðin svo margbrotin. Áður fyrr lögðum við mesta áherslu á bækur og almenna prentverkið. Í dag eru 70 prósent af okkar veltu í öskju, bylgju og plasti. Auk þess hefur fyrirtækið sameinast öðrum fyrirtækjum í bransanum, meðal annars Kassagerðinni, Umbúðamiðstöðinni, og Gutenberg. Þannig að þetta er svo sem ekki sama fyrirtæki og það var þegar maður byrjaði,“ segir Þorgeir.

Þorgeir hefur verið iðinn í félagsstörfum og hefur meðal annars starfað fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann segist hins vegar alfarið hættur að skipta sér af störfum flokksins og hafi ekki einu sinni mætt á landsfundinn í ár. „Ég er að draga mig út úr flestu því sem ég var að sinna á þessum tíma. Þannig að ég er ekki að fara að snúa mér að því aftur,“ segir Þorgeir.

saeunn@frettabladid.is



Þorgeir Baldursson segir það svolítið skrítið að yfirgefa Odda eftir öll þessi ár í starfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég er heilmikill útivistarmaður og dunda í hestamennsku og sumarbústað og skógrækt. Ég hef ýmislegt fyrir stafni.**
>
> Þorgeir Baldursson



# Búast við að olíuverð haldist lágt fram til 2020

Verð á olíutunnu mun ekki ná 80 Bandaríkjadölum fyrr en árið 2020 samkvæmt meginspá Alþjóðaorkumálastofnunarinnar um þróun olíuverðs næstu árin.

Verð á olíutunnunni er nú undir 50 Bandaríkjadölum eftir að hafa staðið í 115 Bandaríkjadölum sumarið 2014.

Samkvæmt spánni mun eftirspurn eftir olíu aukast um innan við eitt prósent á ári fram til ársins 2020. Það dugi ekki til að mæta miklu framboði af olíu sem og auknu framboði endurnýjanlegra orkugjafa. Vilyrði sem mörg af stærstu ríkjum heims hafa gefið um að draga úr koltvísýringslosun næstu árin hafa einnig áhrif í spánni. Búist er við því að Bandaríkin, Japan og Evrópusambandsríkin muni draga úr eftirspurn eftir olíu næsta aldarfjórðung. Þetta hefur Financial Times eftir Fatih Birol, framkvæmdastjóra Alþjóðaorkumálastofnunarinnar.

Eftir 2020 muni eftirspurn eftir olíu nánast standa í stað og eingungis aukast um fimm prósent næstu tuttugu árin.

Framleiðsla ríkja utan OPEC hefur dregist saman að undanförnu, sérstaklega í Bandaríkjunum. Á sama tíma hafa Sádi-Arabía og Íran aukið framleiðslu sína sem viðhaldið hefur lágu olíuverði.

Minni hagvöxtur í Kína og þá sérstaklega hægari vöxtur í verkefnum sem tengjast stóriðju eru sögð hafa mikil áhrif á að olíuverðið haldist lágt. Hagvöxtur í Kína verði fremur drifinn áfram af einkaneyslu en orkufrekum iðnaði.

Olíufélög hafa þurft að takast á við verðlækkanirnar með því að draga úr útgjöldum og segja upp mörg þúsund manns sem og setja 26 þúsund milljarða fjárfestingar í stórum olíuvinnsluverkefnum í biðstöðu samkvæmt frétt Reuters.

Þá muni aukið framboð endurnýjanlegra orkugjafa enn frekar draga úr eftirspurninni eftir olíu á næstu árum. – ih



Olíuvinnsla í ríkjum utan OPEC hefur dregist saman að undanförnu. Hér má sjá starfsmann vinna við olíuborholu í Kasakstan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


40.000
FBL
fréttaþyrstir
notendur
Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu
blaðið hvar sem er og hvenær sem er.
Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann
með Fréttablaðsappinu.
Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:
Download on the App Store
Download from Windows Store
Google play
FRÉTTABLAÐIÐ

## Sveitastjórnarmál



**Halldór Halldórsson**
oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn

# Slæmur rekstur eykur byrðar unga fólksins

Ef borgin væri fyrirtæki í þeirri stöðu sem útkomuspá fyrir árið 2015 og fjárhagsáætlun ársins 2016 lýsa við fyrri umræðu væri hluthafafundur boðaður í skyndi og skipt um stjórnendur. Borgarbúar gera að sjálfsögðu kröfu um að skattgreiðslur þeirra dugi fyrir rekstri. Annars aukast skuldir og vandanum er velt alveg sérstaklega yfir á herðar unga fólksins.

Hvað er svona alvarlegt? Jú, útkomuspá fyrir A-hluta reiknar með 13,4 milljarða halla árið 2015. Þarna vega lífeyrisskuldbindingar þungt en þær þarf að borga og þegar við skoðum reksturinn án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga er niðurstaðan slæm. Þetta sést vel með því að skoða hverju reksturinn skilar í hreinum peningum. Fjármálaskrifstofa borgarinnar segir að það þurfi að lágmarki að vera 9% af tekjum. Niðurstaðan fyrir árið 2015 stefnir í 5%. Þarna vantar því fjóra milljarða króna til að standa undir lágmarkskröfu um 9%. Það gera 11 milljónir kr. á dag eða fjórar Parísarferðir daglega fyrir 12 fulltrúa borgarinnar svo nýlegt dæmi sé tekið. Mismunurinn er fjármagnaður með lántöku enda hækka skuldir A-hluta um 30% á tveimur árum. Þetta bætist við að núverandi meirihluti og meirihluti Jóns Gnarr og Dags B. rak borgina með halla frá árinu 2010 að einu ári undanskildu. Þetta er ekkert einsdæmi þó tölurnar séu hærri en undanfarin ár vegna hærri lífeyrisskuldbindinga en árin á undan.

Fjárhagsáætlun ársins 2016 reiknar með hálfs milljarðs kr. afgangi A-hluta. En þar er reiknað með fjárfestingatekjum að upphæð 7,6 milljarðar kr. Það er mikil óvissa í áætluninni og mikill veikleiki að skatttekjur skuli ekki duga fyrir rekstrinum.

Samt aukast skatttekjur A-hluta um 10% frá útkomuspá til áætlunar 2016 og tekjur af fasteignasköttum um 11%.

Höfum í huga að 2,3 milljarðar kr. eru óútfærð hagræðing í fjárhagsáætlun. 1,8 milljarðar í rekstrarhagræðingu, lækkun útgjalda og 500 m.kr. í eignasölu eða hækkun tekna. Niðurstöðutölur eru þar af leiðandi 2,3 milljörðum hagstæðari en ella ef þetta tekst ekki hjá meirihlutanum.

Reykjavíkurborg er með útsvarið í hæstu löglegu hæðum þannig að skattar verða ekki hækkaðir. Þar liggur eina vörn skattgreiðenda sem hljóta að gera þá kröfu að meirihlutinn í Reykjavík taki á rekstrinum svo tekjur dugi fyrir útgjöldum.

## Gæta ítrustu varkárni á Filippseyjum



Lögreglumenn á Filippseyjum kanna persónueinkenni verkamanna á götu sem liggur að svæðinu þar sem fulltrúar Efnahagsráðs Asíu- og Kyrrahafsríkjanna hittast í vikunni. Fundurinn hefst á morgun og nær hámarki dagana 18.-19. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Viðvörun úr fortíðinni: Pólitík haturs og lýðskrums



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Þegar ég sé það sem er sagt um nýjan leiðtoga Verkamannaflokksins í Bretlandi, Jeremy Corbyn, er ég hræddur um að við vanmetum breytingarnar á vilja kjósenda í Evrópu.

Sagt er að Corbyn muni valda því að Verkamannaflokkurinn falli saman innan frá. Það má vel vera, en spyrjið ykkur að því hvers vegna hann var kosinn til að byrja með. Og spyrjið ykkur síðan af hverju Donald Trump gangi svona vel í skoðanakönnunum í Bandaríkjunum, og að Syriza hafi stjórnað Grikklandi í hálft ár og muni líklega halda áfram að stjórna landinu um einhvern tíma.

Það sem við sjáum er stjórnmál í stíl fjórða áratugarins. Þetta er pólitík fasista og kommúnista. Öfgarnar eru kannski miklu minni, en munið að svona hlutir gerast ekki á einni nóttu. Þetta er hægfara ferli þar sem menn í nasistabúningum fara í jakkaföt – eins og Svíþjóðardemókratarnir gera í Svíþjóð. Eða klæðast enn einkennisbúningum eins og Jobbik í Ungverjalandi.

Þetta endurspeglar þá staðreynd að við erum nú komin átta ár inn í efnahagskreppu – sem ég tel aðallega afleiðingu misheppnaðrar peningamálastefnu – eins og var tilfellið á fjórða áratugnum. Hefðbundnum lýðræðislegum stjórnmálamönnum mistókst að koma okkur út úr þessari kreppu. Reyndar gerðu þeir illt verra og þess vegna er fólk, sem annars hefði aldrei kosið Corbyn, Trump, Jobbik eða Syriza, nú reiðubúið að hlusta á þá.

> **Það er því miður margt líkt með Samdráttinum mikla og Kreppunni miklu. Það á einnig við um stjórnmál og alþjóðasamskipti**

Og þar sem hefðbundin lýðræðisleg stjórnmál eru nú orðin veikari í Bandaríkjunum og Evrópu eru nú menn með einræðistilburði, eins og Pútín, Erdogan, Orban og Assad, í auknum mæli farnir að stjórna umræðunni í Evrópu og heiminum.

Við erum kannski á leið út úr kreppunni efnahagslega, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, en munið að það var líka tilfellið 1936. Bandaríkin höfðu gefið gullfótinn upp á bátinn eins og mörg Evrópuríki, en efnahagslegi viðsnúningurinn kom of seint til að breyta hinum pólitísku viðhorfum. Afleiðingarnar voru hörmulegar. Og nú þegar andúð á innflytjendum eykst bæði í Evrópu og Bandaríkjunum höfum við ástæðu til að óttast hið versta.

Það er því miður margt líkt með Samdráttinum mikla og Kreppunni miklu. Það á einnig við um stjórnmál og alþjóðasamskipti þessara tíma: Lýðskrum, ofstæki, útlendingahatur, verndarstefna og stríð.

Það sem við þurfum í staðinn er boðskapur vonar og bjartsýni. Það er kominn tími á gagnbyltingu gegn pólitík ótta og haturs. Það er kominn tími til að frjálslyndir vinstri- og hægrimenn tali opinskátt gegn þeim sem vilja loka landamærum fyrir vörum, fjármagni og fólki. Ef við mótmælum ekki rasisma og verndarstefnu Donalds Trump og efnahagslegum hugarórum Jeremys Corbyn munum við tapa frelsi okkar.

# Ákveður stjórn að ný stjórn skuli kosin?

## Hin hliðin



**Helga Hlín Hákonardóttir**
hdl. og stjórnarmaður í atvinnulífinu

Í gær var kjörin ný stjórn VÍS, sem er athyglisvert í ljósi þess að í félaginu sat rétt kjörin og ályktunarhæf stjórn með umboð fram að næsta aðalfundi.

Slík breyting á umboði ályktunarhæfrar stjórnar getur farið fram með tvennum hætti.

Annars vegar getur hluthafi óskað eftir hluthafafundi. Samhliða þarf hann þá að leggja fram tillögu um afturköllun umboðs sitjandi stjórnar – sem síðan þarf að hljóta samþykki meirihluta hluthafa á komandi hluthafafundi. Hluthafa dugar því ekki réttur til að boða hluthafafund til að krefjast stjórnarkjörs, jafnvel þótt stjórn samþykki það. Slík breyting verður ekki gerð nema öllum hluthöfum bjóðist þátttaka í umræðu og atkvæðagreiðslu um afturköllun umboðs sitjandi stjórnar. Meirihluti hluthafa afturkallar því einn fyrri ákvörðun hluthafafundar en ekki stjórn.

Hins vegar geta einn eða fleiri stjórnarmenn skilað umboði sínu þannig að stjórn missir ályktunarhæfi sitt. Ákvörðun um að skila umboði, eða fyrirætlanir um slíkt, er þá tilkynnt hluthöfum og sitjandi stjórn ber ábyrgð á störfum sínum þar til boðað er til hluthafafundar og ný stjórn er kjörin.

Í tilviki VÍS hefur meirihluti hluthafa hvorki ályktað á hluthafafundi að víkja stjórn frá – né heldur tilkynnti stjórn um afsögn þegar boðað var til fundar.

Dagskrártillagan var því haldlaus frá birtingu hennar 14. október og allt þar til í ljós kom síðastliðinn föstudag að tveir stjórnarmenn hygðust skila umboði sínu. Orðalag tilkynningar frá 2. nóvember um að „Stjórn VÍS hefur ákveðið að stjórnarkjör skuli fara fram á hluthafafundinum“ breytir heldur engu. Hluthafar ákveða stjórnarkjör en ekki stjórn – nema stjórn hafi misst ályktunarhæfi sitt og stjórnarkjör reynist nauðsynlegt. Ályktunarhæfi sitt missti stjórn fyrst, opinberlega í það minnsta, þegar framboð til stjórnar voru birt sl. föstudag, rúmum þremur vikum eftir boðun fundarins.

Stjórnarmenn hefðu betur upplýst um fyrirætlanir um meðferð á umboðum sínum um leið og samþykkt var að auglýsa hluthafafundinn. Lögmæti fundarins hefði legið fyrir í þrjár vikur en ekki þrjá daga og stjórn hefði veitt hluthöfum umhugsunarfrestinn og upplýsingarnar í stað þess að halda þeim hjá sér. Þannig hefði jafnræðis hluthafa, upplýsingaskyldu til markaðarins og góðra stjórnarhátta verið best gætt.

# Sedus skrifstofustóll

Quarterback svartur,
með færanlegri setu
og mjóbaksstuðningi.

sedus

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / epal.is

epal

**Verð áður: 134.000.-**

**Tilboðsverð:**

**98.000.-**



# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 4. nóvember 2015

FTSE 100
6.275,28 -19,88
(0,32%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Sporin hræða

**Seðlabankinn** staðfesti fyrir nokkru að framlög kröfuhafa bankanna þriggja til ríkisins uppfylltu stöðugleikaskilyrðin svokölluðu.

**Fyrirliggjandi** drög væru ekki til þess fallin að stefna efnahagslegum stöðugleika í hættu, og því óhætt að ganga til nauðasamninga og veita nauðsynlega undanþágu frá gjaldeyrishöftum.

**Alla jafna** væru þetta ágæt tíðindi og risaáfangi í úrlausn mála hér á landi eftir hrun. Þótt fyrr hefði verið.

**Stærstu** tíðindin á lokasprettinum eru þó sennilega sú ákvörðun kröfuhafa Glitnis að láta af hendi 95 prósenta eignarhlut sinn í Íslandsbanka. Hluturinn fellur þá til ríkisins og hafa forystumenn í ríkisstjórn lýst því yfir að farsælast sé að einkavæða bankann sem fyrst.

**Hvernig** ætli standi nú á því að kröfuhafarnir láti nú bankann sjálfviljugir í hendur ríkisins? Í júní á þessu ári gekk einn hérlendur fjölmiðill svo langt að fullyrða að kaupandi frá Kína eða Mið-Austurlöndum yrði kynntur til leiks í „næstu viku“. Vika er langur tími í viðskiptum. En ekki svona langur.

**Nærtækasta** skýringin er sú að mistekist hafi að finna alþjóðlegan kaupanda að bankanum. Kröfuhafarnir hafa því talið að best væri að nota hann sem skiptimynt til að koma fé sínu úr landi.

**Hægt er** að ganga út frá því vísu að kröfuhafahópurinn hefur betra aðgengi að alþjóðlegu fjármagni og meiri tengsl en íslenska ríkið. Því er ástæða til að óttast um söluferlið í höndum ríkisins.

**Erlendur** áhugi virðist ekki fyrir hendi, og hópur mögulegra kaupenda þeim mun þrengri. Þegar við bætast tíðindi af þreifingum kunnuglegra nafna á kaupum á Arion banka er ekki laust við að hugurinn reiki.

**Vonandi** berum við gæfu til að vanda til verka. Ekki er ástæða til yfirmáta bjartsýni sé mið tekið af síðasta einkavæðingarferli. Stóryrði um erlenda fjárfesta með reynslu af bankastarfsemi reyndust innihaldslaus með öllu.

**Er því** nema von að sporin hræði?






## 7,7 MILLJARÐA LÆKKUN VEIÐIGJALDA Á MILLI ÁRA

Álögð veiðigjöld vegna fiskveiðiársins 2014/2015 nema 7,7 milljörðum króna. Veiðigjöld fiskveiðiársins á undan voru 9,2 milljarðar króna. Munurinn liggur meðal annars í því að um milljarði minna er lagt á í sérstök veiðigjöld vegna uppsjávarveiða annars vegar og vegna botn- og skelfiskveiða hins vegar.

## 7,9% BJUGGU Í SKULDLAUSU HÚSNÆÐI

7,9 prósent 25-34 ára bjuggu í skuldlausu eigin húsnæði árið 2014 samkvæmt tölum Hagstofunnar. 35,5 prósent í aldurshópnum leigðu húsnæði sitt. 48,2 prósent fólks 65 ára og eldri bjuggu í skuldlausu eigin húsnæði, en 9,7 prósent í leiguhúsnæði.

## 05.11.2015

Það byggist á því að reynslan hefur sýnt að það er erfitt fyrir lítil lönd að reka sjálfstæða peningastefnu ef vextir eru eina stjórntækið, flotgengið er hreint, engar hömlur eru á óvarinni gjaldeyrisáhættu innlendra aðila og fjármálaleg samþætting við umheiminn tekur vaxtafarveg miðlunar peningastefnunnar úr sambandi.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri





## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Pallbílar

**PICKUP OG HJÓL!!**
Pickup með stórum palli og góður yamaha krossari til sölu selst á góðu verði saman! S:8623905

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**ÁRATUGA REYNSLA**
Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningaþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

## Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Húsaviðhald

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?**
JÁ IÐNAÐARMENN
Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Byggingafélagið Háhús getur bætt við sig verkefnum úti og inni, góð og vönduð þjónusta Sími. 8440454-Krisján

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## Einkamál

Makaskipti? Swinging? Þríhyrningasr? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

Nýr og djarfur íslenskur samskiptavefur. Íslendingar.eu.

**ÍSLENDINGAR.EU**
Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslynda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsögðu. Líttu við! Islendingar.eu

## heilsa

**sauna.is**
Fjárfesting í vellíðan

## óskast til leigu

**Leiguíbúðir óskast**

Kópavogsbær óskar eftir þriggja til fimm herbergja íbúðum til langtímaleigu frá og með 1. desember 2015.

Upplýsingar um íbúðir óskast sendar til Ágústs Steindórssonar á netfangið agust@kopavogur.is fyrir 15. nóvember næstkomandi.

Kópavogsbær
kopavogur.is

## atvinna

ÆSKÞ

**Auglýsing um stöðu framkvæmdastjóra ÆSKÞ**

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar ÆSKÞ auglýsir 50% stöðu framkvæmdastjóra frá 1. febrúar 2016.

ÆSKÞ eru frjáls félagasamtök æskulýðsfélaga kirkjunnar. Sambandið stendur fyrir fjölbreyttum æskulýðsviðburðum og er málsvari æskulýðsstarfs innan íslensku Þjóðkirkjunnar.

Starfsstöð sambandsins er í Reykjavík. Menntunar- og hæfniskröfur eru háskólamenntun sem nýtist í starfi og víðtæk reynsla af æskulýðsstarfi. Framkvæmdastjóri er starfsmaður stjórnar ÆSKÞ.

**Starfið felur í sér:**

- Daglegan rekstur og umsýslu sambandsins.
- Gerð fjárhagsáætlana og öflun styrkja.
- Skipulagningu og framkvæmd Landsmóts ÆSKÞ
- Samskipti við aðildarfélög og samstarfsaðila.
- Málsvörn fyrir ungt fólk í kirkjunni.

Fyrirspurnum má beina til Guðmundar Karls Einarsson, gjaldkera ÆSKÞ, á netfangið **gjaldkeri@aeskth.is**.

**Umsóknarfrestur er til 4. desember 2015.**
Umsóknir má senda merktar „Framkvæmdastjóri ÆSKÞ" til ÆSKÞ, Neskirkju við Hagatorg, 107 Reykjavík.

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Ofanleiti 3 - 3ja herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fín 87,9 fm. íbúð á 2. hæð á þessum eftirsótta stað miðsvæðis í Reykjavík. Rúmgóð stofa með stórum gluggum til vesturs og útgengi á góðar vestursvalir. Nýlegt eikarparket á gólfum. Þvottaherbergi og geymsla innan íbúðar. Snyrtileg sameign. Frábær staðsetning þaðan sem stutt er í alla þjónustu. **Verð 35,6 millj. Íbúð 0202. Verið velkomin.**





**Eyravegur 11-13**

1.746 fm byggingarlóð (ská á móti Hótel Selfossi) með leyfðu byggingarmagni upp á 2.400 fm. Skv. núverandi skipulagi er ráðgert að neðsta hæð sé verslun, 2. hæð skrifstofur og 3-4. hæð íbúðir.

**Tilboð óskast**



Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## Merkisatburðir



Pétur Hoffmann

**1918** Fólk fagnar lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Á sama tíma er flaggað í hálfa stöng í Reykjavík þar sem spænska veikin geisar.
**1920** Matthías Jochumsson fagnar áttatíu og fimm ára afmæli sínu, og fær aldeilis gjöf, þar sem hann er gerður heiðursborgari Akureyrar og heiðursdoktor í guðfræði við Háskóla Íslands. Hann fellur frá viku síðar.
**1943** Pétur Hoffmann Salómonsson berst einn við bandaríska hermenn í Selsvör í Reykjavík og hefur betur, að eigin sögn.
**1962** Leikritið Hart í bak eftir Jökul Jakobsson er frumsýnt hjá Leikfélagi Reykjavíkur og uppsker í framhaldinu miklar vinsældir. Alls er verkið sýnt tvö hundruð og fimm sinnum eftir það, alltaf fyrir fullu húsi.
**1994** Guðmundur Árni Stefánsson segir af sér. Hann hafði gegnt stöðu félagsmálaráðherra en lætur af störfum vegna ásakana um mistök í embætti.

# Ljóðin hennar ömmu syngja sig eiginlega sjálf

**Ingibjörg Azima átti ekki von á að verða sú sem gæfi ljóðum ömmu sinnar, Jakobínu Sigurðardóttur, tóna. Í dag fagnar hún hins vegar plötunni Vorljóð á ýli.**

„Ljóðið fór svo bara að syngja sig sjálft,“ segir Ingibjörg Azima, tónskáld og básúnuleikari, sem í dag fagnar útgáfu geisladiskins Vorljóð á ýli, en tónlistina samdi Ingibjörg við ljóð ömmu sinnar, Jakobínu Sigurðardóttur. Lagði Ingibjörg upp í söfnunarleiðangur á Karolina Fund og nú hefur platan litið dagsins ljós.

„Amma var alltaf þekkt sem rithöfundur en ekki sem ljóðskáld, sem hún sannarlega var líka,“ segir Ingibjörg sem stendur á því fastar en fótunum að ljóð ömmu hennar eigi ekki síður við í dag, en þegar hún orti þau um miðbik síðustu aldar.

Ingibjörg segir ákveðna tilviljun að hún hafi byrjað að semja tónlist við ljóðin. „Einhverra hluta vegna datt lagið við ljóðið Vorljóð á ýli bara í hausinn á mér. Á þeim tímapunkti var ég að vinna mikið með kóra í Stokkhólmi, þar sem ég bjó og var mikið að horfa í samspil tónlistar og texta, eða ljóða. Ég var mikið að hugsa heim, eins og Íslendingar í útlöndum gera gjarnan,“ útskýrir Ingibjörg og hlær. „Svo bara rúllaðist þetta lag upp eitt kvöldið, og svo átti ég þetta bara.“

Það bar svo til tíðinda að þegar vinkona Ingibjargar, Ólöf Sigursveinsdóttir sellóleikari, var að vinna í Þýskalandi, með þarlendri söngkonu kom upp sú hugmynd að Ingibjörg bjargaði þeim um íslenskt lag. „Þá dró ég þetta fram og þær bara fara að panta að ég semji fullt,“ segir hún og skellihlær. Hefur Ingibjörg fengið til liðs við sig einvalalið tónlistarfólks, svo sem Margréti Hrafnsdóttur, Gissur Pál Gissurarson, Grím Helgason og ýmsa fleiri.

Ingibjörg segir verkið ekki hafa verið sérlega erfitt, en ljóð ömmu hennar séu þannig að þau spili hreinlega tónlistina fyrir mann þegar þau eru lesin. „Ljóð hennar búa yfir mikilli innri tónlist og því upplifði ég að þau sendu mér laglínur miklu frekar en að ég væri að semja lögin,“ útskýrir Ingibjörg, sem átti aldeilis ekki von á að hún myndi verða sú sem kæmi til með að semja lög við ljóð ömmu sinnar.

„Ég var tuttugu og eins árs þegar amma deyr, þá rétt ófarin út í tónlistarnám. Ég var aldrei þetta skólabókardæmi sem hafði samið verk frá blautu barnsbeini. Ætli ég hafi ekki bara verið svona seinþroska?“ spyr Ingibjörg á móti og rekur aftur upp heillandi hláturroku í lokin. **gudrun@frettabladid.is**



**Útgáfutónleikarnir verða haldnir í kvöld í Safnahúsinu klukkan 20.00 og mun bókmenntafræðingurinn Kristín Ásta Benediktsdóttir flytja erindi um Jakobínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Einhverra hluta vegna datt lagið við ljóðið Vorljóð á ýli bara í hausinn á mér. Á þeim tímapunkti var ég að vinna mikið með kóra í Stokkhólmi, þar sem ég bjó og var mikið að horfa í samspil tónlistar og texta, eða ljóða,**

---



✝

Okkar elskulega móðir,
tengdamóðir og amma,

**Svanhildur Ágústa Sigurðardóttir**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans
við Hringbraut aðfaranótt
laugardagsins 7. nóvember 2015.
Útför fer fram frá Raufarhafnarkirkju laugardaginn
14. nóvember 2015 kl. 13.30.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim
sem vilja minnast Svanhildar er bent á að styrkja
Krabbameinsfélagið, 0301-26-000706, kt. 7001692789.
Aðstandendur þakka auðsýndan samhug.

**Halldóra M. Árnadóttir** **Brynjar Klemensson**
**Þóra G. Árnadóttir**
**Svava Árnadóttir** **Júlíus Helgason**
**Sif Árnadóttir** **Sigurður R. Baldursson**
**Alma D. Árnadóttir** **Árni R. Karlsson**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Þökkum innilega fyrir
auðsýnda samúð og vináttu
við andlát og útför elskulegs
eiginmanns, föður, fósturföður,
tengdaföður, afa og langafa,

**Baldurs Jónassonar**

Dvergabakka 16,
áður bónda að
Klungurbrekku, Skógarströnd,

sem lést 16. október 2015. Jarðsett var í kyrrþey að ósk
hins látna þann 30. október sl. í Gufuneskirkjugarði.
Sérstakar þakkir til starfsfólks á krabbameinsdeild
Landspítala og til séra Braga Skúlasonar.

**Brynhildur Sigtryggsdóttir**
**Guðrún Lára Baldursdóttir**
**Inga Fjóla Baldursdóttir** **Óskar Jósef Óskarsson**
**Kristjana S. Pálsdóttir** **Sigurður Pétur Harðarson**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Elsku eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Bára Sigurbergsdóttir**

lést á Landspítalanum 6. nóvember.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju
mánudaginn 16. nóvember kl. 13.

**Ragnar Leví Jónsson**
**Ingibergur Helgason** **Gitte Bruhn Carstens**
**Sóley Ragnarsdóttir**
**Bogey Ragnarsdóttir** **Sipho Mbatha**
**Bára Björk, Óðinn, Sif, Ragnar Leví, Alda Líf,**
**Mbali, Zandile, Júlíana, Hólmfríður og Brynhildur.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Sigurður Bjarnason**

frá Hlemmiskeiði,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju
laugardaginn 14. nóvember kl. 13.00.
Jarðsett verður að Ólafsvöllum.

**Jóhann Stefánsson**
**Bjarni Sigurðsson** **Hanna Björk Hálfdánardóttir**
**Björn Sigurðsson** **Jóhanna Björk Helgadóttir**
**Yngvi Sigurðsson** **Sigríður Bergsdóttir**
**Þráinn Sigurðsson** **Ingibjörg María Guðmundsdóttir**
**og afabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir mín,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Sigurjónsdóttir**

áður til heimilis að Kirkjuvegi 1,
Keflavík,

lést á dvalarheimilinu
Hrafnistu, Hlévangi, þann 4. nóvember.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju
þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

**Jónína Guðmundsdóttir** **Oddur Sæmundsson**
**Helga Jóhanna Oddsdóttir** **Einar Jónsson**
**Guðmundur J. Oddsson** **Guðrún Mjöll Ólafsdóttir**
**Sæmundur Jón Oddsson** **Edda Björk Pétursdóttir**
**Hulda Sóllilja, Oddur Fannar, Tómas Ingi,**
**Ólafur Oddur, Jónína Sóley,**
**Saga Björk og Oddur Logi.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Sveinbjörn Blöndal**

bóndi,
Laugarholti, Bæjarsveit,

andaðist á dvalarheimilinu Brákarhlíð í
Borgarnesi 6. nóvember sl.
Útför hans fer fram í Bæjarkirkju
laugardaginn 14. nóvember kl. 14.

**Fyrir hönd vandamanna,**

**Borghildur Garðarsdóttir**
**Þórarinn Blöndal** **Vera Guðmundsdóttir**
**Þorvaldur Blöndal** **Maren Albertsdóttir**
**Þórmundur Blöndal** **Brynja Björk Hinriksdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Helga Margrét Sigurjónsdóttir**

Hríseyjargötu 17, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 13. nóvember kl. 13.30.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Sigríður Jóna Þorvaldsdóttir** **Eyjólfur Einarsson**
**Sigurjón Þorvaldsson** **Daníela Guðmundsdóttir**
**Ellen Margrét Þorvaldsdóttir** **Ármann Þórir Björnsson**
**og ömmubörnin.**




Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu **endalaust tal** og **1 GB í GSM.**

**BÍÓSTÖÐIN** ER Í SKEMMTI-PAKKANUM

**Bíóstöðin er í Skemmtipakkanum**

# GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK **Á BÍÓSTÖÐINNI**

Á Bíóstöðinni er boðið upp á kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna, allan sólarhringinn. Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum ásamt, Stöð 2, Stöð 3, Krakkastöðinni, Gullstöðinni, Bravó og Stöð 2 Maraþon. Að auki fá áskrifendur áðild að Vild.




Krakka stöðin · BRAVÓ · MARAÞON · Vild · HEIMILI HBO

**SKEMMTIPAKKINN**

**9.290 kr.**

Aðeins 310 kr. á dag

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Miðvikudagur




Suðlæg átt 5-13 m/s og áframhaldandi skúrir sunnan og vestan til, jafnvel slydduél, en hægari vindur og nokkuð bjart norðaustanlands. Hiti um eða undir frostmarki fyrir norðan, en upp í 5 stig sunnan heiða.




## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ungdómur
6. ógrynni
8. tímabils
9. umrót
11. tveir
12. svölun
14. gáleysi
16. drykkur
17. einkar
18. hluti verkfæris
20. samtök
21. sjúkdómur

**LÓÐRÉTT**
1. íþrótt
3. horfði
4. hringur
5. írafár
7. fyrirrennari
10. sólunda
13. kvk nafn
15. streita
16. kaðall
19. í röð



**LÁRÉTT: 2.** æska, **6.** of, **8.** árs, **9.** los, **11.** ii, **12.** fróun, **14.** vangá, **16.** te, **17.** all, **18.** orf, **20.** aa, **21.** gigt.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** sá, **4.** kringla, **5.** asi, **7.** forveri, **10.** sóa, **13.** una, **15.** álag, **16.** tog, **19.** fg.

### Skák Gunnar Björnsson

Najdorf hafði hvítt gegn Timman í Buenos Aires árið 1980



**Hvítur á leik**

**1. Bd6! Kg8 2. He8** og svartur gafst upp. Aðeins eru þrír dagar í EM landsliða sem hefst kl. 14:30 á föstudag í Laugardalshöllinni. **www.skak.is:** EM landsliða nálgast.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | | 5 | 9 | |
| 3 | | | | 4 | | | 7 | 2 |
| | 5 | 6 | | | | 8 | 1 | |
| | | 3 | | | 4 | | | |
| 6 | 4 | | 5 | 7 | | 2 | | 1 |
| 9 | 2 | | | | | | | 6 |
| 2 | | | | 3 | 7 | | 4 | 9 |
| 7 | | 1 | | | | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | | | | | 6 | 9 |
| | | | | 6 | 2 | | 4 | |
| | | 9 | 1 | 4 | | 7 | | 3 |
| 3 | | | | | | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 4 | 5 | 2 | | 9 | | 3 | | 6 |
| | 2 | | | | 4 | | 5 | |
| 9 | | 1 | 7 | | | 4 | | |
| | | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 9 | 5 | | | 8 | |
| 1 | | | | 6 | | | 7 | |
| | 7 | 8 | 1 | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | | 3 | 5 | |
| | | 2 | | 3 | 1 | | | |
| 8 | | | | | | | | 2 |
| | | | 3 | 9 | 2 | 8 | | |
| | | | 5 | | | | | |
| 2 | | 1 | | 4 | 8 | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 4 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 5 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 |
| 4 | 3 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 9 | 3 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 8 | 4 |
| 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 1 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 6 | 9 | 4 | 7 | 3 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 8 | 2 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 4 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 8 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 3 | 7 | 8 | 2 | 4 | 1 | 5 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 7 | 2 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 9 | 4 | 1 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 1 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 4 |
| 2 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 2 | 6 | 7 | 1 | 3 |
| 4 | 3 | 2 | 8 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 | 4 | 2 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 |
| 6 | 2 | 3 | 9 | 7 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 1 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 4 | 8 | 5 | 6 | 1 | 2 | 3 | 9 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# Fræðsla um tölvufíkn

**Opinn fræðsludagur 12. nóvember**
**Kl. 17:00-19:00**
**Allir velkomnir – Aðgangur ókeypis**

**Viltu fræðast um tölvufíkn og afleiðingar hennar?**
**Viltu vinna gegn hömluleysi barna og unglinga í tölvunotkun?**



**Geðheilsustöð Breiðholts og Hugarafl halda fræðsluerindi um tölvufíkn þann 12. nóvember að Borgartúni 22, 3.hæð (Flugfreyjusalurinn).**

**Fyrirlesari er Þorsteinn Kristján Jóhannsson framhaldsskólakennari.**



# GEGGJAÐ TILBOÐ!



**Gos* 0,5 l og samloka..... 429 kr.**
**Gos* 0,5 l og langloka..... 529 kr.**

*Pepsi, Pepsi Max, Kristall Mexican Lime, Mountain Dew og Appelsín

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

PIPAR\TBWA • SÍA

# MENNING

# Mjög, mjög gott

**BÆKUR**

**Þýska húsið**
★★★★☆

**Arnaldur Indriðason**
**Vaka-Helgafell**
**Kápa** Ragnar Helgi Ólafsson




Ég gleymi aldrei tilfinningunni þegar ég las Mýrina, volga úr fyrstu prentun, og gerði mér grein fyrir því að Íslendingur gæti í alvöru skrifað glæpasögur sem væru jafngóðar og það sem mér fannst best og merkilegast í þeim geira í útlöndum.

Þetta var áður en Mýrin var seld til erlendra útgefenda, áður en Arnaldur varð heimsfrægur, það var engin staðfesting önnur en þessi tilfinning: að bera kennsl á eitthvað mjög, mjög gott.

Síðan hefur Arnaldur skrifað átján glæpasögur og svo sannarlega sigrað heiminn og rutt brautina fyrir aðra íslenska höfunda sem vildu feta glæpabrautina. Ég viðurkenni að mér finnst ekki allar þessar átján hafa til að bera þau gæði sem Mýrin hafði til að bera, en nokkrar komast nærri því.

Þýska húsið gerist á gríðarlega spennandi tímabili í sögu Íslendinga. Árið er 1941, breski herinn er tiltölulega nýkominn til bjargar og er þegar á leið burtu aftur til að rýma fyrir þeim bandaríska.

Reykjavík er að breytast úr litlu þorpi í höfuðborg, framandi gestir og með þeim ný tækifæri, peningar og atvinna og fólk flykkist úr sveitinni til að freista gæfunnar og verða borgarfólk með fólki.

Sagan byrjar á því að farandsölumaður flýtir sér heim úr sölutúr því hann hefur af því spurnir að stúlkan hans sé farin að vera með hermönnum, nánast eins og að á meðan hann brá sér frá í nokkra daga hafi allur heimurinn breyst.

Svona er andrúmsloftið í Reykjavík í sögunni, enginn veit hvaðan á hann eða hana stendur veðrið, allt er nýtt og framandi, meira að segja rannsóknarlögreglumennirnir eru reynslulitlir, ungir og óharðnaðir í heimi þar sem morð er framið með skammbyssu en ekki ljá.

Flóvent og Thorson, sem dyggir lesendur Arnaldar kannast við úr bókinni Skuggasund, eru leiddir hér saman í fyrsta sinn til rannsóknar á morði í lítilli leiguíbúð í Reykjavík þar sem grunur leikur á að morðvopnið sé úr fórum hinna erlendu gesta.

Rannsóknin snertir á brýnustu málum þessa tíma, ástandinu, flutningunum úr sveit í borg, nasistum og nútíma sem skellur á af óþægilegum krafti. En bókin tekur einnig á sígildum viðfangsefnum allra tíma: valdi og kúgun, sambandi foreldra og barna og því að horfast í augu við sjálfan sig og það sem maður er.

Persónurnar eru að vanda vel skrifaðar og marglaga en ég hefði viljað sjá konurnar skrifaðar í fleiri víddum, þar sem þær verða nokkuð klisjukenndar. Hér er eitt tálkvendi sem ætlar sér að láta drauma sína rætast, sama hvað það kostar, ein hugsjóna- og ástardrifin klappstýra vonds vísindamanns og ein syrgjandi móðir sem við sjáum aðeins í stutta stund en er þó heilsteyptust þessara kvenna.

Þýska húsið er ein af betri bókum Arnaldar. Honum tekst vel að lýsa borg í örum vexti, svo örum að fólk nánast hættir að rata, fólki sem stendur á þröskuldi nútíma sem það er mismunandi í stakk búið til að taka þátt í og svo er þarna spennandi glæpaflétta í hryggjarstykkinu sem tekur ýmsar óvæntar sveigjur og heldur lesandanum við efnið allt fram á síðustu síðu. Mjög, mjög gott.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Spennandi og feiknavel skrifuð þar sem bæði samfélagslýsingar og glæpamál halda lesandanum kirfilega við efnið. Með betri bókum Arnaldar.

Stærsti fasteignavefur landsins



fasteignir.is á vísir.is



**Hér á vinnustofunni á Korpúlfsstöðum vinnur Ninný að listsköpun sinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hlaut tvenn verðlaun í keppni

**Myndlistarkonan Jónína Magnúsdóttir, kölluð Ninný, sendi tvö málverk í keppnina America Art Award og fékk verðlaun fyrir þau bæði í flokknum Impressionism-Human.**

„Ég hefði auðvitað verið alsæl með ein verðlaun, hvað þá fyrir bæði verkin mín. Það er heilmikill heiður,“ segir Jónína Magnúsdóttir, sem notar listamannsnafnið Ninný. Hún sendi tvö verk í alþjóðlegu samkeppnina American Art Award og hreppti 2. og 3. verðlaun í flokknum Impressionism Human. Þátttakendur voru frá 35 löndum og samkvæmt heimasíðu keppninnar er fólk frá 25 bestu galleríum Bandaríkjanna í dómnefnd.

„Ég er fígúratívur málari og hef gaman af fjölbreytni og alls konar tækni. Nota mikið vatnsliti og segi alltaf að það sé það erfiðasta, því þar má engin mistök gera,“ segir Ninný sem á einu ári hefur tekið þátt í stórum samsýningum í Noregi, Mexíkó, Danmörku, Slóveníu og á Spáni. Síðasta einkasýning hennar var á æskuslóðum í Vestmannaeyjum á Goslokahátíð í sumar.





**Rauða myndin hlaut 2. verðlaun í flokknum Impressionism Human og bláa myndin 3. verðlaun í sama flokki.**

Ninný kveðst ekki hafa tekið þátt í keppninni America Art Award áður. „En mér er oft boðið að taka þátt í ýmsu af því að ég er í stjórn Norræna vatnslitafélagsins og hef líka skapað viðburði á Íslandi þar sem erlendir og íslenskir listamenn hafa verið þátttakendur.“ **gun@frettabladid.is**

# Ástin túlkuð með ýmsum litum eftir löndum

„Lögin snúast um ástina í ýmsum litum,“ segir Auður Gunnarsdóttir söngkona sem ásamt Helgu Bryndísi Magnúsdóttur píanóleikara kemur fram á tónleikunum Ástir og draumar kvenna í Norræna húsinu í kvöld klukkan 20.

Auður segir tjáningarformið ólíkt eftir löndum. „Á Ítalíu er mýkt og rómantík. Konan líkir manninum við grænt engi og augu hans eru fegurri stjörnunum meðan blóðið flæðir í spænsku lögunum því þar er stöðugt nautaat í gangi milli elskendanna. Í Söng Sólveigar á íslensku er konan tilbúin að bíða eftir manninum alla ævi og fer ekki fram á neitt en í þýsku lögunum er svo mikil alvara að maður er líkamlega búinn eftir að hafa sungið þau. Raunsæið er svo mikið – og þar er dáið.“

Aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 krónur en 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og félaga í FÍT. Yngri en tvítugir fá ókeypis á tónleikana. **– gun**



**Auður og Helga Bryndís flytja sönglög eftir Hjálmar Helga Ragnarsson, Robert Schumann, Ermano Wolf-Ferrari og Joaquin Turina í Norræna húsinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gæsamamma, skógarpúki og Vatnatónlist

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS




## Baiba spilar Beethoven

Fim. 12. nóvember » 19:30

Lettneski fiðluleikarinn Baiba Skride er ein af hinum stóru fiðlustjörnum samtímans og hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar um allan heim.
Í Eldborg leikur hún einn ástsælasta fiðlukonsert allra tíma, meistaraverk Beethovens. Auk þess hljóma þrjú hljómsveitarverk Ravels.

***Ludwig van Beethoven*** *Fiðlukonsert*
***Maurice Ravel*** *Alborada del gracioso*
***Maurice Ravel*** *Gæsamömmusvíta*
***Maurice Ravel*** *La valse*

***Eivind Aadland*** *hljómsveitarstjóri*
***Baiba Skride*** *einleikari*

***Tónleikakynning*** » 18:00

## Daníel og Debussy

Fim. 26. nóvember » 19:30

Nýtt hljómsveitarverk Daníels Bjarnasonar, Collider, verður frumflutt á Íslandi. Auk Collider verður fluttur forleikur að Síðdegi skógarpúkans sem er meðal vinsælustu verka Debussys, Lontanto eftir Ligeti og barítónsöngvarinn Ólafur Kjartan Sigurðarson túlkar tregafulla söngva Mahlers.

***Claude Debussy*** *Forleikur að Síðdegi skógarpúkans*
***György Ligeti*** *Lontano*
***Daníel Bjarnason*** *Collider*
***Gustav Mahler*** *Kindertotenlieder*
***Claude Debussy*** *La mer*

***Daníel Bjarnason*** *hljómsveitarstjóri*
***Ólafur Kjartan Sigurðarson*** *einsöngvari*

***Tónleikakynning*** » 18:00

## Aðventutónleikar

Fim. 3. desember » 19:30

Stjórnandinn Matthew Halls er í framvarðasveit breskra stjórnenda og hefur valið fjölbreytt, áferðarfalleg barokkverk eftir Bach, Händel og Mozart sérstaklega fyrir tónleikana. Trompetleikarinn Baldvin Oddsson er einn af efnilegustu tónlistarmönnum þjóðarinnar og flytur trompetkonsert Albinonis. Þessir tónleikar koma öllum í sannkallað hátíðarskap.

***J.S.Bach*** *Sinfóníur úr kantötum*
***J.S.Bach*** *Brandenborgarkonsert nr. 6*
***Tomaso Albinoni*** *Trompetkonsert*
***Georg Friedrich Händel*** *Vatnatónlistin*
***W. A. Mozart*** *Sinfónía nr. 35, Haffner*

***Matthew Halls*** *hljómsveitarstjóri*
***Baldvin Oddsson*** *einleikari*

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 9-18 virka daga og 10-18 um helgar

LAUGARÁS BÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SPECTRE | 6, 9, 10(P) |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | 5:30 |
| CRIMSON PEAK | 10:30 |
| SICARIO | 8 |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE VIP | KL. 8 - 10:10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |
| PAN ENSKT TAL 2D | KL. 8 |
| LEGEND | KL. 10:30 |
| BLACK MASS | KL. 8 - 10:30 |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. 8 - 10:10 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. 6 - 7:30 - 8 - 9 - 10:35 |
| SCOUTS GUIDE | KL. 5:50 - 8 - 10:10 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| SPECTRE | KL. 5:20 - 6:50 - 8:30 - 10 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 2D | KL. 5:30 |
| THE INTERN | KL. 8 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 - 10:10 |
| JEM AND THE HOLOGRAMS | KL. 5:30 - 8 |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:30 |
| PAN ÍSLTAL 3D | KL. 5:30 |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

**11. NÓVEMBER 2015**

## Fundir

**Hvað?** Ljósmyndabókaklúbbur Reykjavíkur IV: BEHIND THE WATERFALL
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Opinn fundur á vegum Ljósmyndabókaklúbbs Reykjavíkur. Sérstakur gestur verður spænski ljósmyndarinn David Barreiro sem kynnir ljósmyndabók sína Behind the Waterfall með myndum sem teknar eru á Suðurlandi árin 2013 og 2014. Barreiro ræðir þemu bókarinnar og heimspekina að baki hennar. Einnig ræðir hann kveikjuna að verkinu og reynslu sína af ferðamannaiðnaðnum. Fundurinn er öllum opinn, aðgangur ókeypis.

## Uppákomur

**Hvað?** Skrímslasetur – Frá hugmynd til opnunar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Valdimar Gunnarsson, formaður Félags áhugamanna um skrímslasetur, fjallar um sögu og uppbyggingu skrímslasetursins í Bíldudal. Allir velkomnir.

**Hvað?** Útgáfuhóf Eydísar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Eymundsson, Austurstræti
Útgáfuhóf í tilefni af nýútkominni skáldsögu Oddbjargar Ragnarsdóttur, Eydís.

**Hvað?** Frelsi til að vera allskonar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhús, Gerðubergi
Reykjavíkurdætur koma á Sagnakaffi í Gerðubergi. Þar munu þær segja sögur sem tengjast frelsishugtakinu. Það að hafa frelsi til að láta drauma sína rætast, eiga rödd í samfélaginu, taka pláss, vera allskonar og hafa frelsi til að gera mistök. Gestir kvöldsins fá að stíga á svið og spreyta sig undir stjórn leikkonunnar Ólafar Sverrisdóttur sem staðið hefur fyrir námskeiðum í sagnamennsku. Sagnakaffi er ný viðburðaröð í Gerðubergi. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Bókakonfekt Forlagsins 2015
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Árleg upplestrarkvöld Forlagsins. Bækur höfunda eru seldar á staðnum og í kvöld munu þau Sigrún Eldjárn, Halldór Guðmundsson, Ólafur Gunnarsson, Auður Jónsdóttir, Gunnar Helgason, Sjón og Kristín Helga Gunnarsdóttir lesa upp úr verkum sínum.

**Hvað?** Leiktu betur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Nýja sviðið, Borgarleikhúsinu
Framhaldsskólar landsins keppa í leikhússporti. Viðburðurinn er hluti af listahátíðinni Unglist. Aðgangur er ókeypis.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Útmeða – fræðslukvöld
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Laugarneskirkja
Laugarneskirkja efnir til Útmeða fræðslukvölds í samstarfi við Geðhjálp. Linda Hólm, sálfræðingur hjá Geðhjálp, flytur fyrirlestur í tengslum við Útmeða og fjallar um sjálfsvíg, orsakir þeirra, forvarnir og úrræði. Með Lindu verður maður sem deila mun persónulegri reynslu sinni af því að hafa reynt að svipta sig lífi. Fræðslukvöldið er liður í átaksviku Laugarneskirkju, Nænmi, enga væmni. Kaffi og te í boði hússins og allir velkomnir.



Bylgja Babýlons og Snjólaug Lúðvíksdóttir eru meðal þeirra uppistandara sem koma fram á Hi á Húrra í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvað?** Skaðaminnkandi hugmyndafræði – Umræðukvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Rótin, kvennaheimili, Túngötu 14
Svala Jóhannesdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, verður á fyrsta haustumræðukvöldi Rótarinnar. Í fyrirlestrinum mun hún meðal annars fjalla um skaðaminnkandi hugmyndafræði og segir frá starfsemi Frú Ragnheiðar, færanlegrar heilsuverndar- og nálaskiptaþjónustu sem hefur þann tilgang að ná til jaðarsettra einstaklinga í samfélaginu. Allir velkomnir.

## Uppistand

**Hvað?** Hi á Húrra
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Húrra
Á uppistandinu koma fram Ragnar Hansson, Þórdís Nadia Semichat, Bylgja Babýlons, Andri Ívarsson, Snjólaug Lúðvíksdóttir og Hugleikur Dagsson. Miðaverð er 1.000 krónur.

## Opnanir

**Hvað?** Saga um von
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Spaksmannsspjarir, Bankastræti
Myndlistaropnun og létt kokteilspjall. Myndlistarkonan Ásdís Sif Gunnarsdóttir opnar sýningu og flytur nýjan gjörning. Hugrún Jónsdóttir, nemi í lýðheilsufræði við Háskólann í Kaupmannahöfn, deilir sögu um von þar sem hún veltir fyrir sér gildum lífvænlegs samfélags en hún vinnur að rannsóknarverkefni um tengsl heimssýnar og sjálfbærrar þróunar.

## Pub Quiz

**Hvað?** '90s Pub Quiz
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Pub Quiz í tilefni af alþjóðadögum í Háskóla Íslands. Spurningarnar munu eiga það sameiginlegt að tengjast 10. áratug síðustu aldar. Þrír til fjórir saman í liði.

## Tónlist

**Hvað?** Háskólatónleikar: Hið íslenska gítartríó
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Kapellan, Háskólatorgi
Hið íslenska gítartríó skipa Svanur Vilbergsson, Þórarinn Sigurbergsson og Þröstur Þorbjörnsson. Tríóið mun flytja ný íslensk verk eftir Elínu Gunnlaugsdóttur og Hróðmar Inga Sigurbjörnsson. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

**Hvað?** Klassík í Vatnsmýrinni – Ástir og draumar kvenna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Síðustu tónleikar tónleikaraðarinnar Klassík í Vatnsmýrinni á þessu starfsári. Sópransöngkonan Auður Gunnarsdóttir og píanóleikarinn Helga Bryndís Magnúsdóttir munu flytja sönglög eftir Hjálmar Helga Ragnarsson, Robert Schumann, Ermano Wolf-Ferrari og Joaquin Turina. Aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 krónur en 1.000 krónur fyrir eldri borgara, öryrkja og félagsmenn FÍT.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Vorljóð á ýli
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Safnahúsið
Útgáfu geisladisksins Vorljóð á ýli verður fagnað í kvöld. Á geisladiskinum má heyra lög Ingibjargar Azima við ljóð Jakobínu Sigurðardóttur. Miðaverð á tónleikana er 2.000 krónur.

**Hvað?** Múlinn Jazzklúbbur: Tríó Sunnu Gunnlaugs
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft, Hörpu
Tríó Sunnu Gunnlaugs hitar upp fyrir stuttan Evróputúr og leikur lög af nýútkomnum diski, Cielito lindo. Miðaverð er 2.000 krónur.

## Námskeið

**Hvað?** Konfektnámskeið Hagkaups
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hagkaup, Holtagörðum
Á námskeiðinu verður farið í grunnþætti konfektgerðar og fá þátttakendur að búa til sína eigin mola og taka með heim. Hráefni er innifalið í námskeiðsgjaldi. Miðaverð er 4.990 krónur.

## Dans

**Hvað?** This conversation is missing a point
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Ný danssýning eftir This Conversation is Missing a Point. Í sýningunni er brugðið á leik með mannleg samskipti og misskilning.



Sjón er meðal þeirra rithöfunda sem verða á Café Rosenberg á Bókakonfekti Forlagsins í kvöld.




BÍÓ ★ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stúlkurnar á Kleppi | 18:00 | Rams/Hrútar ENG SUB | 22:00 |
| Sparrows / Þrestir ENG SUB | 18:00 | Love 3d | 22:15 |
| Glænýja testamentið IS SUB | 20:00 | Pawn sacrifice IS SUB | 22:15 |
| Virgin mountain ENG SUB | 20:00 | | |



# ÓDÝRAR FRYSTIKISTUR



**FRÁBÆRT VERÐ!**

**Dantax FR102L**
- 102 lítra frystikista
- 1 karfa
- 2 hjól og 2 fætur
- Orkuflokkur A+
- Orkunotkun 168 kWh/ári
- Hljóð: 41dB
- 8 kg frystigeta á dag
- 20 klst geymslutími eftir straumrof
- Mál (hxbxd): 85x56,5x52,3 sm

Dantax

**TILBOÐ**
**26.995**
FULLT VERÐ 34.995



**Dantax FR249**
- 249 lítra frystikista
- 1 karfa
- 2 hjól og 2 fætur
- Orkuflokkur A+
- Orkunotkun 246 kWh/ári
- Hljóð: 41dB
- 10 kg frystigeta á dag
- 20 klst geymslutími eftir straumrof
- Mál (hxbxd): 85x98,5x60 sm

Dantax

**TILBOÐ**
**44.995**
FULLT VERÐ 54.995

# WHIRLPOOL FRYSTIKISTUR

Whirlpool



| Týpa | Lítrar nettó | Hæð í sm | Breidd í sm | Dýpt í sm | Körfur | Ljós | Frystig. 24 klst. | Orku-flokk. | FULLT VERÐ | TILBOÐS VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| WHS1021 | 100 | 86 | 53 | 57 | - | - | 9 kg | A+ | 54.995 | 39.995 |
| WHS1421 | 133 | 89 | 65 | 72 | 1 | - | 13 kg | A+ | 59.995 | 44.995 |
| WHS2122 | 204 | 81 | 80 | 64 | 1 | - | 15 kg | A+ | 64.995 | 49.995 |
| WHM2511 | 251 | 92 | 101 | 70 | 1 | Já | 18 kg | A+ | 74.995 | 59.995 |
| WHM3111 | 311 | 92 | 118 | 70 | 2 | Já | 20 kg | A+ | 79.995 | 64.995 |
| WHM3911 | 390 | 92 | 140 | 70 | 3 | Já | 17 kg | A+ | 89.995 | 69.995* |
| WHM4611 | 437 | 92 | 141 | 70 | 4 | Já | 21 kg | A+ | 94.995 | 79.995* |

**Næstu sendingar væntanlegar 20. og 27. nóv.*

**VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 12 MÁNAÐA**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur




2 | 21:20
**BLINDSPOT**
Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending á glæp sem þarf að leysa.

FRÁBÆR
MIÐVIKUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 19:50
**COVERT AFFAIR**
Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



2 | 20:35
**GREY'S ANATOMY**
Frábær þáttaröð um ungu og efnilegu læknana á Grey Sloan spítalanum en einkalíf þeirra er ekki alltaf í samræmi við hæfileika þeirra í starfi.



2 | 22:05
**BONES**
Stórskemmtilegir þættir þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðings.



b | 22:00
**THE HUNGER GAMES**
Spennandi framtíðarmynd með Jennifer Lawrence, Liam Hemsworth, Stanley Tucci og Elizabeth Banks í aðalhlutverkum.



3 | 20:15
**MAYDAY: DISASTERS**
Vandaðir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í vélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



Krakka stöðin | 18:00
**DÓRA LANDKÖNNUÐUR**
Dóra landkönnuður, Klossi og félagar fara í ævintýralegan leiðangur og leysa skemmtilegar þrautir og verkefni á leiðinni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.40 Big Time Rush**
**08.05 The Middle**
**08.30 The Crazy Ones**
**08.50 Friends with Better Lives**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Spurningabomban**
**11.10 Ljósvakavíkingar - Stöð 2**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Nashville**
**13.45 Nashville**
**14.30 White Collar**
**15.20 Bara grín** Sprenghlægilegur og stórskemmtilegur gamanþáttur þar sem Björn Bragi Arnarsson rifjar upp bestu gamanþættina úr sögu Stöðvar 2 með myndbrotum og viðtölum við þau sem komu að gerð þáttana. Þær þáttaraðir sem teknar verða til umfjöllunnar eru Fóstbræður, Stelpurnar, 70 mínútur og Steindinn okkar auk vakta-þáttaraðanna svokölluðu.
**15.45 Big Time Rush**
**16.10 Sullivan & Son**
**16.30 Up All Night**
**16.55 Raising Hope**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**17.40 Nágrannar**
**18.05 Simpson-fjölskyldan**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.55 Ísland í dag**
**19.20 Víkingalottó**
**19.25 Mindy Project**
**19.50 Covert Affairs**
**20.35 Grey's Anatomy**
**21.20 Blindspot** Hörkuspennandi þættir um unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri.
**22.05 Bones 10**
**22.50 Real Time with Bill Maher**
**23.50 NCIS**
**00.35 The Player**
**01.20 The Blacklist**
**02.05 Stalker**
**02.50 Batman Returns**
**04.50 The Middle**
**Fréttir og Ísland í dag endursýnt frá því fyrr í kvöld.**

## SPORT

**10:50 Roma - Bayer Leverkusen**
**12:35 Sevilla - Real Madrid**
**14:15 Hellas Verona - Bologna**
**15:55 Ítölsku mörkin 2015/2016**
**16:25 Haukar - Stjarnan**
**18:25 Höttur - KR**
**19:55 Körfuboltakvöld**
**21:20 Formúla E - Beijing**
**22:35 Haukar - Stjarnan**
**00:05 Man. Utd. - CSKA Moskva**

## SPORT 2

**11.30 Man. Utd. - WBA**
**13.10 Aston Villa - Man. City**
**14.50 Premier League Review**
**15.45 Norwich - Swansea**
**17.25 Premier League World**
**17.55 Liverpool - Crystal Palace**
**19.35 Messan**
**20.50 Football League Show**
**21.20 West Ham - Everton**
**23.00 Stoke - Chelsea**

## GOLFSTÖÐIN

**09.00 World Golf Championship**
**11.20 Golfing World**
**12.10 HSBC Champions**
**17.10 PGA Tour 2015 - Highlights**
**18.05 Golfing World**
**18.55 Inside the PGA Tour**
**19.20 HSBC Champions**
**22.20 Champions Tour Highlights**
**23.15 Golfing World**

## STÖÐ 3

**18.40 Top 20 Funniest**
**19.25 Ground Floor**
**19.50 Schitt's Creek**
**20.15 Mayday. Disasters**
**21.05 Last Ship**
**21.45 The Last Man on Earth**
**22.10 Flash**
**22.55 Gotham**
**23.40 Arrow**
**00.20 Supernatural**
**01.05 Ground Floor**
**01.30 Schitt's Creek**
**01.50 Mayday. Disasters**
**02.35 Last Ship**
**03.20 The Last Man on Earth**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Áfram Diego, áfram!**
**07.24 Svampur Sveins**
**07.49 UKI**
**07.54 Rasmus Klumpur og félagar**
**08.00 Ævintýri Tinna**
**08.23 Brunabílarnir**
**08.47 Latibær**
**09.00 Ljóti andarunginn og ég**
**09.25 Lukku-Láki**
**09.47 Ævintýraferðin**
**10.00 Dóra könnuður**
**10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.55 Leyndarmál vísindanna**
**11.00 Áfram Diego, áfram!**
**11.24 Svampur Sveins**
**11.49 UKI**
**11.54 Rasmus Klumpur og félagar**
**12.00 Ævintýri Tinna**
**12.23 Brunabílarnir**
**12.47 Latibær**
**13.00 Ljóti andarunginn og ég**
**13.22 Lukku-Láki**
**13.44 Ævintýraferðin**
**14.00 Dóra könnuður**
**14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**14.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**14.55 Leyndarmál vísindanna**
**15.00 Áfram Diego, áfram!**
**15.24 Svampur Sveins**
**15.49 UKI**
**15.54 Rasmus Klumpur og félagar**
**16.00 Ævintýri Tinna**
**16.23 Brunabílarnir**
**16.47 Latibær**
**17.00 Ljóti andarunginn og ég**
**17.22 Lukku-Láki**
**17.44 Ævintýraferðin**
**18.00 Dóra könnuðu**
**18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**18.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**18.55 Leyndarmál vísindanna**
**19.00 Ferðin til tunglsins**

## GULLSTÖÐIN

**18.20 Two and a Half Men**
**18.45 Friends**
**19.05 Modern Family**
**19.30 New Girl**
**19.55 Frikki Dór og félagar**
**20.15 Tekinn 2**
**20.45 Chuck**
**21.30 Klovn**
**22.00 Cold Case**
**22.45 Cold Feet**
**23.35 The Sopranos**
**00.30 Broadchurch**
**01.25 Frikki Dór og félagar**
**01.45 Tekinn 2**
**02.15 Chuck**
**03.00 Klovn**
**03.25 Cold Case**
**04.10 Cold Feet**
**05.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.25 Sense and Sensibility**
**12.40 Think Like a Man**
**14.45 Straight A's**
**16.15 Sense and Sensibility**
**18.30 Think Like a Man**
**20.30 Straight A's**
**22.00 The Hunger Games** Spennandi framtíðarmynd sem byggð er á metsölubókum og fjallar um keppni sem er haldin árlega þar sem nokkrir einstaklingar eru valdir til að keppa í Hungurleikunum sem sjónvarpað er um allt land.
**00.25 Bronson**
**01.55 Killer Joe**
**03.40 The Hunger Games**

## RÚV

**17.15 Landinn**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Finnbogi og Felix**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.25 Herkúles**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Hæpið** Ferskur og hispurslaus þáttur fyrir ungt fólk sem vann til Edduverðlauna fyrr á árinu. Katrín og Unnsteinn halda áfram að kryfja ýmis óvenjuleg en aðkallandi málefni út frá skemmtilegu sjónarhorni og leita svara við spurningum sem brenna á ungu fólki í dag. Umsjón: Katrín Ásmundsdóttir og Unnsteinn Manuel Stefánsson.
**20.40 Kiljan**
**21.25 Höfuðstöðvarnar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir (42)**
**22.20 Flóttinn** Norsk heimildarmynd um eina hættulegustu flóttaleið veraldar. Fylgst er með hópi Sýrlendinga sem ferðast þvert yfir haf, tvær heimsálfur og fimm lönd í von um nýtt líf.
**23.20 Flóttafólkið**
**00.15 Kastljós**
**00.45 Fréttir**
**01.00 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 Design Star**
**09.50 Million Dollar Listing**
**10.35 Pepsi MAX tónlist**
**13.30 Cheers**
**13.55 Dr. Phil**
**14.35 Black-ish**
**15.00 Jane the Virgin**
**15.45 America's Next Top Model**
**16.25 Solsidan**
**16.45 Life In Pieces**
**17.05 Grandfathered**
**17.30 The Grinder**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 The Late Late Show**
**19.50 Odd Mom Out**
**20.15 Survivor**
**21.00 Code Black**
**21.45 Quantico**
**22.30 The Tonight Show**
**23.10 The Late Late Show**
**23.50 Agent Carter**
**00.35 Scandal**
**01.20 How to Get Away with Murder**
**02.05 Code Black**
**02.50 Quantico**
**03.35 The Tonight Show**
**04.15 The Late Late Show**
**04.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma**

HARPA

# Svanavatnið

*St. Petersburg Festival Ballet*
*ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



*Eldborg*

**14. nóvember** kl. 15:00 & 19:30
**15. nóvember** kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

**www.harpa.is/svanavatnid**

ICELANDAIR Arion banki CENTER HOTELS

Brandenburg



Jared Leto lét sig ekki vanta og hér er hann með Victoriu Beckham sem var ein þeirra sem fengu verðlaun fyrr um kvöldið.



Leikkonurnar Viola Davis og Reese Witherspoon skelltu í eina sjálfu saman í eftirpartíi eftir hátíðina en Witherspoon hlaut verðlaun á hátíðinni.

# Caitlyn kona ársins




Caitlyn Jenner var heiðruð sem kona ársins og hér er hún með yngstu dóttur sinni, Kylie Jenner. NORDICPHOTOS/GETTY

**Verðlaunin Glamour Women of the Year voru veitt í tuttugasta og fimmta sinn í New York síðastliðið mánudagskvöld við mikinn fögnuð.**

Síðastliðið mánudagskvöld voru hin árlegu Glamour Women of the Year-verðlaun veitt þar sem þær konur sem þykja hafa skarað fram úr í heimi íþrótta, kvikmynda, tísku og fleira eru verðlaunaðar.

Verðlaunin voru nú veitt í tuttugasta og fimmta sinn og fór afhending þeirra fram í Carnegie Hall í New York.



Brooklyn, elsti sonur Victoriu og Davids Beckham, afhenti móður sinni verðlaun en mæðginin mættu saman á hátíðina.






# Dheepan Mannleg flóttamannasaga

**BÍÓ**

**Dheepan**

★★★☆☆

Dheepan eftir franska leikstjórann Jaques Audiard vann gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor en hún segir frá þremur flóttamönnum frá Srí Lanka; manni, konu og ungri stúlku, sem þekkjast ekkert en þykjast vera fjölskylda til að geta flúið ástandið í heimalandinu og setjast að í Frakklandi. Þau fá íbúð í innflytjendagettói en vandamálin halda áfram að elta þau.

Þótt Dheepan virðist í fyrstu vera einhvers konar vandamálamynd er hún í raun fyrst og fremst bæði saga um útlendinga sem eru að reyna að aðlagast nýju landi og saga um þrjár manneskjur sem þekkjast ekkert og eru að læra á hver aðra. Pólitíkin er í bakgrunninum og áherslan á hið mannlega.

Hér er tekist á við kunnuglegt stef og sagan í grunninn svo sem ekki að segja neitt nýtt. En það sem gerir þessa mynd sérstaka er sjónarhornið þar sem lítið hefur verið fjallað um fólk frá Srí Lanka í vestrænni kvikmyndagerð, fæstir Vesturlandabúar vita mikið um landið nema að þeir hafa e.t.v. heyrt minnst á tamíltígrana.

Titilpersónan Dheepan var einmitt einn af tamíltígrunum en núna er hann að reyna að fjarlægjast þessa myrku fortíð sína, hann er ánægður í Frakklandi þrátt fyrir að eiga erfitt með að skilja samfélagið. En þótt myndin sé nefnd eftir honum er aðalkvenpersónan, Yalini, alveg jafn mikilvæg og myndin jafn mikið að segja hennar sögu og hans. Þykjustudóttir þeirra fær minna vægi en þó er gefin ágæt tilfinning fyrir því sem hún þarf að ganga í gegnum. Það hefði samt vel mátt gefa henni meira vægi þar sem hún er engu minna áhugaverð persóna en hin.

Leikstjórinn Audiard hefur sýnt áður að hann kann að gera myndir sem fjalla um dramatísk málefni en ná engu að síður að skemmta áhorfandanum. Hann nær réttu tóninum í Dheepan sem þrátt fyrir grafalvarlegan efnivið verður sjaldan of þung og þótt myndin sé ekki beinlínis hröð er stígandin stöðug og lítið verið að dvelja við hlutina eða eyða tíma í óþarfa. Dheepan er mynd sem heldur áhorfandanum en fær hann um leið til að hugsa.

En Audiard missir þó aðeins tökin í seinni hlutanum þar sem myndin umhverfist í hálfgerða spennumynd. Það er eins og hann hafi ekki alveg treyst því að mynd um gervifjölskyldu að fást við líf sem innflytjendur í Frakklandi væri nóg til að heilla áhorfendur og fundist hann þurfa að setja smá hasar í myndina svo hún væri söluvænni. Seint í myndinni fer af stað gengjastríð í innflytjendahverfinu og Dheepan og Yalini flækjast inn í málin. Við það fær myndin á sig hálfgerðan Hollywoodblæ sem passar ekki nógu vel við restina og dregur heildarmyndina niður.

Það hefði í raun verið feikinóg að fylgjast með vandamálum fjölskyldunnar í tvo klukkutíma og láta ofbeldið og pólitíkina vera í bakgrunninum og undirliggjandi frekar en að flækjast um á yfirborðinu og fyrir vikið verður myndin ekki eins sterk og hún hefði geta orðið. En þrátt fyrir það er hægt að mæla með henni fyrir fyrstu 90 mínúturnar eða svo. **Atli Sigurjónsson**



Jesuthasan Antonythasan, Jacques Audiard og Kalieaswari Srinivasan með gullpálmann í Cannes. NORDICPHOTOS/GETTY

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifarík mynd sem fær mann til að hugsa og skemmtir manni í senn en missir flugið í lokakaflanum.




# Trend
## Vertu umvafin ull





Breska söngkonan Ellie Goulding tók lagið.
















# Kött Grá Pje með klærnar úti

Safnaði stæðilegum nöglum í heilan mánuð fyrir Airwaves-tónlistarhátíðina um síðustu helgi. Nú stendur hann frammi fyrir erfiðu vali, en hann tímir ekki að klippa herlegheitin af fagurfræðilegum ástæðum á sama tíma og hann þolir ekki að hafa þær.



Sjálfur reyni ég að hugsa ekki um þetta, það er ekki þægilegt að hafa þessar neglur en þær eru orðnar svo langar og fallegar," segir rapparinn Kött Grá Pje, sem hefur aldeilis verið að gera garðinn frægan með tónlistinni sinni en hann steig meðal annarra á svið á Airwaves-hátíðinni um liðna helgi. Segist hann koma nokkuð vel undan hátíðinni. „Ég er pínu þreyttur, raddlaus og hamingjusamur og er ekki frá því að draumagiggið mitt hafi farið fram á Húrra, aðfaranótt sunnudagsins. Ég er hálfklökkur yfir viðbrögðunum sem ég fékk þar," segir hann.

Þar vakti hann ekki aðeins athygli fyrir tónlistarflutning, en rapparinn skartaði stæðilegum nöglum sem margir hafa eflaust horft öfundaraugum á. Segist hann hafa safnað umræddum nöglum í heilan mánuð fyrir hátíðina og hefur hugsað einkar vel um þær. „Ég valdi mér nýjan túrkisbláan lit fyrir þessa helgi, en hef mikið verið að vinna með fjólubláan. Þennan bláa sá ég og kolféll fyrir honum," segir rapparinn. Spurður hvort það sé tímafrekt að halda nöglunum snyrtilegum, með tilliti til þess að Airwaves-tónlistarhátíðin verður seint lögð að jöfnu við afslöppun, sér í lagi fyrir tónlistarmennina sem fram koma, segist hann hafa notið þeirrar blessunar að engin hafi brotnað og bætir við: „Ég lakkaði þær þrisvar sinnum þessa helgi, svona til að halda þeim alveg góðum."

**ÉG LAKKAÐI ÞÆR ÞRISVAR SINNUM ÞESSA HELGI, SVONA TIL AÐ HALDA ÞEIM ALVEG GÓÐUM.**

Kött Grá Pje segist alltaf hafa haft smekk fyrir fallegum nöglum, og lekkerum litum, en segist þó ekki endilega skarta lökkuðum alla daga. „Nei, það er nú allur gangur á því hjá mér. En ég lakka þær oftast ef ég er að fara að gera eitthvað fínt, svona upp á punt," svarar hann til. „Ég hef heldur ekki alltaf lakkað á mér neglurnar, það er nú svona frekar nýtilkomið. Ég held þetta tengist því að ég sé að þroskast."

Í samfélagi þar sem fyrirframgefnar hugmyndir um hvað geti talist karlmannlegt hefur heldur hallað á naglalökkun karla, en Kött Grá Pje segist ekki hafa orðið fyrir neinu sérstöku flóði athugasemda. „Þvert á móti reyndar og merkilegt nokk, þá hef ég bara fengið jákvæð viðbrögð."

Erfitt er að láta sér rapparann úr greipum renna án þess að spyrja hvert leyndarmálið sé á bak við jafn sterkbyggðar neglur og stendur ekki á svörum: „Ég held að þetta sé mikið osti að þakka. Ég borða mikinn cheddar-ost og hef svona sterkar neglur, það gæti alveg verið ástæðan."

gudrun@frettabladid.is

## NÝTT EFNI?

„Ég get lítið sagt að svo stöddu, en ég get sagt að það er allt komið á blússandi fullt. Allt að gerast, og mikið af skemmtilegu fólki í tengslum við það. Ég get kannski laumað því að, að ég og Sindri í Singfang tökum saman rafrettu um daginn," segir hann og hlær. „Ég lofa að það kemur eitthvað frá mér allavega fyrir jól."



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# CHRIS CORNELL

HIGHER TRUTH TOUR

ÓRAFMAGNAÐUR - BESTU LÖGIN FRÁ FERLINUM OG AF NÝJU PLÖTUNNI, HIGHER TRUTH

23. MARS 2016

ELDBORG HARPA

MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10!

CHRISCORNELL.COM

/CHRISCORNELL

MIÐASALA FER FRAM Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050

NÁNAR Á SENA.IS/CORNELL

sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Maríu Elísabetar Bragadóttur




# Útþrá

Ég hef alltaf verið meðvituð um sjúkdóma. Greindi vinkonu mína tólf ára gamla með heilaæxli sem reyndist vera stíflaður fitukirtill. Í dag er þessi æskuvinkona glæsileg táknmynd heilbrigðis sem þó tekur sveig fram hjá mér þegar við mætumst í Bankastrætinu. Enda er það vanþakklátt verk að sjúkdómsgreina fólk. Greindi sjálfa mig með gláku tæplega níu ára. Áfall að missa sjónina á besta aldri. Fékk gleraugu skömmu síðar.

Útþráin er svo hliðarsjúkdómur sem ég hef verið þungt haldin af síðan ég var unglingur. Útþrá er óaðlaðandi orð og hljómar eins og sérstök tegund af svæðisbundnum líkþornum. Því fer samt fjarri. Var ekki sjálfrátt vegna útþrár þegar ég vann sumarlangt á upplýsingaborði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Gat varla vísað japönskum túrista á Tax free án þess að hvísla holum rómi: „Taktu mig með þér." Sömuleiðis þegar ég vann í fiski. Sneiddi myglubletti af karfaflökum viti mínu fjær af þessu meini. Vildi helst skipta um hlutverk við klakablauta fiska og renna sjálf eftir ælugulu færibandi ef það yrði til þess ég myndi enda í skipi á leið til Rússlands.

Auðveld lækning við útþrá er að tylla sér í næstu flugvél. Sú leið getur þó verið dýrkeypt fyrir meðaljóninn. Og dýrkeypt fyrir lífríki jarðar en það er önnur saga sem endar með dauða og skelfingu í dystópískri framtíð. Á léttari nótum tel ég gæfulegt að útþráin láti á sér kræla öðru hvoru. Hvort sem þú ert unglingur að plokka hringorma úr þorskflaki með hugann við hnefastór hitabeltisfiðrildi eða bankastarfsmaður sem þráir að kreppa tærnar í heitum eyðimerkursandi. Að kanna nýjar lendur er mikilvægt, að láta sig dreyma er nauðsynlegt. Þú tapar heldur ekki vinum þótt þú sjúkdómsgreinir þá með útþrá. Hún mun ekki draga þá til dauða en gerir þá hugsanlega vitstola.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Jólabæklingurinn




fylgir með Fréttablaðinu í dag
TIGER

AÐVENTAN VERÐUR ÆÐI
JÓLABORGIR Á WOW VERÐI!




KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.